allt

ÓMAR ÞÓR ANDRÉSSON

*Þjónar á Holtinu*

atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS





KÁRI OG VALGERÐUR

*Gæta systkina sinna í kosningabaráttunni*

Óhrædd við að axla ábyrgð

FÓLK 38









FERÐABLAÐ ICELAND EXPRESS fylgir Fréttablaðinu í dag.

Iceland Express



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. janúar 2006 — 28. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Heldur afmæli í leyni

Stefán Ólafsson prófessor er 55 ára í dag. Hann telur að öll afmæli næstu tuttugu árin muni falla í skuggann af því fimmtugasta.



TÍMAMÓT 16

### Með álverið í garðinum

Íbúar á Völlunum í Hafnarfirði hafa miklar efasemdir um stækkun álversins í Straumsvík og krefjast atkvæðagreiðslu um málið.



HELGIN 18

### Há sjálfsvígstíðni á Kúbu

„...ástæða hárrar sjálfsmorðstíðni á Kúbu er ekki eingöngu kommúnistastjórn Fidels Castro, heldur einnig hin miklu áföll sem íbúar eyjarinnar hafa orðið fyrir í sögunni og tilhneiging Kúbverja til að vera sjúklega tilfinningasamir í stjórnmálum og í hversdagslífi sínu," segir kúbanski rithöfundurinn Rafael Rojas.

UMRÆÐA 8

### Ég er einn sá besti í heimi

Snorri Steinn Guðjónsson hefur farið á kostum með íslenska landsliðinu á EM í Sviss. Í viðtali við Fréttablaðið talar hann um mótið og handboltann.



ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG





**ROK OG RIGNING** Í dag verður allhvöss eða hvöss suðaustanátt með talsvert mikilli rigningu sunnanlands og vestan. Yfirleitt þurrt á Norðaustur-landi. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4


MEÐAL LESTUR KVENNA 12-49 ÁRA

Konur undir fimmtugu velja Fréttablaðið!





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.


# Þrettán handteknir í innrásum lögreglu

**Þrettán karlmenn voru handteknir í aðgerðum fíkniefnadeildar lögreglunnar í fyrrinótt. Einn komst undan á flótta. Farið var inn á nokkra veitingastaði. Einn handtekinna er kráareigandi í austurborginni.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrettán voru handteknir í eftirlitsaðgerðum fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík við og á skemmtistöðum í miðborg Reykjavíkur í fyrrinótt.

Allir reyndust hafa í fórum sínum eitthvert magn af hassi, amfetamíni, kókaíni, maríjúana og ofskynjunarsveppum. Mennirnir voru færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu, en sleppt að því búnu, þar sem málin töldust upplýst.

Alls komu upp fjórtán fíkniefnamál við þetta hefðbundna eftirlit fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík í fyrrinótt. Í einu tilviki tókst viðkomandi að kasta frá sér amfetamíni áður en lögreglan hafði hendur í hári hans.

Í hinum málunum voru þrettán karlmenn handteknir og færðir til yfirheyrslu á lögreglustöð. Sá yngsti er rúmlega tvítugur og sá elsti er á fimmtugsaldri.

Mennirnir voru flestir handteknir í og við skemmtistaði í miðborginni. Einnig var fólk handtekið á krá í austurborginni, þar á meðal veitingamaðurinn sem reyndist vera með fíkniefni á sér. Aðgerð lögreglu stóð einungis í um það bil tvær klukkustundir.

Fíkniefnin sem lögreglan lagði hald á í aðgerðunum voru í flestum tilvikum í neyslupakkningum, en í nokkrum tilfellum var um að ræða það mikið magn að trúlegt er talið að það hafi verið ætlað til sölu. Af efnunum sem lögreglan gerði upptæk í aðgerðunum í þetta sinn reyndist mest vera af hassi, en einnig mikið af kókaíni og amfetamíni. Lögregla hafði ekki vigtað efnin í gær, þannig að ekki var hægt að segja nákvæmlega til um hve mikið magnið var tekið af þeim handteknu.

Í aðgerðum lögreglu kom til lítils háttar stympinga, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en þó ekki alvarlegra.

Ásgeir Karlsson, yfirlögregluþjónn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, sagði að aðgerðirnar hefðu verið liður í hefðbundnu eftirliti með skemmtistöðum og neyslu fíkniefna í borginni.

- jss



**BJÖRN INGI HRAFNSSON FAGNAR GÓÐUM FRÉTTUM MEÐ KONU SINNI HÓLMFRÍÐI EYJÓLFSDÓTTUR** Björn Ingi var að vonum kátur með að heyra að hann hefði fengið flest atkvæði í fyrsta sætið þegar fyrstu tölur bárust í Laugardalshöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Prófkjör Framsóknarflokks í Reykjavík fór fram í gær:

# Björn Ingi leiðir listann

**PRÓFKJÖR** Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra og varaþingmaður, varð hlutskarpastur í prófkjöri Framsóknarflokks fyrir borgarstjórnarkosningar í vor. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu 2940 atkvæði af 3908 verið talin, 75, 2 prósent. Þá hafði Björn Ingi hlotið 1465 atkvæði í fyrsta sætið, eða tæp 50 prósent greiddra atkvæða.

Björn Ingi segist mjög þakklátur fyrir þann stuðning sem hann hlaut í prófkjörinu og telur að í niðurstöðunum felist skýr skilaboð um að framsóknarmenn í borginni vilji sjá nýja kynslóð í leiðtogasætum. „Fólk vill sjá nýtt fólk til áhrifa og forystu og ég hlýði því kalli," segir Björn Ingi. Hann telur að flokkurinn eigi mikið ósótt fylgi í Reykjavík, þrátt fyrir að skoðanakannanir að undanförnu hafi ekki sýnt það.

Í öðru sæti var Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi og hafði hún hlotið 989 atkvæði í fyrsta og annað sætið, eða tæp 34 prósent greiddra atkvæða.

Óskar Bergsson, sem einnig óskaði eftir því að leiða lista framsóknarmanna, var í þriðja sæti með 1100 atkvæði í fyrstu þrjú sætin.

Nafn Óskars var ekki á lista þegar tölur voru lesnar upp í fyrstu þrjú skiptin. Hann sagði að það hefði verið erfitt að byrja kvöldið án þess að vera á blaði.

ss/ -sjá síðu 6



**HALONEN OG NIINISTÖ** Forskot forsetans á áskorandann minnkaði mjög á endasprettinum. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Finnlandi:

# Halonen á sigur ekki vísan

**HELSINKI, AP** Af síðustu skoðanakönnunum að dæma hafði dregið mjög saman með frambjóðendunum tveimur í síðari umferð forsetakosninganna í Finnlandi, þeim Törju Halonen forseta og áskorandanum, íhaldsmanninum Sauli Niinistö, en kosið er í dag. Halonen þykir því ekki eiga sigurinn vísan eins og áður leit út fyrir.

Í könnun sem niðurstöður voru birtar úr í dagblaðinu Helsingin Sanomat á föstudag mældist fylgið við Halonen 51 prósent en 49 prósent við Niinistö. Skekkjumörk í könnuninni voru þrjú prósentustig svo að ljóst þykir að mjótt verði á mununum. ■

Kosið um sameiningu:

# Meirihluti samþykkur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Mikill meirihluti bæjarbúa á Siglufirði og Ólafsfirði kusu á þá leið að bæirnir yrðu sameinaðir í sameiningarkosningunum sem fram fóru á laugardag.

Á Ólafsfirði fékk sameiningin 77 prósent atkvæða á meðan Siglfirðingar greiddu sameiningunni alls 86 prósent atkvæða.

Að sögn Stefaníu Traustadóttur, bæjarstjóra á Ólafsfirði, er þetta afar jákvætt fyrir bæina. „Þetta verður fyrst og fremst sterkara og öflugra samfélag. Menn höfðu greinilega mjög mikinn áhuga á þessu því hér var mjög góð kjörsókn," sagði hún.

-bog

Útvarpshrekkjalómar:

# Chirac féll fyrir símahrekk

**KANADA** Jacques Chirac Frakklandsforseti hélt að hann væri að tala við nýkjörinn forsætisráðherra Kanada þegar í ljós kom að hann hafði látið útvarpshrekkjalóma plata sig.



**JACQUES CHIRAC** Hélt sig vera að tala við verðandi forsætisráðherra Kanada.

Hrekkjalómarnir sjá um vinsælan þátt á kanadísku útvarpsstöðinni CKOI. Eftir kosningasigur kanadíska Íhaldsflokksins hringdu þeir undir því yfirskini að þar væri leiðtogi flokksins og verðandi forsætisráðherra, Stephen Harper, að heilsa upp á forsetann.

Chirac tók hrekknum vel þegar upp komst, hló og sagði: „Ég skil. Hvað um það, ég vil í öllu falli að þið vitið að vinátta mín í garð Kanada og hinnar nýju ríkisstjórnar er fölskvalaus." Fréttavefur BBC greindi frá.

- aa



## SPURNING DAGSINS

*Jón Gunnlaugur, ertu fyrirmyndardrengur?*

„Já, ég myndi segja það.“

Jón Gunnlaugur Viggósson tók í gær við titlinum Herra Ísland af Ólafi Geiri Jónssyni, sem sviptur var titlinum þar sem hann þótti ekki nógu góð fyrirmynd.

Forval Vinstri grænna á Akureyri:

# Baldvin Sigurðsson leiðir listann

**STJÓRNMÁL** Baldvin H. Sigurðsson náði fyrsta sæti í forvali Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs á Akureyri með 139 atkvæðum eða 60 prósentum atkvæða í fyrsta sætið í kosningunum í gær. Úr því að um fléttulista er að ræða er ljóst að endanlegi listinn mun ekki líta svona út og ljóst að konurnar á listanum eru of margar. Einhver þeirra mun því þurfa að víkja. Að sögn Halls Gunnarssonar, formanns kjörstjórnar, mun endanlegi listinn verða ljós eftir helgi.

„Ég er óskaplega þakklátur þeim sem studdu mig og er tilbúinn að takast á við kosningarnar í vor,“ sagði Baldvin og bætir því við að hann muni reyna að fá einhver af helstu málum sínum í gegn í bæjastjórn Akureyrar.

„Akureyri er fallegur bær en því miður er þetta stærsta láglaunasvæði á landinu svo það eru ekki nógu margir sem geta notið þessara lífsins gæða sem hér eru í boði. Við þurfum að byggja upp öflugri atvinnuvegi hér og laða til okkar fyrirtæki,“ sagði Baldvin.

Í öðru sæti varð Valgerður H. Bjarnadóttir bæjarfulltrúi sem einnig sóttist eftir fyrsta sæti listans og hlaut hún 73 atkvæði í fyrsta sætið en 84 atkvæði í fyrsta og annað sætið. Dýrleif Skjóldal Ingimarsdóttir varð í þriðja sæti og hlaut 101 atkvæði í fyrstu þrjú sætin. Kristín Sigfúsdóttir lenti í fjórða sæti, Jón Erlendsson, sem var í öðru sæti lista VG fyrir síðustu kosningar, í því fimmta og Lilja Guðmundsdóttir í því sjötta. **-bg**

**ÚRSLIT Í FORVALI VINSTRI GRÆNNA Á AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Baldvin H. Sigurðsson | 139 atkvæði |
| 2. | Valgerður H. Bjarnadóttir | 73 atkvæði |
| 3. | Dýrleif S. Ingimarsdóttir | 101 atkvæði |
| 4. | Kristín Sigfúsdóttir | 130 atkvæði |
| 5. | Jón Erlendsson | 136 atkvæði |
| 6. | Lilja Guðmundsdóttir | 165 atkvæði |



**BALDVIN H. SIGURÐSSON** Ánægður með að hafa verið kjörinn til að leiða lista Vinstri grænna á Akureyri.

Launanefnd sveitarfélaganna:

## Lægstu launin hækka mest

**LAUNAMÁL** Launanefnd sveitarfélaganna hefur heimilað hækkun lægstu launa starfsmanna sveitarfélaga.

Lægstu launin munu hækka mest, en bæði er um að ræða launaflokkahækkun og eingreiðslur.

Reykjavíkurborg hefur þegar samið við sína starfsmenn og stendur því fyrir utan samþykkt launanefndar.

Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau nýta sér heimildina að sögn Gunnars Rafns Sigurbjörnssonar, formanns nefndarinnar. Hann býst þó við að flest sveitarfélög geri svo. **- ht**

### PÓLLAND

**Þak hrundi á fjölda fólks** Að minnsta kosti tólf manns fórust og tugir slösuðust er þak á kaupstefnuhöll í bænum Chorzow í Suðvestur-Póllandi gaf sig undan snjóþunga í gær. Hundruð manna voru í húsinu er þakið brast. Um 100 manns festust undir brakinu.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**



**LEIKSKÓLAR** Um tólf prósenta launahækkun leikskólakennara hefur verið heimiluð, bæði með launflokkahækkun og eingreiðslum. Formaður Félags leikskólakennara segir að eingöngu launaflokkahækkanir hefðu verið heppilegri, en er þó nokkuð sátt við niðurstöðuna.

# Vonast til að sátt náist á leikskólum

**Launanefnd sveitarfélaga hefur heimilað um tólf prósenta launahækkun til leikskólakennara. Bæði er um að ræða eingreiðslur og launaflokkahækkanir. Formaður Félags leikskólakennara vonar að sátt náist í leikskólunum.**

**LAUNAMÁL** Launanefnd sveitarfélaga hefur heimilað 24 til 32 þúsunda hækkun launa leikskólakennara og deildarstjóra leikskóla í fullu starfi. Hækkunin felst bæði í launaflokkahækkun og eingreiðslum, og gilda viðbæturnar frá áramótum þar til kjarasamningar leikskólakennara renna út í lok september.

„Tilgangur þessara launahækkana er að draga úr og jafna þann launamun sem myndaðist við kjarasamninga Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag borgarinnar og Eflingu,“ segir Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður launanefndar sveitarfélaganna.

Gunnar Rafn segir frá upphafi hafa legið fyrir að tvær leiðir væru færar til þess að ná þessu markmiði. Annars vegar bein launaflokkahækkun og hins vegar blanda af launahækkunum og eingreiðslum. Sú síðari hafi að lokum orðið fyrir valinu.

„Bein launaflokkahækkun hefði að mínu mati verið ákjósanlegri, en þessi niðurstaða er þó viðunandi,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara. „Ég vona svo sannarlega að þetta muni skapa sátt í leikskólunum þar til kjarasamningar losna í haust.“

Björg segist ekki kunnugt um hvort óánægðir leikskólakennarar dragi uppsagnir sínar til baka. „Það verður auðvitað hver og einn að svara þeirri spurningu fyrir sig, en ég vona svo sannarlega að þessar viðbætur komi til móts við óánægðan hóp leikskólakennara.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, kveðst ánægður með niðurstöðuna. „Ég held að allir megi vel við una,“ segir hann. „Ég vona að friður sé nú kominn á, þannig að við getum haldið starfi leikskólanna áfram á réttri braut.“

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, tekur í sama streng. „Það er mikið fagnaðarefni hversu góð samstaða náðist um að vinna fljótt og vel að þessu máli, „ segir hann.

Stefán Jón segir launahækkunina verulega og að hún eyði launamismun milli fólks sem starfar hlið við hlið á leikskólunum.

**helgat@frettabladid.is**

Múhameðsteikningadeilan:

## Kúveitar sniðganga danskt

**KÚVEIT, AP** Rekendur ríkisstyrktra matvöruverslana í Kúveit hafa ákveðið að fjarlægja allar danskar vörur úr hillunum og danski sendiherrann var kallaður í utanríkisráðuneytið til að taka við formlegum mótmælum við því að teikningar af Múhameð spámanni, sem múslimum þykja móðgandi, skyldu hafa verið birtar í dönsku dagblaði.



**DANSKAR VÖRUR FJARLÆGÐAR** Starfsmaður matvöruverslunar í Riyadh í Sádi-Arabíu fjarlægir danskar vörur úr hillunum.

Hundruðir Kúveita söfnuðust í gær fyrir utan ræðisskrifsofu Dana í Kúveitborg og bölvuðu Dönum fyrir goðgána.

Teikningarnar, sem birtust í Jótlandspóstinum þann 30. september, hafa valdið sívaxandi reiðibylgju í múslimaríkjum sem er farin að valda dönskum útflytjendum áhyggjum. ■

### RÚSSLAND

**Khodorkovsky í einangrun** Mikhail Khodorkovsky, fyrrverandi milljarðamæringur og stofnanda Yukos olíufyrirtækisins, er nú kominn í einangrun fyrir að vera staðinn að því að lesa lög um aðstæður og aðbúnað fanga í landinu. Er það gegn reglum og dvelur hann nú einn síns liðs fjarri öðrum föngum.

**Farinn í hundana** Maður einn í Kursk-héraði var ósáttur við að eiginkona hans væri því mótfallin að hann sneiddi niður og eldaði hund sem hann fann dauðan á götu úti. Fóru kvartanir hennar svo fyrir brjóstið á honum að hann stakk hana til bana með sama hnífi og hann notaði til að skera hundskjötið með. Málið er í rannsókn.






Myndir af gíslum birtar á Al-Jazzeera-sjónvarpsstöðinni:

# Hótað lífláti nema fangar losni

**ÍRAK, AP** Mannræningjar fjögurra kristinna hjálparstarfsmanna í Írak hóta að drepa þá nema allir íraskir fangar verði látnir lausir úr íröskum og bandarískum fangelsum. Þetta kom fram í myndbandi sem sent var út á arabísku sjónvarpsstöðinni Al-Jazzeera í gær.

Myndbandið var dagsett 21. janúar en á því sáust gíslarnir fjórir – tveir Kanadamenn, Bandaríkjamaður og Breti – sem störfuðu í Írak á vegum kristnu hjálparsamtakanna Christian Peacemaker sem gera út frá Chicago í Bandaríkjunum. Þeir hurfu þann 26. nóvember síðastliðinn og ekkert hafði af þeim spurst síðan fyrir jól.

Myndum af tveimur Þjóðverjum, sem var rænt í Norður-Írak á þriðjudag, var sjónvarpað á föstudag. Það voru fyrstu fregnirnar af afdrifum þeirra síðan þeim var rænt. Ekkert hljóð var með myndunum, sem voru tímasettar innan við tveim tímum eftir mannránið, en þulur Al-Jazeera-sjónvarpsstöðvarinnar sagði mennina biðja þýsku ríkisstjórnina um hjálp.



**GÍSLAR SÝNDIR** Úr myndbandinu sem sýnt var á Al-Jazzeera í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að minnsta kosti fimm útlendingum hefur verið rænt í Írak síðasta mánuðinn, þar á meðal bandaríski blaðakonu. Yfir 250 útlendingum hefur verið rænt í Írak frá því landið var hernumið vorið 2003. 39 þeirra dóu. **- aa**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Hvernig get ég nýtt mér hækkun á stýrivöxtum?

Talsverðar líkur eru á að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti sína á næstu mánuðum. Gera má ráð fyrir að í framhaldinu verði stýrivextir háir um alllangt skeið. Í þessu eru fólgin tækifæri. Skammtímavextir hafa hækkað umtalsvert á síðustu tveimur árum og er útlit fyrir enn frekari hækkun skammtímavaxta á næstu mánuðum.

Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður og því örugg fjárfesting. Hann er mjög spennandi kostur þessa dagana enda mun hækkun skammtímavaxta skila fjárfestum í Sjóði 9 góðri ávöxtun.



Eggert Þór Kristófersson
Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags ÍSB

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**SJÓÐUR 9 –** Nafnávöxtun síðustu 6 mánuði*

# 9,2%

**STÝRIVEXTIR –** Þróun síðustu 24 mánuði




*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið.** Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

ISB Sjóður 9 er peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í ríkisvíxlum, bankavíxlum, innlánum og öðrum peningamarkaðsskjölum.

ISB Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag ÍSB hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingum eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum Íslandsbanka eða á www.isb.is/sjodir

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,52 | 61,82 |
| Sterlingspund | 109,47 | 110,01 |
| Evra | 75,02 | 75,44 |
| Dönsk króna | 10,05 | 10,108 |
| Norsk króna | 9,274 | 9,328 |
| Sænsk króna | 8,103 | 8,151 |
| Japanskt jen | 0,5275 | 0,5305 |
| SDR | 89,37 | 89,91 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**104,8025**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír átján ára drengir teknir með kókaín innanklæða á leið heim frá Frankfurt:

# Með hálft kíló innanklæða

**FÍKNIEFNAMÁL** Þrír átján ára drengir voru teknir með tæplega hálft kíló af kókaíni innanklæða þegar þeir voru stöðvaðir af tollgæslunni við hefðbundið tolleftirlit á fimmtudag.

Drengirnir voru að koma frá Frankfurt og við leit fundust efnin en hver og einn bar nokkurn veginn svipað magn innanklæða. Í framhaldinu voru þeir úrskurðaðir í viku gæsluvarðhald í héraðsdómi Reykjaness á föstudaginn.

Hreinleiki efnisins liggur ekki fyrir en götuandvirði þess gæti verið á bilinu fimm til tuttugu milljónir. Það sem vekur sérstaka athygli í þessu máli er hinn ungi aldur brotamannanna. Að sögn Kára Gunnlaugssonar, aðaldeildarstjóra tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, er þetta í fyrsta sinn sem mörg ungmenni hafa verið tekin saman með jafn mikið magn fíkniefna og hér um ræðir. **-bg**



**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Þrír 18 ára piltar hafa verið úrskurðaðir í viku gæsluvarðhald. Þeir voru teknir á Keflavíkurflugvelli með hálft kíló af kókaíni. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Rannsóknarnefnd bílslysa:

## Beltin hefðu bjargað

**UMFERÐARMÁL** Rannsóknarnefnd bílslysa hefur gefið út sérstaka varnaðarskýrslu eftir rannsókn á alvarlegu umferðarslysi í haust sem leið. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að maður sem slasaðist illa í því slysi hefði að öllum líkindum sloppið hefði viðkomandi notað bílbelti.

Umrætt slys átti sér stað í þéttbýli og var ekki um mikinn hraða að ræða á ökutækjunum sem skullu saman. Engu að síður hlaut maður í öðrum bílnum alvarlega innvortis áverka í brjóstholi, mjaðmagrindarbrot auk sára og brota á andliti. Vill nefndin minna ökumenn á að nota beltið við allar aðstæður. ■

# Kraumandi ólga milli fylkinga

**Vonsviknir liðsmenn Fatah-hreyfingarinnar hertóku þinghúsið í Ramallah í gær til að veita óánægju sinni með kosningaósigurinn útrás. Kraumandi ólga er milli fylkinga Fatah- og Hamas-liða sem gerir ástandið síst friðvænlegra.**

**PALESTÍNA, AP, REUTERS** Vopnaðir fylgismenn Fatah-hreyfingar Palestínumanna og einkennisklæddir lögreglumenn réðust til inngöngu í þinghús palestínska löggjafarþingsins í Ramallah í gær, skutu upp í loftið og hrópuðu vígorð gegn Hamas og kröfust afsagnar forystumanna Fatah sem þeir kenna um hinn niðurlægjandi ósigur í kosningunum í vikunni.

Leiðtogar Hamas-samtakanna, sem enn hafa á stefnuskránni að útmá Ísraelsríki, brugðust hins vegar ókvæða við kröfum vestrænna ráðamanna um að þeir hafni ofbeldi gagnvart Ísrael eða tapi öllum fjárhagsstuðningi ella sem palestínska heimastjórnin getur ekki verið án. Sögðu Hamasmenn þessar kröfur ótínda fjárkúgun sem ekki væri svaravert. Líkur á að takast mætti að endurvekja friðarviðræður hafa því minnkað enn frekar.

Ólga milli ólíkra fylkinga Palestínumanna fer vaxandi er Hamas-liðar fást við að mynda stjórn í stað Fatah-stjórnarinnar sem farið hefur með öll völd í heimastjórn Palestínumanna allt frá því hún var sett á fót fyrir tólf árum. Einkum og sér í lagi þykir stefna í óefni er Hamas tekur við stjórn öryggissveita Palestínumanna, sem eru þéttskipaðar flokksholllum Fatah-liðum. Í öryggissveitunum eru um 58.000 manns og óttast þeir um vinnuna er Hamas tekur við stjórninni. Hamas halda sjálf úti eigin vopnaliði sem um 5.000 manns skipa.

Þúsundir vopnaðra Fatah-liða fóru í kröfugöngur um götur og torg á sjálfstjórnarsvæðunum í gær. Margir skutu upp í loftið úr hríðskotabyssum sínum. Þeir hertóku um stundarþriðjung þinghúsið í Ramallah á Vesturbakkanum en yfirgáfu það aftur friðsamlega eftir að hafa hrópað kröfur sínar ofan af þinghúsþakinu. Herskáir Fatah-liðar og lögreglumenn tóku líka þinghúsið á Gazasvæðinu.

Ein helsta krafan er sú að núverandi forystulið Fatah segi af sér. Önnur er sú að forsvarsmönnum Fatah láti sér ekki detta í hug að efna til neins samstarfs við Hamas og sú þriðja að Hamas fái ekkert vald yfir öryggissveitunum.

**audunn@frettabladid.is**



**HERTÓKU ÞINGHÚS** Herskáir fylgismenn Fatah-hreyfingarinnar sýna vopn sín er þeir hertóku þinghúsið í Gazaborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VERJENDUR ÓSÁTTIR** Verjendalið Saddams hefur lýst dómstólinn ófæran um sanngjarnt réttarhald. Hér sjást lögmennirnir Saleh Armouti, Tayseer al-Mudathar og Issam al-Ghazawi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhaldið yfir Saddam:

## Deilt um yfirdómaraskipti

**ÍRAK, AP** Réttarhaldið yfir Saddam Hussein á að hefjast aftur í dag með nýjum yfirdómara. Óvænt skipun hans í forsæti dómsins varð til þess að réttarhaldinu var frestað í vikunni og skapaði óvissu um framhald þess.

Nýjasta gagnrýnin kemur frá Mannréttindavaktinni, Human Rights Watch, sem hefur aðalbækistöðvar í New York. Samtökin leiddu að því líkum í yfirlýsingu í gær að pólitískur þrýstingur á að réttarhaldinu yrði hraðað stefndi sjálfstæði dómsins í voða.

Stjórnmálamenn höfðu kvartað yfir hægagangi í réttarhaldinu og að yfirdómarinn sem fór skyndilega frá 15. janúar sýndi of mikla þolinmæði gagnvart reiðilestrum Saddams í dómsal. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**14 teknir fyrir hraðakstur** Lögreglan á Stykkishólmi tók 14 manns fyrir of hraðan akstur á föstudag. Að sögn lögreglu eru ökumenn farnir að keyra hraðar aftur eftir að þíddi. Sá sem ók hraðast var á 143 kílómetra hraða.

**Keyrði ofan í skurð** Vélsleðamaður lenti niður í skurði sunnan við Ólafsfjörð í gær. Maðurinn var vel búinn og í tilheyrandi hlífðarfatnaði og meiddist því ekki en vélsleðinn skemmdist talsvert. Lögreglan í Ólafsfirði vill brýna fyrir vélsleðamönnum að vera rétt búnir.



**CHAVEZ OG FÉLAGAR** Hugo Chavez, forseti Venesúela, heilsar heimsþingsgestum í Caracas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsþing sósíalista:

## Vinstrisinna greinir á

**VENESÚELA, AP** Talsverður skoðanamunur er kominn upp á yfirborðið á fundi vinstrisinna frá Rómönsku Ameríku sem nú fer fram í höfuðborg Venesúela, Caracas, innan vébanda Heimsþings félagshyggjufólks, World Social Forum.

Þótt margir róttæklingar séu sammála Hugo Chavez, forseta Venesúela, um að Rómanska Ameríka þurfi á því að halda að snúa baki við kapítalismanum eru ýmsir aðrir á því að markaðsöflin megi virkja til að hjálpa milljónum manna upp úr örbirgð. Enn aðrir mælast til enn róttækari sósíalískra umskipta. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta** Bíll valt á Heiðarvegi seinnipart laugardags en báðir farþegar sluppu ómeiddir. Talið er að ökumaður hafi misst stjórn á bifreiðinni í lausamöl en bíllinn er mikið skemmdur.

**Ellefu ölvunarakstrar** Lögreglan í Reykjavík hafði í nógu að snúast aðfaranótt laugardags. Auk þess að handtaka 13 aðila vegna fíkniefnamála voru ellefu ökumenn gripnir ölvaðir undir stýri.

**Eldur í bifreið** Tilkynnt var um eld í bifreið um klukkan hálftíu á föstudagskvöld en kviknað hafði í vélarrúmi. Bifreiðin, sem var stödd á aðrein að Vesturlandsvegi, er talin ónýt en farþegar sluppu ómeiddir.


STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir




Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).
**Næsta kvöldnámskeið hefst 2. febrúar.**
**Helgarnámskeið hefst 4. febrúar.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SLAGVIÐRI**

Það mun eflaust reyna á þolrif margra í dag að glíma við rokið og rigninguna á sunnan og vestanverðu landinu. Óþolandi tvenna. Vart hundi út sigandi. Vatnsveðrið mun vera í allan dag á svæðum og úrkoman allmikil. Fyrir norðan verður yfirleitt þurrt að mestu. Næstu dagar verða sem betur fer úrkomuminni en sá sem í dag líður.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Suðaustan 10-15 m/s og talsverð rigning. Hiti 6-8 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Yfirleitt 5-13 m/s, hvassast með ströndum austan og vestan til.

*» þriðjudagur*




Hæg breytileg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Alicante | 11°C heiðskírt |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Berlín | 0°C hálfskýjað | Mílano | 6°C skúrir |
| Stokkhólmur | 2°C heiðskírt | Frankfurt | 3°C hálfskýjað | New York | 10°C rigning |
| Helsinki | 0°C alskýjað | Madríd | 8°C heiðskírt | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 8°C heiðskírt | Barcelona | 7°C rigning | Orlando/Flórída | 24°C skúrir |

Hitatölur sýna næstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Það er gott að spara!

# Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

**SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.**

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af söluþóknun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnávöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

spron
VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Himinn og haf – SÍA





## KJÖRKASSINN

*Á að byggja nýtt álver á Norðurlandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,4% |
| Nei | 50,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt að svipta Ólafi Geir Jónssyni titlinum Herra Ísland?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Langvinn fundahöld á Alþingi greiddu götu frumvarps um auðlindir í jörðu:

# Takmarkanir á nýtingarleyfi

**STJÓRNMÁL** Samkomulag varð í iðnaðarnefnd Alþingis á fimmtudag um breytingar á frumvarpi iðnaðarráðherra um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

Breytingarnar fela í sér að leyfi handhafa rannsóknarleyfis til nýtingar orku á tilteknu svæði nær aðeins til hitaveitu en ekki virkjunar til raforkuframleiðslu.

Málið var tekið af dagskrá haustþings. Eftir ítrekuð hlé og fundahöld á Alþingi var frumvarpið tekið á dagskrá á ný gegn mótmælum þingmanna Vinstri grænna sem vildu fresta umfjöllun um málið fram yfir helgi.

Leita þurfti afbrigða til þess að koma frumvarpinu á dagskrá, en þess hafði meðal annars verið krafist að málið yrði tekið fyrir breytt frá grunni.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að rannsóknarniðurstöður séu verðmætar og tryggja þurfi rétt þeirra sem kosta rannsóknir fái þeir ekki nýtingarleyfi.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, sagði að taka yrði iðnaðarráðherra í gjörgæslu og athuga hvort hún skildi sjálf hvað um væri að ræða og spurði hvort það væri misskilningur að hún hefði tengt saman rannsókna- og nýtingarleyfi. **- jh**



**STÍFLUGERÐ VIÐ KÁRAHNJÚKA** Sá sem kostar rannsóknir á virkjunarkosti fær ekki nýtingarleyfi sjálfkrafa.

Hafnfirðingar æ löghlýðnari:

# Helmingi færri brjóta af sér nú

**LÖGREGLA** Hegningarlagabrotum hefur fækkað um 55 prósent í Hafnarfirði frá því í ársbyrjun 2003 þegar lögreglan þar setti sér fyrst stefnu og markmið, að því er fram kemur í nýbirtri afbrotatölfræði.

Innbrotum hefur fækkað um fjörutíu prósent frá árinu 2002, þjófnuðum hefur fækkað um 46 prósent og eignaspjöllum um rúman þriðjung. Þá hefur umferðaróhöppum fækkað um þrettán prósent og umferðarslysum um rúman helming en umferðarþungi aukist á sama tíma um fimmtung.

Fjöldi fíkniefnabrota hefur hins vegar tvöfaldast á sama tíma. **-sh**

Rússneska leyniþjónustan:

# Segir njósnara handtekna

**RÚSSLAND, AP/REUTERS** Rússnesk yfirvöld hafa handtekið tvo menn grunaða um njósnir fyrir Breta. Þetta hafði Interfax-fréttastofan eftir talsmanni rússnesku leyniþjónustunnar FSB í gær. Ójóst var hvort í hlut ættu rússneskir eða breskir ríkisborgarar. Boðað var að meira kæmi fram um málið í sjónvarpsþætti sem sendur verður út á sjónvarpsstöðinni NTV í dag.

Fyrir viku sakaði FSB breska sendiráðsstarfsmenn í Moskvu um njósnir. Diplómatar eru friðhelgir frá handtöku. ■

## LÍBERÍA

**Mannréttindabrot Firestone** Rúmlega fjórtán þúsund starfsmenn á gúmmíekrum fyrirtækisins Firestone í Líberíu hafa lögsótt fyrirtækið fyrir ítrekuð mannréttindabrot. Nokkur alþjóðleg mannréttindasamtök hafa tekið undir kröfur starfsmannanna sem starfa að margra mati við kringumstæður sem líkja má við aðstæður á tímum þrælahalds.

**Ný stjórn skipuð** Ellen Johnson-Sirleaf, forseti Líberíu, á annríkt við að skipa í stjórn sína eftir sigur sinn í forsetakosningum í landinu. Gríðarlegt verk bíður hennar næstu misserin og árin því ástandið hvarvetna er bágborið eftir áralangt borgarastríð og glundroða.

# Hlýðir kalli til forystu

**Björn Ingi Hrafnsson segist mjög þakklátur fyrir þann mikla stuðning sem hann hlaut í prófkjöri Framsóknarmanna í Reykjavík í gær. Hann hlaut tæp 50 prósent atkvæða til að leiða lista flokksins. Anna Kristinsdóttir var í öðru sæti og Óskar Bergsson í því þriðja þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.**

**PRÓFKJÖR** Miklar sviptingar voru í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík í gærkvöld, en Óskar Bergsson húsasmíðameistari, sem sóst hafði eftir fyrsta sæti listans, komst ekki á blað fyrr en fjórðu tölur voru birtar.

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, virtist hins vegar hafa hlotið örugga kosningu í fyrsta sæti listans þegar Fréttablaðið fór í prentun og hafði hann þá hlotið 1465 atkvæði í fyrsta sætið, en 3908 tóku þátt í prófkjörinu. Í öðru sæti var Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi og hafði hún hlotið 989 atkvæði í efstu tvö sætin. Í þriðja sæti var Óskar Bergsson húsasmíðameistari og hafði hann hlotið 1100 atkvæði í efstu þrjú sætin.

„Ég er afskaplega þakklátur fyrir þann mikla stuðning sem ég hef hlotið," segir Björn Ingi.

Hann segist telja að í niðurstöðunum felist skýr skilaboð um kynslóðaskipti í Framsóknarflokknum í Reykjavík. „Fólk vill sjá nýtt fólk til áhrifa og forystu og ég hlýði því kalli."

Björn Ingi er bjartsýnn þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn mælist með lítið fylgi í Reykjavík. „Ég er sannfærður um að tölur í skoðanakönnunum fari að batna fljótlega eftir prófkjörið," segir hann. „Nú förum við að stilla upp okkar lista, kynnum nýja forystu og förum að etja kappi við hina flokkana. Við höfum margar góðar hugmyndir sem ég finn að hafa mikið brautargengi, þannig að ég hlakka bara afskaplega mikið til að takast á við þetta verkefni."

Framsóknarflokkurinn á mikið inni í borginni að mati Björns Inga. „Framsóknarflokkurinn er elsti starfandi flokkurinn á landinu og við eigum mikið ósótt fylgi í höfuðborginni. Stefnan er að ná tveimur borgarfulltrúum inn."

„Það er svolítið erfitt að byrja kvöldið ekki einu sinni á blaði, en ég er að klifra upp listann," sagði Óskar Bergsson þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöld, en hann var í þriðja sæti listans þegar 2900 atkvæði af 3908 höfðu verið talin.

Ekki náðist í Önnu Kristinsdóttur borgarfulltrúa sem var í öðru sæti listans þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í fjórða sæti var Marsibil Sæmundardóttir sem stefndi á annað sætið og hafði hún fengið 1407 atkvæði í fjögur efstu sætin. Ásrún Kristjánsdóttir var í fimmta sæti með 1650 atkvæði og Elsa Ófeigsdóttir var í sjötta sæti með 1880 atkvæði.

**helgat@frettabladid.is**



**TÓKUST Á UM FYRSTA SÆTIÐ** Óskar Bergsson tekur hér í hönd Björns Inga Hrafnssonar eftir að fyrstu tölur gáfu sterklega til kynna að Óskar hafi mátt lúta í lægra haldi fyrir Birni Inga en báðir sóttust eftir að leiða lista Framsóknarflokksins í borginni. Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi sést einnig á myndinni en hún sóttist líka eftir fyrsta sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Sendifulltrúanámskeið

## Hefur þú áhuga á að starfa við hjálparstörf erlendis?

Rauði kross Íslands auglýsir eftir umsóknum um þátttöku á samnorrænu sendifulltrúanámskeiði sem haldið verður í Munaðarnesi 26.–31. mars 2006. Alls verða 25 þátttakendur á námskeiðinu, þar af 5 á vegum Rauða kross Íslands.

Þátttaka í námskeiðinu er forsenda þess að geta starfað sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands á alþjóðavettvangi en veitir ekki tryggingu fyrir slíku starfi.

Inntökuskilyrði eru menntun á háskólastigi, þriggja til fimm ára starfsreynsla og góð tungumálakunnátta. Mjög góð enskukunnátta í töluðu og skrifuðu máli er skilyrði og kostur ef umsækjandi hefur þar fyrir utan kunnátta í einu af þeim tungumálum sem notuð eru innan Alþjóða Rauða krossins (ensku, frönsku, spænsku og arabísku). Reynsla af alþjóðlegum samskiptum er einnig kostur.

Umsóknir berist með tölvupósti til Kristínar Ólafsdóttur (kristin@redcross.is) fyrir 10. febrúar næstkomandi. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að nota staðlað umsóknareyðublað sem er að finna á heimasíðu Rauða kross Íslands, www.redcross.is, en þar eru einnig nánari upplýsingar um inntökuskilyrði ásamt almennum upplýsingum um námskeiðið.

Öllum umsóknum verður svarað.

Íslenskir sendifulltrúar starfa á vegum Rauða kross Íslands hjá Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC), Alþjóðasambandi landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans (International Federation of Red Cross and Red Crescent Societies), eða með öðrum landsfélögum um víða veröld við margvísleg störf. Á árinu 2005 störfuðu sendifulltrúar félagsins meðal annars við almenna stjórnun hjálparstarfs og verkefnastjórnun, hjúkrun, sjúkraflutninga og heilsugæslu, birgðastjórnun, fjármálastjórnun, upplýsinga- og samskiptatækni, upplýsingaveitu, stjórnun hjálparflugs, við vatnsveituverkefni og að vernd almennings á átakasvæðum.

Rauði kross Íslands




**TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS** Verið er að gera umhverfismat vegna fyrirhugaðs bílastæðahúss við tónlistar- og ráðstefnuhúsið og sviðsstjóri framkvæmdasviðs segir að undirbúningsframkvæmdum vegna lóðarinnar verði lokið á tilsettum tíma.

Framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhús:

# Verið að vinna að umhverfismati

**SKIPULAGSMÁL** „Umhverfismatið gleymist ekki neitt, það er bara í vinnslu og hefur verið það í einn og hálfan mánuð," segir Úlfar Örn Friðriksson, framkvæmdastjóri Portus-hópsins sem mun sjá um framkvæmdir á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu við hafnarbakkann í Reykjavík.

Haukur F. Leósson, fulltrúi sjálfstæðismanna í innkauparáði, hafði lýst yfir áhyggjum af því að fyrirhugað bílastæðahús á svæðinu væri umhverfismatsskylt en að það hefði gleymst við undirbúning og kynningu málsins. Að sögn Hrólfs Jónssonar, sviðsstjóra framkvæmdasviðs, er það álitaefni að hvaða leyti nýleg lagabreyting komi við framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið vegna stærð kjallaranna, en þeir eru í nokkrum hlutum, og gildistökutíma laganna. Það er í verkahring skipulagsstofnunar að skera úr um það.

Úlfar segir hins vegar að ákveðið hafi verið að láta gera umhverfismat jafnvel þótt álitamál væri hvort lögin kveði á um að slíks sé þörf. **- jse**

Dóttir Pinochets:

# Snýr heim sár út í Bandaríkin

**CHILE, AP** Elsta dóttir Augustos Pinochet, fyrrverandi einræðisherra í Chile, sneri aftur til heimalands síns frá Bandaríkjunum í gær til að svara þar til saka í skattsvikamáli.



**LUCIA PINOCHET HIRIART** Elsta dóttirin.

Þetta varð úr eftir að hún hætti við að sækja um pólitískt hæli í Bandaríkjunum. Hún tjáði chileskum fjölmiðlum að hún hefði hlotið „hroðalega meðferð" þá daga sem hún var í Bandaríkjunum, en þangað flaug hún frá Argentínu í byrjun vikunnar, er henni og fleirum úr Pinochet-fjölskyldunni voru birtar ákærur í Chile fyrir skattsvik í tengslum við leynilegar innistæður einræðisherrans fyrrverandi á erlendum bankareikningum og notkun falsaðra vegabréfa. ■

## UNGVERJALAND

**Of miklar eyðsluklær** Ungverska ríkið eyðir um efni fram að mati hagfræðinga og hefur með óábyrgri fjármálastjórn síðustu tvö árin gert út af við möguleika landsins að fá aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins árið 2010 eins og stefnt hefur verið að.

**Kosningar ákveðnar** Þingkosningar verða haldnar í Ungverjalandi þann níunda apríl. Hafa flokkar því um ellefu vikur til stefnu til að bítast um hylli kjósenda.




# „FRÁBÆRT!"

## ALLT UM ÚTFLUTNING – EITT NÚMER

Hjá viðskiptaþjónustu Eimskips eru sérfræðingar okkar þér innan handar um allt sem varðar flutninga. Þar færðu m.a. sérhæfðar upplýsingar og lausnir varðandi útflutning og við leggjum okkur alltaf fram um að finna bestu og hagkvæmustu lausnina hverju sinni.

**Þú einfaldlega hringir í 525 7800 og sérfræðingar okkar sjá til þess að leiðin verði greið.**

Himinn og haf / SÍA

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is | info@eimskip.is | MEMBER OF AVION GROUP

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þjóðfélagið þarf á eftirlaunafólki að halda:

## Reynsla og þekking er dýrmæt

Það er gaman að sjá að einn reyndast sendiherra Íslendinga, Ólafur Egilsson, skuli hafa ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi. Ólafur verður sjötugur á þessu ári og lætur þess vegna af störfum í utanríkisþjónustunni eftir fjögurra áratuga feril. Því miður eru viðhorfin í þjóðfélaginu gagnvart fólki sem stendur á vegamótum starfsloka fyrir aldurs sakir ekki nógu uppörvandi. Annars vegar stafar það af æskudýrkun, sem fjölmiðlar kynda mjög undir, og hins vegar af gamaldags hugsun í þá veru, að þeir sem komnir eru á opinberan eftirlaunaaldur eigi að hafa hægt um sig og skyggja ekki á yngri kynslóðirnar. Í þessu ljósi má segja að ákvörðun Ólafs Egilssonar sé bæði djörf og lofsverð. Hún er djörf vegna þess að hún gengur gegn straumnum og lofsverð vegna þess að Ísland þarf á reynslu og þekkingu eldri kynslóða að halda ekkert síður en þori og kappsemi æskunnar.

Alkunna er að meðalaldur fólks fer hækkandi og fleiri en áður eru heilsuhraustir á ellilífeyrisaldri. Efast má þess vegna um að reglan um starfslok við sjötíu ára aldur sé jafn skynsamleg og hún þótti þegar hún var upphaflega sett. En jafnvel þótt reglan fái að gilda á hún ekki að þurfa að merkja að starfsþátttöku viðkomandi fólks sé lokið og ekkert bíði þess nema iðjuleysi eða tilfallandi tómstundaiðkun. Viðhorfin í þjóðfélaginu þurfa að breytast í þá átt að sjálfsagt sé talið og æskilegt að eftirlaunafólk hasli sér völl í þjóðfélaginu þar sem lífsreynsla þess fær notið sín og óbugaðir kraftar fá áframhaldandi útrás. Einn vettvangur slíks, en alls ekki hinn eini, er stjórnmálaþátttaka. Þá er haft í huga að eftirlaunafólk skreyti ekki aðeins hin virðulegu neðstu sæti framboðslista flokkanna heldur bjóði sig fram í baráttusætin eins og Ólafur Egilsson gerir í bæjarmálapólitíkinni á Seltjarnarnesi.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að einn reyndasti stjórnmálamaður Íslendinga, Jón Baldvin Hannibalsson, útiloki ekki endurkomu í stjórnmálin, ef aðstæður bjóði upp á það. Hvar í flokki sem menn standa ættu þeir að fagna þessu. Athyglisvert er að umræður um þetta í þjóðfélaginu fara hins vegar fram í hálfkæringi. Það er frekar hent gaman að því frekar en að það sé rætt í alvöru að fólk sem er komið vel yfir miðjan aldur byrji stjórnmálaþátttöku eða snúi þangað aftur. Þetta er dapurlegt og verður að breytast. Besta leiðin til þess er að hinir eldri stígi ótrauðir fram, bjóði þjóðinni krafta sína og sýni hvað í þeim býr. Hermt er að Jóni Baldvin Hannibalssyni leiðist og finnst hann eingraður eftir að hann lét af embætti sendiherra og sneri heim. Þjóðinni ætti líka að leiðast þetta. Flokkur Jóns, Samfylkingin, ætti að sýna örlæti og eiga frumkvæði að því að bjóða honum í leikinn á ný. Vel má vera að hann mundi fyrst um sinn skyggja eitthvað á yngra fólkið en ávinningurinn fyrir flokkinn yrði áreiðanlega meiri.

Við Íslendingar eigum að sönnu margt gott ungt fólk, syni og dætur, sem lætur hendur standa fram úr ermum og eflir atvinnulífið og mannlífið. En höfum við efni á því að dæma hundruð manna úr leik, burt úr hringiðu þjóðfélagsins, á ári hverju fyrir það eitt að viðkomandi hafa náð eftirlaunaaldri? Er það ekki sóun á miklum verðmætum? ■




## Sjálfsmorðtíðni á Kúbu er ein sú hæsta í heiminum

UMRÆÐAN
SJÁLFSVÍG



RAFAEL ROJAS



Í aldarfjórðung hafa Kúbverjar, sem verið hafa án sjálfstæðra fjölmiðla, sjálfstæðra fjárhagslegra auðlinda sem og sjálfstæðra pólitískra og hugmyndafræðilegra samtaka til að beita gegn stjórn Fidels Castro, lært að takast á við öryggisleysi sitt og angist á annan máta en með andstöðu. Næstum því tvær milljónir manna hafa flúið land með öllum tiltækum leiðum - á flekum, fljótandi flutningabifreiðum, kössum undan flugpósti, í hvers konar flugvélum - og um það bil 70 þúsund manns hafa framið sjálfsvíg, einnig með öllum tiltækum leiðum - með því að kveikja í sér, hengja sig, láta sér blæða út, með því að kasta sér í veg fyrir bíla, með því að fleygja sér fram af byggingum og björgum eða einfaldlega með því að skjóta sig í höfuðið. Síðastliðin 50 ár kann að vera að um 100 þúsund Kúbverjar hafi stytt sér aldur.

Í byrjun níunda áratugarins greindi kúbverska heilbrigðisráðuneytið frá því að sjálfsmorðstíðni í landinu hafi farið yfir 20 sjálfsmorð á hverja 100 þúsund íbúa. Þessar tölur sýndu fram á það að á einum áratugi hafði sjálfsmorðstíðni í landinu tvöfaldast - árið 1969 var sjálfsmorðstíðnin 8 sjálfsmorð á hverja 100 þúsund íbúa og að Kúba var ekki einungis eitt af þeim löndum Rómönsku Ameríku þar sem sjálfsmorðstíðnin var hvað hæst, heldur það land á vesturhveli jarðar þar sem sjálfsmorðstíðni var hæst miðað við höfðatölu. Samkvæmt þessari hræðilegu tölfræði var sjálfsmorðstíðni á Kúbu hærri en í Bandaríkjunum og í flestum löndum Evrópu, Asíu og Afríku. Sjálfsmorðstíðnin á þessari eyju í Karíbahafinu komst nálægt sjálfsmorðstíðninni í nokkrum Norðurlöndum eins og Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð sem og í löndum bandamanna sinna í Austur-Evrópu eins og Ungverjalandi, Rússlandi og í Eystrasaltsríkjunum.

Í rannsókn, sem Maida Donate og Zoila Macías, sem áður fyrr höfðu unnið að rannsóknarstörfum fyrir kúbanska heilbrigðisráðuneytið, gerðu í Miami um miðjan tíunda áratuginn, var sú tölfræði sem kom fram í rannsóknum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar árin 1995 og 1996, dregin í efa. Samkvæmt þessum rannsóknum hafði ríkisstjórn Kúbu náð að halda hækkandi sjálfsmorðstíðni í landinu niðri eða í um 2000 sjálfsmorðum á ári. Samkvæmt rannsókn Donate og Macías var sjálfsmorðstíðni á Kúbu hins vegar um 30 sjálfsmorð á hverja 100000 íbúa, sem þýddi það að Kúba var eitt af þeim fimm löndum í heiminum þar sem sjálfsmorðstíðni var hæst. Í rannsókn þeirra kom líka fram að hin háa tíðni sjálfsmorða á íbúa Kúbu átti einnig við um þá Kúbverja sem bjuggu í Miami, en sjálfsmorðstíðni þeirra var hærri en sjálfsmorðstíðni fólks frá öðrum löndum Rómönsku Ameríku sem flust hafði til Bandaríkjanna.

Hin háa sjálfsmorðstíðni á Kúbu hefur vakið athygli skáldsagnahöfunda, sagnfræðinga og félagsfræðinga. Guillermo Cabrera Infante fjallaði um efnið í einni af sínum bestu ritgerðum í ritgerðasafninu Mea Cuba sem kom út árið 1993. Ritgerðin heitir Á milli sögunnar og dauðans og var upprunalega birt í tímaritinu Escandalar. Í ritgerðinni fjallaði Infante um nokkra af þeim kúbönsku stjórnmálamönnum sem frömdu sjálfsvíg á tuttugustu öldinni, allt frá stjórnmálamönnum sem voru uppi þegar Kúba var ungt lýðræðissamfélag, líkt og borgarstjóri höfuðborgarinnar Havana, Manuel Fernández Superville, stjórnmálaleiðtoginn Eduardo Chibás, fyrrum forseti Kúbu, Carlos Prío Socarrás og stjórnandi tímaritsins Bohemia, til fólks sem hafði gegnt mikilvægu hlutverki í kúbönsku byltingunni, líkt og hin þekkta Haydée Santamaría, dómarinn Osvaldo Dortícos og nokkrir ráðherrar í valdatíð Fidels Castros: Augusto Martínez Sánchez, Alberto Mora, Rodrígo Garcia og fleiri.

Í bókinni Dos Cubalibres frá árinu 2005 ræðir annar skáldsagnahöfundur, Eliseo Alberto, um þá rithöfunda og listamenn sem nýlega hafa framið sjálfsvíg á Kúbu, og nefnir þar skáldin Raúl Hernández Novás og Ángel Escobar, rithöfundana Guillermo Rosas og Miguel Collazo, listakonuna Belkis Ayón og sagnfræðinginn Raquel Mendieta. Fyrir evrópska og bandaríska lesendur kann slík upptalning á vonlitlum rómantíkerum og hugsjónamönnum á Antillaeyjum undir lok tuttugustu aldarinnar, sem allir brugðu á það ráð að binda enda á líf sitt vegna hins sögulega óláns sem þeir voru hluti af, að vera óþörf og leiðinleg hvort svo sem kenna má um áhugaleysi lesandans eða vanþekkingu. En í öllum þessum tilfellum er um að ræða fólk sem tók þátt í menningarlífinu á Kúbu, var á hátindi ferils síns og naut virðingar í heimi vestrænnar menningar.

Nýjasta bók sagnfræðingsins Louis A. Pérez Jr. sem er prófessor við Norður-Karólínuháskóla í Chapel Hill í Bandaríkjunum heitir To Die in Cuba. Suicide and Society (2005) og fjallar um hina háu sjálfsmorðstíðni meðal íbúa Kúbu. Rannsókn Pérez styður það sem komið var inn á í rannsókn Donate og Macías, og kom einnig fram í ritgerð Damián Fernández, sem bar heitið Cuba and the Politics of Passion (2000), að ástæða hárrar sjálfsmorðstíðni á Kúbu er ekki eingöngu kommúnistastjórn Fidel Castro, heldur einnig hin miklu áföll sem íbúar eyjarinnar hafa orðið fyrir í sögunni og tilhneiging Kúbverja til að vera sjúklega tilfinningasamir í stjórnmálum og í hversdagslífi sínu. Allt frá lokum nítjándu aldarinnar, og sérstaklega á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar var sjálfsmorðstíðni hærri á Kúbu en í flestum öðrum löndum Rómönsku Ameríku.

Árið 1907, gaf réttarlæknirinn Jorge Le Roy Cassá út rannsókn sem hét Que Tendimus?, þar sem hann greindi frá því að á milli 1890 og fyrstu áranna eftir að komið var á lýðveldi á Kúbu, það er segja rúmum 10 árum, höfðu 764 karlmenn og 355 konur drepið sig. Við lok tímabilsins höfðu íbúar eyjarinnar, sem um þetta leyti voru um tvær milljónir talsins, upplifað eitt stríð í tveimur lotum, baráttu Kúbverja fyrir sjálfstæði og stríð Bandaríkjamanna við Spánverja, sem og fæðingu Kúbu sem nútímalegs þjóðríkis sem gekk ekki áfallalaust fyrir sig vegna stöðugra deilna milli kynþátta og borgarastyrjalda. Einni öld síðar virðist hlutfall þeirra sem fremja sjálfsmorð á Kúbu staðfesta þá tilgátu að tilhneigingin til að valda sjálfum sér skaða sé rík í Kúbverjum sem hafa þolað lengstu valdasetu einræðisstjórnar sem um getur í sögu Vesturlanda, en ekki án þess þó að eftir standi truflandi minnisvarði um þann tíma.

Geðlæknar, heimspekingar og rithöfundar álíta að eitthvað sem er jafn dularfullt og sjálfsmorð sé óútskýranlegt. Óútskýranlegt hugsa einhverjir, rétt eins og geðveiki, ást, kraftaverk og ofsjónir. Rannsókn sagnfræðings sem er jafn hátt skrifaður og Louis Pérez sýnir hins vegar að í tilfelli Kúbu séu ástæðurnar fyrir hárri sjálfsmorðstíðni á eyjunni sögulegar, eða það er segja, pólitísk framtíð eyjarinnar virðist valda Kúbverjum það miklu hugarangri að sumir svipta sig lífi. Öll reynsla manna af einræðisstjórnum, líkt og þeim sem Kúbverjar þurftu að þola fyrir 1959, og öll reynsla manna af alræðisstjórnum, líkt og þeirri sem Kúbverjar hafa þolað eftir 1959, ber með sér þennan „skugga“ dauðans, sem Eugenio Trías segir að sérhver einveldisstjórn gangi með.

Samkvæmt draumsýnum Vesturlandabúa er Kúba eyja í Karíbahafinu þar sem ríkir sterk hefð fyrir gleði og samheldni íbúanna sem eru færir um að fylkja liði gegn skynsemishyggju nútímans. Hin háa sjálfsmorðstíðni Kúbverja ber hins vegar vott um að íbúar eyjarinnar séu sárþjáðir þar sem þeir geta ekki tjáð vonbrigði sín opinberlega, tekið á áföllum sem þjóðin verður fyrir og séu einstaklega viðkvæmir tilfinningalega fyrir átökum á sviði stjórnmálanna. Engin tölfræði segir hins vegar meira um hversu skuggsælt lífið hefur verið á Kúbu frá því sósíalismanum var komið á en þessi hundrað þúsund sjálfsmorð sem framin hafa verið á eyjunni síðastliðin 50 ár.

*Höfundur er rithöfundur frá Kúbu. Greinin hefur áður birst í spænska dagblaðinu El País.*

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Ótrúleg verðdæmi til Búlgaríu

**Bókaðu á heimasíðunni www.apollo.is**




Íslenskir sólarfarar hafa tekið boðskap okkar fagnandi og ekki síst vegna ótrúlegra verða sem sannarlega standa undir væntingum.

Verðdæmin segja alla sólarsöguna.

VISA MasterCard

## ...og svo eru Barnaverðin!

| Brottfarir | 23.-30. maí<br>28. ág.-12. sept. | 6.-29. júní<br>8.-22. ágúst | 4.júlí-1.ágúst |
|---|---|---|---|
| 1 vika | 19.900 kr. | 22.900 kr. | 27.900 kr. |
| 2 vikur | 24.900 kr. | 27.900 kr. | 32.900 kr. |
| 3 vikur | 29.900 kr. | 32.900 kr. | 37.900 kr. |

*Barnaverðið gildir á fyrirfram ákveðnum stöðum. Sjá nánar á www.apollo.is Barnaverðið gildir ef börnin eru á sömu bókun og a.m.k. 2 fullorðnir sem greiða skv. verðlista og búa í sömu vistarveru. Ef bókað er á söluskrifstofunni bætist við 2.500 kr. bókunargjald á mann. Kynningarafsláttur nær ekki til Barnaverðanna.

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo

**www.apollo.is • 5 100 300**

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Þarf að koma með höfuðið á fati til þess að menn virkilega trúi?“*

***Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í utandagskrárumræðu um skýrslu Evrópuráðsins um fangaflug Bandaríkjamanna.***

*„Við þurfum þingmenn sem mark er tekið á... áhrifalausir þingmenn ná engu fram.“*

***Gunnar Bragi Sveinsson, sveitarstjórnarmaður Framsóknarflokksins á Sauðárkróki, gagnrýndi Kristinn H. Gunnarsson í BB í síðustu viku..***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Úr bakherberginu...*

### Hvar liggur valdið?

Stjórnlyndir ráðherrar eru að verða leiðitamir taglhnýtingar markaðsaflanna og lúta nú hinni ósýnilegu hönd Adams Smith og Hannesar Hólmsteins. Markaðsfrelsið ríkir.

Þetta er ef til vill ofsagt en þessi tilfinning gæti hafa gripið blaðamann eftir samræður sem hann hefði getað átt við ráðherra í vikunni.

Blaðamaður: Á ekkert að gera í málinu þegar krónan er að ryðja störfum úr landi?

Ráðherra: Þetta er ekki svona lengur vinur minn. Þú hugsar í gamla tímanum.

Við höfum selt ríkisbankana, sem bara græða og græða. Þeir stjórnast af hagnaðarvon og við getum ekkert fellt gengi eftir pöntun. Svo eru það einhverjir útlendingar sem kaupa og kaupa verðbréf í íslenskum krónum og sprengja verðið upp. Og þótt helmingur útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi, laxeldi eða hátækni, fari úr landi eða á hausinn af þeim sökum, getum við ekkert gert að því. Davíð seðlabankastjóri ræður vöxtunum og það er illa séð að við séum að skipta okkur af peningamálastjórninni.



### Til hvers eru ráðherrar?

Og stóriðjustefna er ekki lengur til, vinur minn. Þetta er bara bissniss úti í bæ. Stjórn Landsvirkjunar tekur ákvarðanir um virkjanir en ekki við. Jú jú, Landsvirkjun er í eigu ríkisins og borgarinnar. En við ráðherrarnir getum í besta falli hlutast til um að friða land með lögum, en að öðru leyti ráða markaðsöflin og alþjóðaumhverfið hverjum fallorkan verður seld í hvaða röð.

Okkur þótti líka leiðinlegt að RÚV skyldi taka Auðlindina af dagskrá en ráðum engu þar um. Eiginlega verðið þið að tala við Brussel. Það er svo margt sem við megum ekki og alls ekki ívilna greinum á samkeppnismarkaði. Varstu að spyrja um þorskinn? Þið blaðamenn eigið nú að vita það að markaðurinn stýrir kvótanum á hagkvæmustu staðina. Við ráðum ekki einu sinni hvort veidd eru 150 eða 300 þúsund tonn af þorski á ári eins og einu sinni. Því ræður Hafró sem segir okkur hver stærð stofnsins er og aflareglan sem segir að aðeins megi veiða fjórðunginn af stofninum.

Blaðamaður: Hvern á ég að spyrja um það hvort það verður einhver byggð á Norðausturlandi eftir 30 ár?

Ráðherra: Elskan mín. Þú ert á vitlausum stað. Þú verður að tala við Hreiðar Má eða Þorstein Má og Jón Ásgeir um svona hluti. Ég... hvað ætlaði ég nú að segja aftur... ég fór bara að hugsa um hver kosningaloforðin ættu að vera þegar við ráðum engu.

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# *Völundarhús sannleikans*



Ólafur Hannibalsson ritaði ágæta grein í Fréttablaðið um þann vanda sem steðjar að fjölmiðlum og þeim sem leita sannleikans í hverju máli og reyna að hrista af sér tepruskapinn í umgengninni við hann.

Efnislega kvað Ólafur mörkin milli sýndarveruleika og raunveruleika verða æ óskýrari í heimi þar sem spunameistarar í stjórnmálum og viðskiptalífi helminga sannleikann, hagræða honum og smíða sýndarveruleika í samræmi við stundarhagsmuni. Um þetta notaði Ólafur orðið „sannlíki“ en ekki sannleika.

Reynslan kennir blaða- og fréttamönnum að spyrja fyrst um hagsmuni. Hverra erinda ganga almannatengslamenn fyrirtækja? Hljóta þeir ekki að fegra mynd af umbjóðanda sínum þó ekki væri nema vegna verðs á hlutabréfum í félaginu? Eru spunameistarar stjórnmálanna ekki undir það sama seldir? Þarf ekki að skapa heilu stjórnmálaflokkunum ímyndir? Eða einstökum ráðherrum stöðu?

Einna mestur verður vandi fréttamiðlanna þegar þeir standa frammi fyrir staðhæfingum gegn staðhæfingum. Útreikningum sem sýna vaxandi skattbyrði lágtekjufólks undanfarin tíu ár gegn útreikningum ríkistjórnar sem mótmælir hástöfum og sýnir almenningi aðra útreikninga sem sýna stöðuga lækkun skatta. Og svo framvegis.

Gallinn við íslensk stjórnmál er að þau hafa sjaldnast beygt sig refjalaust undir niðurstöður og úttektir og þar með sannleika sem kemur þeim illa. Enda enginn sannleikur endanlegur eða tæmandi. Upp þyrlast moldviðri, áróðursvélar hrökkva í gang og upphlaup verða í fjölmiðlum. Sannleikurinn verður á endanum settur fram á skilmálum íslenska fjórflokksins. Sannleikurinn verður þeirra sem ná vopnum sínum og völdum. Almenningur þekkir mynstrið, þreytist og lætur þetta enn einu sinni yfir sig ganga. Vita sem er að valdið yfir sannleikanum færist aðeins til þeirra sjálfra síðustu mánuðina fyrir alþingiskosningar. Strax eftir kosningarnar hrifsa stjórnarherrarnir til sín valdið til að skilgreina stjórnmálaveruleikann. Veruleikinn verður á ný settur fram á skilmálum stjórnarherranna.

Af þessum sökum er eftirsjá að tilraunum Jónasar Kristjánssonar ritstjóra sem vildi nálgast sannleika á nýjan hátt og endurskilgreina mörk einkamála og opinberrar tilveru. Þau eru breytileg hvort eð er.



**ALLT AÐ SEX ÁRA FANGELSI FYRIR MÚTUÞÆGNI** Sérfræðingar á vegum Evrópuráðsins sögðu fyrir fáeinum árum að í þjóðfélagi sem er sannfært um að vera laust við spillingu sé ekki auðvelt að vekja menn til vitundar og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mögulegri spillingu.

# Um spillingu

**Nefnd sem fjallar um fjármál stjórnmálaflokka átti að skila niðurstöðum um áramótin. Það verður ekki. Sérfræðingar á vegum Evrópuráðsins, sem könnuðu spillingu og mútuþægni hér á landi fyrir fáeinum árum, vildu vekja þjóðina af værum blundi.**

„Er S-hópurinn að þakka fyrir sig?“ spurði Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, með þjósti á Alþingi í vikunni og þótti fjárausturinn vera orðinn full mikill í prófkjöri Framsóknarflokksins sem fram fór í gær. Sigurjón beindi orðum sínum til Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra sem svaraði með hægð að frambjóðendur yrðu að kynna sig og málstað sinn í prófkjörum. Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi væri að störfum og fulltrúi Frjálslynda flokksins í þeirri nefnd gæti komið hugmyndum og tillögum sínum þar á framfæri.

Forsætisráðherra skipaði umrædda nefnd í byrjun júlí á síðasta ári og átti hún upphaflega að skila niðurstöðum um áramótin síðustu. Hann hafði á vorþinginu áður skilað þinginu skýrslu um fjárframlög til stjórnmálaflokka.

Nefndin skilar ekki niðurstöðum á næstunni. Ellefu fulltrúar allra flokka eiga sæti í henni og segir Árni Páll Árnason, ritari nefndarinnar, að áhersla sé lögð á að vanda til verka fremur en að setja nefndinni stíf tímamörk.

### Meðvitundarlaus þjóð

Evrópuráðið sendi hingað til lands árið 2001 sérfræðinga á vegum GRECO, stofnunar sem fæst við aðgerðir gegn spillingu og mútuþægni.

Þeir lögðu mat á ástand mála og í skýrslu þeirra kemur fram að ástandið hér á landi sé fremur gott. Samt má greina að þeim hafi þótt Íslendingar heldur bláeygir og sér ómeðvitaðir um hugsanlega spillingu og mútþægni.

Í greiningu sérfræðinganna segir efnislega að þótt mútur og mútuþægni í alþjóðaviðskiptum séu ólöglegar sjái þeir ekki neina sérstaka viðleitni íslenskra yfirvalda til að vekja menn til vitundar í viðskiptalífinu um ólögmæta háttsemi af þessu tagi. Orðrétt segir í skýrslunni: „Það er augljóst að í þjóðfélagi sem er sannfært um að það sé meira eða minna laust við spillingu, er ekki auðvelt að vekja vitund og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mögulegri spillingu nú eða í framtíðinni.“

Síðan ráðleggja þeir íslenskum stjórnvöldum að taka sig á í þessum efnum og efla meðal annars embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til góðra verka í þessu efni.

### Allt að sex ára fangelsi

Segja má að með ákveðnum hætti hafi komið fát á viðvaningslega íslenska þjóð þegar Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, lét hafa eftir sér í Ríkisútvarpinu 3. mars 2003 að Jón Ásgeir Jóhannesson kaupsýslumaður hefði viljað bera á hann 300 milljónir króna í mútur. GRECO-sérfræðingarnir hefðu vafalítið krafist rannsóknar málsins.

Íslensku hegningarlögin eru býsna skýr um þetta efni. Í 109. grein þeirra segir:

„Hver sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi.“

Í 128. grein laganna segir einnig: „Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.“

Stjórnmálamenn eru opinberir starfsmenn og bráðum fá landsmenn tillögur um fjármál stjórnmálastarfsemi í landinu.

**johannh@frettabladid.is**


NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
2.790.000,-*

NISSAN
SKIPT_um stíl




*RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
– 17" álfelgur
– litað gler
– 6 diska CD spilari
– 3 drifstillingar
– rafstýrð leðursæti
– loftkæling
– sjálfskipting
– útvarpsfjarstýring í stýri
– sóllúga

Tilboðsverð
X-Trail Elegance sjálfskiptur 2.790.000,-

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-
Öllum Nissan X- TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli.

Fíton/SÍA
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

# Allar útsöluvörur 250-1000 kr.

## 50% auka afsláttur af útsölu

## verðhrun



Ja hérna þetta er nú lægsta
verð sem ég hef á ævi minni séð!
Bolir 250 kr., buxur og peysur 500-750 kr.
Skór 500-1000 kr. og úlpur á 1000 kr.
Nú er bara að haska sér og gera
kaup aldarinnar!

nú á
allt að
seljast

## Verðdæmi

| Upph. verð | Útsala | 50% auka afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999-1299~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1499-1999~~ kr. | ~~1.000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~2499-2999~~ kr. | ~~1.500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~3499-4999~~ kr. | ~~2.000~~ kr. | 1.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

„Það er alls ekki nóg að starfsmannastjórar fyrirtækja tileinki sér boðskapinn því slík breyting sem þarf að verða til að mannauðsstjórnun nýtist til fulls mun aldrei eiga sér stað nema allir stjórnendur í fyrirtækinu leggist á eitt - að allir stjórnendur séu hæfir til að vera mannauðsstjórar og leiða breytinguna í sinni einingu.

# Einn helsti stjórnendagúrú heims á leiðinni

Dave Ulrich hefur meðal annars unnið sér það til frægðar að sitja efstur á lista Business Week yfir fremstu sérfræðinga heims á sviði mannauðsstjórnunar. Hann er líka þekktur fyrir að hafa snúið baki við viðskiptaheiminum í nokkur ár til að starfa með mormónum í Quebec. Í mars standa Háskólinn í Reykjavík og KB banki fyrir komu þessa merkilega manns til Íslands.

Í byrjun næsta mánaðar kemur til landsins Dave Ulrich, einn fremsti stjórnunarsérfræðingur heims, á vegum Háskólans í Reykjavík og KB banka. Hann verður með námsstefnu á Hótel Nordica þann 2. mars og daginn eftir mun hann starfa með stjórnendum KB banka, bæði héðan og frá öðrum starfsstöðvum bankans í Evrópu.


**DAVID ULRICH** Verður með námsstefnu fyrir stjórnendur á Hótel Nordica þann 2. mars.

Ásta Bjarnadóttir, forstöðumaður B.Sc.-náms í Háskólanum í Reykjavík, er spennt fyrir komu Ulrichs hingað til lands. „Þegar ég var ráðin í mitt fyrsta starf sem starfsmannastjóri var mér sett það markmið - kannski að einhverju leyti í gríni - að allir myndu elska að vinna hjá fyrirtækinu. Dave Ulrich myndi segja þetta alrangt markmið. Hann myndi segja að hlutverk starfsmannastjóra ætti að vera að bæta þjónustuna, auka hagnað og gera fyrirtækið að betri fjárfestingakosti. Að það sé ekki hægt að aðskilja mannauðsstjórnun frá rekstrinum.“

### Hafinn yfir stjórnunarfrasana

Þetta er kjarninn í hugmyndum Ulrichs. Honum hefur tekist að hefja sig yfir frasa á borð við „fólkið er okkar helsta auðlind“ sem oft vill einkenna mannauðsstjórnun. Hugmyndir hans fela í sér að víkka þurfi út hlutverk mannauðsstjórnenda og tengja störf þeirra við almenna stefnumótun og breytingarstjórnun sem allir stjórnendur glíma við. Hann hefur jafnframt verið í fararbroddi þeirra er segja þá nálgun að mannauðsstjórnun sé nokkuð sem gert er „fyrir starfsmenn“ kolranga.

Ulrich hefur skrifað fjölda bóka um stjórnun á fólki. Frægastur er hann fyrir „Human Resource Champions“ sem er biblía margra starfsmannastjóra. Í henni skiptir hann hlutverki mannauðsstjóra í fjóra hluta. Þeir sem vinna að mannauðsstjórnun þurfa að vera:

**1) Stjórnunarsérfræðingar.** Þeir þurfa að geta séð um praktíska hluti, að allt gangi vel fyrir sig í daglegri stjórnun.
**2) Starfsmannaleiðtogar.** Þeir eiga að virka hvetjandi á starfsfólk sitt og hjálpa öðrum stjórnendum við að gera slíkt hið sama.
**3) Þátttakendur í stefnumótun.** Þeir þurfa að sitja við sama borð og aðrir stjórnendur þegar kemur að því að ákveða stefnu fyrirtækisins.
**4) Breytingastjórar.** Þeir eiga að kunna á breytingaferlið og vita hvernig á að stýra starfsfólki í gegnum breytingar, innan sem utan fyrirtækisins.

Ulrich heldur því fram að „mjúku málin“ eigi að vera í forgrunni í daglegum rekstri, til að tryggja lífvænleika og aðlögunarhæfni fyrirtækisins til langs tíma. Hann segir að óáþreifanleg verðmæti þurfa ekki að vera óskilgreind og sýnir fram á að betri stjórnunaraðferðir stuðli að vexti, hraða, sveigjanleika, samtakamætti og á endanum sigri í samkeppni.


**ÁSTA BJARNADÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR B.SC. NÁMS Í HR** Segir boðskap Ulrichs eiga erindi við alla stjórnendur sem þurfa að ná árangri í gegnum annað fólk. Það sé ekki nóg að starfsmannastjórar tileinki sér boðskap mannauðsstjórnunar því hún nýtist ekki til fulls nema allir stjórnendur leggist á eitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Yfirgaf viðskiptin fyrir mormónana

Koma Ulrichs hingað til lands hefur átt sér langan aðdraganda. Háskólinn í Reykjavík setti sig fyrst í samband við hann fyrir um fjórum árum, um það leyti er Ásta var að hefja störf við Háskólann í Reykjavík. Þá fengust þau svör að hann væri að fara í leyfi frá ráðgjafarstörfum til að starfa með trúboðum mormónakirkjunnar í Quebec. Vinnuálagið hafði sett sitt mark á Ulrich sem var orðinn allt of þungur eftir þann ólifnað sem fylgdi því að vera stöðugt á ferð og flugi. Nú, nokkrum árum síðar, er hann að snúa aftur til sinna fyrri starfa, meira en 50 kílóum léttari og fullur af ferskum hugmyndum til viðbótar við kenningar sínar.

### Allir stjórnendur ættu að vera hæfir til að vera mannauðsstjórar

Ásta segir að Ulrich eigi erindi við alla stjórnendur sem þurfa að ná árangri í gegnum annað fólk, og það eigi við um alla stjórnendur.

„Það er alls ekki nóg að starfsmannastjórar fyrirtækja tileinki sér boðskapinn því slík breyting sem þarf að verða til að mannauðsstjórnun nýtist til fulls mun aldrei eiga sér stað nema allir stjórnendur í fyrirtækinu leggist á eitt - að allir stjórnendur séu hæfir til að vera mannauðsstjórar og leiða breytinguna í sinni einingu. Þess vegna vona ég að sem flestir íslenskir stjórnendur mæti til að hlusta á Ulrich 2. mars.“

holmfridur@markadurinn.is




LEIÐTOGAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR

Fyrir alla stjórnendur sem vilja rækta með sér leiðtogahæfileika, efla færni í ákvarðanatöku og leiða starfsfólk til framúrskarandi árangurs.

"Rannsóknir staðfesta að leiðtogi sem leysir úr **læðingi kraft, frumkvæði og starfsgleði samstarfsmanna** nær meiri árangri. Í Leiðtogaakademíunni leggjum við áherslu á fræðilegan grunn og hagnýta beitingu hans í daglegum störfum þátttakenda."



Leiðbeinendur:
**Lilja D. Halldórsdóttir**
**Þórhallur Gunnarsson**
**Guðrún Högnadóttir**
**Aðalsteinn Leifsson**
**Finnur Oddsson**

Námslína

| | Dags. | Tími |
|---|---|---|
| Forysta til framfara | 7. feb. | kl. 9.00 - 13.00 |
| Liðsheildin - TMS | 3. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Samningatækni | 15. og 17. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Skilvirk samskipti | 30. og 31. mars | kl. 9.00 - 13.00 |
| Að laða fram það besta | 27. og 28. apríl | kl. 9.00 - 14.00 |
| Horft til framtíðar | 11. og 12. maí | kl. 9.00 - 13.00 |

**Skráning er hafin!**
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

FABRIKAN

Nánari upplýsingar veitir:
**Guðrún Helga Hamar**
Verkefnastjóri
Sími: 599 6404
gudrunhelga@ru.is

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK


## FUNDA MEÐ HELSTU LEIÐTOGUM Í DAVOS

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og fjárfestirinn Björgólfur Thor Björgólfsson eru báðir gestir á árvissri leiðtogaráðstefnu World Economic Forum í ferðamannaþorpinu Davos í Sviss. Ráðstefnunni lýkur í dag, sunnudag, en hún hófst á miðvikudaginn.

Að þessu sinni eru umræðuefnin í Davos hvernig nota má sköpunarkraftinn til að berjast við vandamál heimsins, og vöxtur hagkerfa Indlands og Kína.

Björgólfi var einnig boðið að vera með í fyrra, en ráðstefnan er árviss viðburður og sækja hana tugir helstu forstjóra stórfyrirtækja, þjóðarleiðtogar og skemmtikraftar. Björgólfur tekur þátt sem umsvifamikill fjárfestir í Austur-Evrópu, en Jóni var boðið að vera með fyrir frumkvöðlastarf á sviði vísinda og tækni.

Jón segir ráðstefnuboðið mikla viðurkenningu fyrir Össur. „Ég flyt hér nokkra fyrirlestra, þar á meðal einn sem fjallar um siðferðilegar spurningar sem kunna að vakna í samspili tækni og læknavísinda,“ segir hann og bætir við að ótrúlegt sé að sjá þann fjölda fyrirmenna sem World Economic Forum hafi tekist að safna saman. „Þetta eru menn úr viðskiptum og svo stjórnmálamenn, trúarleiðtogar, skemmtikraftar og hvað eina.“ Jón sagðist óviss um hversu mikinn ávinning Össur hafi af því að sækja ráðstefnuna heim, en vissulega væri það mikill gæðastimpill á starf fyrirtækisins að vera boðið að vera með. „En hvort það breytir einhverju fyrir okkur að ég hitti hér Bill Gates og Michael Douglas, það skal ég ekki segja til um,“ segir hann og hlær.

Björgólfur Thor segir það horfa aðeins öðruvísi við að koma á ráðstefnuna í annað sinn. „Maður er farinn að kunna betur á þetta, nýtir sér tækifærin aðeins betur og skoðar hvaða straumar og stefnur eru í gangi,“ segir hann og telur mikilsvert að hitta svo marga háttsetta á einum stað. „Sem fjárfestir er ég alltaf að taka stefnuna. Þetta er svolítið eins og fjallgöngumaður undirbýr sig. Hérna fæ ég veðurspána.“ Hann hélt erindi í umræðuhópi þar sem fjallað var um þróun og horfur í Austur-Evrópu. Með í hópnum voru meðal annarra forseti Lettlands, aðstoðarforsætisráðherra Hollands og seðlabankastjóri Þýskalands. **- óká**


JÓN SIGURÐSSON


BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

# STJÓRNAÐU BETUR MASTER CLASS

## Dave Ulrich á Íslandi. Ráðstefna á Nordica hotel 2. mars 2006 kl. 13-18

**Dave Ulrich** er einn virtasti sérfræðingur heims á sviði mannauðs- og breytingastjórnunar. Hann hefur starfað sem ráðgjafi og stundað rannsóknir hjá ríflega helmingi fyrirtækjanna á Fortune 200 listanum. **Ulrich** er prófessor við University of Michigan School of Business og hefur skrifað 12 bækur um stjórnun. Sú nýjasta heitir: *The HR Value Proposition*.

Sætafjöldi er takmarkaður og er skráning þegar hafin. Verð 45.000 kr.
Skráðu þig á vef Háskólans í Reykjavík, **www.ru.is**, eða hringdu í síma **599 6200**.



**Dave Ulrich** var valinn fremsti stjórnunarsérfræðingur heims af **Business Week**.

BusinessWeek

**The Top Management Gurus**

1. **Dave Ulrich**
2. Ram Charan
3. John P. Kotter
4. Gary Hamel
5. Jay Conger
6. Peter F. Drucker / Michael E. Porter
7. Peter M. Senge
8. Stephen R. Covey
9. Noel Tichy
10. C.K. Prahalad / Tom Peters

*„Stjórnendur eru yfir sig hrifnir af **Ulrich**. Þú hlustar, því hann talar um mannauðs- og breytingastjórnun á nótum sem þú hefur aldrei heyrt áður."*

**Henry Mintzberg**
Ráðgjafi og prófessor

Taktu frá daginn og heyrðu hvað einn virtasti ráðgjafi heims hefur að segja um stjórnun.
**Ráðstefnan er samstarfsverkefni KB banka og Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík.**

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

KB BANKI






## Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi



- **Ford** Escape XLS 4x4
  5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
  Kaupverð 2.590.000 kr.
  Bílasamningur 35.200 kr.
  Rekstrarleiga 47.900 kr.
- **Ford** Freestyle SEL 4x4
  7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
  Kaupverð 3.660.000 kr.
  Bílasamningur 46.950 kr.
  Rekstrarleiga 61.960 kr.
- **Ford** Explorer XLT 4x4
  5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
  Kaupverð 3.790.000 kr.
  Bílasamningur 51.480 kr.
  Rekstrarleiga 71.750 kr.
- **Ford** Expedition XLT 4x4
  8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
  Kaupverð 4.395.000 kr.
  Bílasamningur 59.810 kr.
  Rekstrarleiga 83.760 kr.
- **Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
  4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
  Kaupverð 2.370.000 kr.
  Bílasamningur 32.250 kr.
  Rekstrarleiga 43.720 kr.
- **Ford** F150 Lariat
  SuperCrew 4x4
  4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
  Kaupverð 3.495.000 kr.
  Bílasamningur 47.560 kr.
- **Ford** F350 Lariat
  Crew Cab 4x4 4 dyra
  6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
  Kaupverð 3.995.000 kr.
  Bílasamningur 54.360 kr.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuð




**Explorer sameinar ólíka eiginleika**

Ford tekst það sem ekki öllum hefur tekist að gera – að sameina ólíka eiginleika. Þú færð alvöru jeppa, þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði. Þess vegna er Explorer vinsælasti jeppi í heimi. Og hefur verið það í 14 ár. Bandaríska vegaöryggiseftirlitið (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn.

Öryggiskerfi Ford Explorer státar af RSC stöðugleikastýrikerfinu, veltivörn, sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum, hliðarloftpúðum, loftpúðum fyrir ökumann og farþega í framsæti og loftpúðagardínum sem er staðalbúnaður í Explorer XLT Sport, Explorer Eddie Bauer og Explorer Limited. Komdu í Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

i sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Explorer er gangbretti; af Ranger er tvílitur.

ROBERT FROST (1874-1963) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Banki er staður sem lánar þér regnhlíf í blíðviðri og heimtar hana til baka þegar byrjar að rigna.“*

***Robert Frost var mikilsmetið bandarískt skáld sem hlaut fjögur Pulitzer verðlaun á ævinni.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 29. JANÚAR 1820

# *Georg III konungur andast*

Tíu árum eftir að Georg III konungur dró sig í hlé frá opinberu lífi vegna geðsjúkdóms andaðist hann í Windsor-kastala, 82 ára að aldri.

Georg III tók við konungstigninni af afa sínum, Georg II, tvítugur að aldri árið 1760. Hann vonaðist eftir að geta stýrt landinu með beinni hætti en fyrirrennari hans. Hann gerði North lávarð að aðalráðherra sínum en North gekk vel að stjórna þinginu auk þess sem hann laut stjórn konungsins.

Harðstjórn Georgs III gagnvart nýlendum í Ameríku gerði það að verkum að Ameríkanar



GEORG III

lýstu yfir sjálfstæði og gerðu uppreisn gegn konunginum. Þar sem Georg hafði misst einar arðbærustu nýlendur Englands mætti hann æ meiri andstöðu þjóðarinnar. Þegar William Pitt varð forsætisráðherra árið 1784 hætti konungurinn afskiptum af stjórnmálum með fáeinum undantekningum.

Georg III fékk vægt taugaáfall árið 1765 og greindist með geðsjúkdóm árið 1788. Árið 1810 var hann orðinn alvarlega vitskertur. Talið er að hann hafi þjáðst af blóðsjúkdóm þar sem galli í blóði getur valdið geðveilu.

## MERKISATBURÐIR

1845 Hrafninn, ljóð Edgars Allan Poe, er gefið út í fyrsta sinn.

1891 Liliuokalani er útnefnd síðasta drottning Hawaíi-eyja.

1928 Slysavarnarfélag Íslands, SVFÍ, er stofnað.

1942 Þýski kafbáturinn U 132 sökkvir bandaríska varðskipinu Alexander Hamilton á Miðnessjó. 33 farast.

1979 Deng Xiaoping, staðgengill forsætisráðherra Kína, hittir Jimmy Carter, forseta Bandaríkjanna, í Hvíta húsinu.

2000 Innsigli er rofið á kassa sem hafði verið afhentur Landsbókasafni til varðveislu árið 1967. Í kassanum voru bréf til Erlendar Guðmundssonar í Unuhúsi frá Halldóri Laxness, Þórbergi Þórðarsyni og fleirum.



**BREIÐHOLTSKIRKJA** Tómasarmessur hafa verið haldnar í kirkjunni síðastliðin átta ár.

# Fyrsta Tómasarmessa ársins

Tómasarmessan hefur unnið sér fastan sess í kirkjulífi borgarinnar. Slík messa hefur verið haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd síðasta sunnudag í mánuði, frá hausti til vors, síðustu átta árin. Fyrsta Tómasarmessan á þessu ári verður sunnudagskvöldið 29. janúar klukkan átta að kvöldi.

Að messuhaldinu standa Breiðholtskirkja, Kristilega skólahreyfingin, Félag guðfræðinema og hópur presta og djákna.

Tómasarmessan einkennist af fjölbreytilegum söng og tónlist, og mikil áhersla er lögð á fyrirbænarþjónustu og sömuleiðis á virka þátttöku leikmanna. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**. Auglýsingar á að senda á**auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



**PRÓFESSOR** Stefán segir öll afmæli næstu tuttugu árin muni falla í skuggann af fimmtugsafmæli sínu sem hann hélt í Stapanum. Í bakgrunni má sjá mynd frá afmælinu þegar hann endurvakti ásamt nokkrum félögum sínum bítlahljómsveitina Skugga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STEFÁN ÓLAFSSON PRÓFESSOR: ER 55 ÁRA Í DAG

# Heldur afmæli í leyni

„Planið er að stinga af með fjölskylduna út úr bænum á einhvern leyndan stað,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hann segist þó viss um að afmælið í ár muni falla alveg í skuggann af veislunni sem hann hélt á fimmtugsafmæli sínu. „Við héldum upp á það saman sex gamlir félagar frá Keflavík. Við leigðum Stapann og fengum Hljóma, Stórsveit tónlistarskólans í Keflavík og Magnús Kjartansson til að spila og héldum meiriháttar skemmtun. Svo endurvöktum við okkar eigin hljómsveit, Skugga.“ Stefán var í Skuggum á unglingsárunum. Þetta var skólahljómsveit í Keflavík sem spilaði bítlalög á böllum og nokkrum sinnum í pásu á tónleikum hjá Hljómum.

Stefán segir þá félaga hafa slegið nokkuð vel í gegn á fimmtugsafmælinu. „Við æfðum okkur upp og fengum aðstoð Rúnars Júlíussonar til að stilla okkur saman. Þetta heppnaðist svo vel að Stapinn steinlá fyrir okkur,“ segir hann glaðlega en hann mundaði sólógítarinn líkt og hann gerði 35 árum fyrr. Í dag segist hann spila í leyni á klassískan gítar, bæði klassíska tónlist og aðra. „Bítlatónlistin á mikið í mér ennþá,“ segir Stefán sem hlustar á alla gerð tónlistar. „Ég hef hlustað mikið undanfarið á Pat Metheny, sem er amerískur djassgítaristi og svo eiga hljómsveitir eins og Pink Floyd alltaf mikið í mér.“ Eitt aðaláhugamál hans utan tónlistar eru ferðalög, og þá helst erlendis. „Það er á dagskránni að fara til Suður-Ameríku. Það er allt annar heimur en í Evrópu og Norður-Ameríku og mig langar bara að þefa af því,“ segir hann dreyminn.

Stefán tekur töluvert þátt í þjóðfélagsumræðunni. Nú síðast átti hann í opinberum rökræðum við Pétur Blöndal um hvort skattar hafa hækkað eða lækkað. Stefán segist ekki sækjast eftir því eða fá mikið út úr því að rífast opinberlega. „Mér finnst satt að segja að menn eigi ekki að rífast við mig þegar ég segi þeim hvernig hlutirnir eru,“ segir hann glettinn. ■



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærar dóttur, móður okkar, systur, tengdamóður og ömmu*

**Bjarnfríðar H. Guðjónsdóttir (Fríða)**

Orrahólum 7, Reykjavík.

**Lára Hjartardóttir**
**Ester Gísladóttir** **Haukur Barkarson**
**Eyrún Helga Jónsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Elva Rut Jónsdóttir**
**Erna Ósk Guðjónsdóttir**
**Þórdís M. Guðjónsdóttir** **Margeir Elentínusson**
**Lára Samira Benjnouh** **Yann Le Pollotek**
**Telma Rún, Mikael Elí og Sóley Nadía**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,*

**Svanlaugar Pétursdóttur**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild 2 B Hrafnistu fyrir hlýju og góða umönnun.

**Sigurður Sigfússon** **Ingibjörg Hafstað**
**Stefanía Sigfúsdóttir** **Snorri Jóhannsson**
**Ingvi Sigfússon** **Arnrún Antonsdóttir**
**Anna Þórðardóttir** **Þórhallur Filippusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Tollskólinn í fjörutíu ár

Tollskóli ríkisins hefur verið starfsræktur frá árinu 1966. Hann var settur á ný þann 13. janúar síðastliðinn. Mikil endurskipulagning hefur verið gerð á námsskrá og námsfyrirkomulagi á síðustu mánuðum og hefur námið lengst talsvert við það.

Tólf nemendur eru við skólann nú en allt eru það starfandi tollendurskoðendur. Námsárinu er skipt niður í níu lotur sem hver tekur einn mánuð og ef skólinn er tekinn í einni lotu er námstíminn tvö ár. Á þessum tíma fara nemendur á milli starfsstöðva og safna umfangsmikilli reynslu. Nemendur eru ekki bundnir við að hefja nám á sérstökum tíma heldur er hægt að taka nokkrar námslotur í einu.



**SETNING TOLLSKÓLANS** Tólf nemendur stunda nám við skólann eins og er.

Frá upphafi hafa um fjögur hundruð nemendur útskrifast frá skólanum. Tollskólinn er starfræktur við embætti tollstjórans í Reykjavík. Húsakynni skólans eru að Skúlagötu 17, 101 Reykjavík, og skólastjóri er Unnur Ýr Kristjánsdóttir. ■

## AFMÆLI



**Hallgrímur Snorrason** hagstofustjóri er 59 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1737** Thomas Paine, amerískur föðurlandssinni.



**1843** William McKinley, forseti Bandaríkjanna.



**1860** Anton Chekov rithöfundur .

www.volkswagen.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4052




Aukabúnaður á mynd: álfelgur og samlitun

Lipur
Traustur
Öruggur
Rúmgóður
Hagkvæmur
Skemmtilegur
Endursöluvænn

= STÓRGÓÐUR

**Polo Trendline 1.395.000 kr.**

Þú getur eignast hann með aðeins 139.500 kr. útborgun, miðað við bílasamning SP

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Með álskrímsli í garðinum hjá sér

Íbúar á Völlunum í Hafnarfirði hafa miklar efasemdir um stækkun álversins í Straumsvík. Svala Heiðberg íbúi segir að fólk sé uggandi um sinn hag og óttist mengun. Hún krefst þess að atkvæði verði greidd um stækkun álversins í bænum. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* og *Sigurður Þór Salvarsson* hafa skoðað þessi mál.



SVALA HEIÐBERG ÍBÚI Á VÖLLUNUM Í HAFNARFIRÐI „Við verðum með álverið í næsta húsi, það verða bara nokkur hundruð metrar í það. Hver vill búa við hliðina á fjórða stærsta álveri Evrópu?“ spyr Svala Heiðberg, íbúi við Daggarvelli. Kerskálarnir munu blasa við út um stofugluggana hjá henni og öðrum íbúum á þessu svæði ef af stækkun verður. Svala stendur hér út á svölum með álverið í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svala Heiðberg, íbúi á Völlunum í Hafnarfirði, hefur miklar efasemdir um stækkun álversins í Straumsvík, ef af verður, og segir að íbúar í Vallahverfi í Hafnarfirði, næsta hverfi við álverið, séu uggandi um sinn hag. Á Völlunum búa margir með ung börn. „Ég heyri á fólki að það er hrætt við þessa stækkun. Það spyr hvaða rugl sé í gangi og til hvers sé eiginlega að þessu,“ segir Svala.

Svala býr við Daggarvelli, götunni sem er næst álverinu, og fær álverið eftir stækkuna nánast inn í garð hjá sér. Endarnir á kerskálunum tveimur munu blasa við út um stofugluggann hjá henni.

„Mér finnst álverið ekkert stórt eins og það er, það gnæfir ekki yfir allt en eftir stækkunina verður það alltof stórt og of nálægt byggðinni. Álverið verður stækkað í austur og stækkunin kemur alveg að byggðinni hér. Við verðum með álverið í næsta húsi, það verða bara nokkur hundruð metrar í það. Hver vill búa við hliðina á fjórða stærsta álveri Evrópu?“

Svala lítur á álverið eftir stækkun sem „algjört skrímsli“ og segir það „óhugnanlega nálægt, það liggur við að vera í garðinum hjá mér. Það eiga að koma turnar ofan á kerskálana og þeir eru ekki sýndir á teikningum. Flestar svalir snúa í suðvestur og skálarnir tveir verða beint fyrir framan þær á öllum íbúðunum á þessum byggðarmörkum,“ segir hún.

Við Daggarvelli er búið að taka skóflustungu að byggingu 900 barna grunnskóla. Álverinu fylgir flúormengun og ertandi andrúmsloft og hún veltir fyrir sér hvaða áhrif það hafi á börnin, sérstaklega börn með astma og öndunarsjúkdóma. Hún minnir á að fulltrúar Alcan segi blákalt að mengun muni aukast og gefur ekki mikið fyrir þau orð bæjaryfirvalda að hreinsibúnaður sjái til þess að hún aukist ekki. Hún telur að ákvörðun hljóti að liggja fyrir óopinberlega þar sem viðræður séu að hefjast um raforkuverð.

Svala flutti í Vallahverfi í fyrrasumar og keypti íbúðina sína fyrir rúmu ári. Hún segist hafa vitað af því að stækkun álversins kæmi til greina en talið ólíklegt að af því yrði vegna byggðarinnar og heldur ekki gert sér neina grein fyrir umfangi stækkunar eða hversu nálægt byggð hún yrði. ■



# Sveiflur í áli marka spor

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, telur að varhugavert sé að reiða sig á að lendingin verði mjúk þegar núverandi þensluskeiði lýkur, eins og opinberar spár geri ráð fyrir, og þá sérstaklega hvað varðar að hægi á vexti þjóðarútgjalda og að gengið sígi. Verkefnið sé að sjá til þess að svo verði.

„Lendingin gæti orðið harkaleg með gengisfalli og skörpum samdrætti þjóðarútgjalda eins og gerðist í upphafi þessa áratugar,“ segir hann og telur að niðurstaðan sé undir Íslendingum sjálfum komin. „Því fylgir áhætta að fjárfesta í áli og orku, eins og öðrum fjárfestingum, en meiri áhætta er tekin með því að gera það ekki,“ sagði Þórður á ráðstefnunni Orkulindin Ísland á föstudag.



GYLFI ARNBJÖRNSSON Íslandsbókunin í Kyótó-samkomulaginu hefur þau áhrif á álfyrirtækin „að framkalla stórar ákvarðanir og leggur grunn að gríðarlegum vexti,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, telur að stefna stjórnvalda sé þensluhvetjandi og hefur áhyggjur af því að fyrirhugaðar framkvæmdir komi niður á öðrum atvinnugreinum, ekki síst útflutningsgreinunum. Fjölbreytni athafnalífsins verði minni og undirstaðan veikari.

ASÍ er, að sögn Gylfa, fylgjandi því að nýta orkulindir til að efla velferð og velmegun þjóðarinnar á grundvelli fjölbreytni. Hann óttast að fyrirhugaðar framkvæmdir komi niður á fjölbreytninni og spyr hvort ekki þurfi orku í aðra framleiðslu en á áli.

„Ég hef ekki síður áhyggjur af því ef útflutningstekjur landsmanna nema yfir þriðjungi í áli þannig að heimsmarkaðssveifla á álmörkuðum eða í styrkleika dollarsins geti markað okkar efnahagsskilyrðum djúp spor. Það er eitthvað sem ég hræðist talsvert,“ segir hann.

Þórður kom einmitt inn á það á ráðstefnunni að álverð hefði haldist fremur stöðugt en þó frekar haft tilhneigingu til að lækka, sérstaklega að raungildi, á síðustu árum.

„Umfangið er gríðarlegt ef öll verkefnin, sem hafa verið til umræðu, koma til framkvæmda. Mér sýnist það verða þannig á næstu fimm til sjö árum að full ástæða sé til að staldra við og velta vöngum yfir því hvort þetta sé hægt,“ segir Gylfi.

Gylfi bendir á að kapphlaupið um álframkvæmdir hér á landi tengist væntanlega Íslandsbókuninni í Kyoto-samkomulaginu. „Ljóst er að þessi bókun hefur áhrif á vilja álfyrirtækjanna til að byggja álver. Hún er að framkalla stórar ákvarðanir og leggur grunn að gríðarlegum vexti,“ segir hann.

ASÍ hefur ekki tekið skipulagða umræðu um hugsanlegar álversframkvæmdir en Gylfi telur gefa augaleið að fleiri erlenda starfsmenn þarf til að sinna framkvæmdum í landinu. ■

## Kapellan fer milli kerskála

„Ef Hafnfirðingar samþykkja þessa stækkun álversins í Straumsvík eru þeir að fórna framtíðarbyggingalandi og framtíðarútivistarsvæði bæjarins,“ segir Jónatan Garðarsson, varamaður í umhverfisnefnd bæjarins og áhugamaður um náttúruvernd. Hann segir ljóst að stækkun álversins muni stöðva eðlilega þróun bæjarins til vesturs og ýta byggðinni upp í landið.

Jónatan bendir líka á að við stækkun lendi kapella heilagrar Barböru í Kapelluhrauni inn á milli kerskála. „Það er mjög sérkennilegt því þetta er helgistaður sem ég veit að ýmsir kaþólikkar sækja töluvert. Reyndar er gert ráð fyrir einhverju aðgengi að kapellunni en engu að síður verða menn að fara inn á athafnasvæði álversins til að komast að henni.“



JÓNATAN GARÐARSSON

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ:

# *Vill evruna í stað krónunnar*

„Ég held að menn eigi að skoða það alvarlega að skipta hér um gjaldmiðil og taka upp evruna án þess að ganga í Evrópusambandið“, segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, vegna þeirrar umræðu sem nú á sér stað um enn frekari uppbyggingu áliðnaðar hér á landi.

Hann segir það misskilning að við þurfum að ganga í Evrópusambandið til að taka upp evruna. „Við getum bara tekið þá ákvörðun að taka upp evruna og þurfum ekkert leyfi til þess.“

Friðrik segir að umræðan um ný álver komi sér ekkert á óvart. „Það verður enginn endapunktur þegar þessum framkvæmdum fyrir austan lýkur, það verður að halda áfram en verkefnið er að koma þessum framkvæmdum fyrir án þess að þær hafi of óæskileg áhrif á aðrar atvinnugreinar,“ segir hann og bætir því við að ef þetta hefur þau áhrif að jafnmörg eða fleiri störf tapast vegna þenslunnar að þá sé verr af stað farið en heima setið. „Það er merkilegt að á sama tíma tala menn um þekkingariðnað og að byggja hér á þekkingu, en síðan er gengið fram með þeim hætti að það er ekki hægt að reka þessi fyrirtæki.“ ■



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON Segir Íslendinga geta ákveðið það einhliða að taka upp evruna í stað krónunnar.

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið um helgina: lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



ego dekor
**Svefnsófi**
óhreinindavarið microfiber áklæði
Verð:
*114.000*
**-30%**
Tilboðsverð nú:
*79.800*

-30%



# *Útsalan í fullum gangi*
# **10-50%** *afsláttur*



ego dekor
**TUNGUSÓFI**
óhreinindavarið microfiber áklæði - einnig hægt er að taka af öllum sófanum og þurrhreinsa
Verð:
*128.000*
**-30%**
Tilboðsverð nú:
*89.600*

-30%



ego dekor
**Borðstofuborð 190x90 og 6 stólar**
Verð áður:
*128.000*
**-30%**
Verð nú:
*89.600*

-30%



ego dekor
**RIO LEÐUR TUNGUSÓFI**
Verð áður:
*212.000*
**-30%**
Verð nú:
*148.400*

-30%



ego dekor
**ANGEL TUNGUSÓFI**
-með óhreinindavörðu microfiber áklæði sem hægt er að taka af og þvo
Verð áður:
*139.000*
**-30%**
Verð nú:
*97.300*

-30%




4

MP & BH

SESS

TEFJA / ULLAREFNI

HLJÓTA ARF / Á FÆTI

FUGL

REIKA



REIGINGSLEGUR / FLET

SKRAUT / HEIMILDA

TALFÆRI / HITA

Í RÖÐ / FISKILÍNA

MARGSINNIS

UTAN

SETT Í BIÐ

ÞEKKING / ROTNUN

RÍKI Í MIÐ-AFRÍKU / ÚTHLUTAÐIR

GERA BEINT

HANDSKJÓL

RAKI

MJÖG / KAÐALL

ÓTRYGGUR / MÁLMUR / HÆÐ

ÁN

GRAMSA

KROPP

VIÐUR / SPÍRA

GUFA / SYKRA

NYTJAR / KVIÐ

BARDAGI / SKRIFA

FRUMEIND / Á MÓTI

VINNINGUR / SAFNA SAMAN

HALTU BROTT

SÆTI / GLEÐJA / GÖRFUN

FÍFLAST

EINS UM A

GLUFA / ANGRAR

BITI / EINING

ARÐUR / DJÆF

INNYFLA

RÍKIS

ÁI

SÁLIR / ÞAKBRÚN

FUGL / FÆÐA



EFNI

FROSKTEGUND / GUÐ

TVEIR EINS / Í RÖÐ

GÓÐ LYKT

KÖTTUR

RUSL

FYRSTUR










MINNA Í MAT OG MEIRA Í HÚSNÆÐI
Breyttar neysluvenjur Íslendinga

ATVINNA BLS. 2




# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



**STÖRF Í BOÐI**

- Símvirkjar
- Vefstjóri
- Þjónustufulltrúar
- Verkfræðingur
- Hjúkrunarfræðingar
- Innkaupari
- Rafvirkjar
- Forritari
- Kennarar
- Deildarstjóri
- Sölumenn
- Matreiðslumaður
- Skrifstofustarf
- Húsvörður
- Danskennari
- Tæknifræðingar


**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er sunnudagurinn 29. janúar, 29. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.17 | 13.41 | 17.06 |
| Akureyri | 10.16 | 13.25 | 16.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ómar er mjög ánægður með að vera kominn aftur á Hótel Holt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Ráðleggur gestum við val á vínum

***Ómar Þór Nilsen Andrésson þjónn var í starfsnámi á Hótel Holti þegar hann var að læra til þjóns. Hann hefur unnið víða síðan hann lauk námi en nú er hann kominn aftur á Hótel Holt.***

Ómar byrjaði að læra til þjóns árið 1998 og útskrifaðist 2001. „Þetta er þriggja ára nám,“ segir Ómar sem lærði í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi.

Ómar hefur unnið víða sem þjónn síðan hann útskrifaðist. „Ég hef verið í Danmörku, á Skólabrú, Sommelier, Grillinu, Við fjöruborðið og á Vínbarnum. Nú hef ég verið á Hótel Holti í eitt og hálft ár.“

Ómari finnst mjög gott að vera kominn aftur á Hótel Holt. „Þetta er mitt annað heimili,“ segir hann.

Ómar segir að gestirnir sem koma á Hótel Holt séu íslenskir og erlendir í bland. „Íslendingar koma oft með útlendinga hingað og svo koma náttúrlega útlendingar sem gista á hótelinu í mat.“ Hann segir að gestirnir séu allir gott fólk en þeir séu mismunandi og þjónar læri að haga sér í samræmi við þarfir viðskiptavinarins.

Ómar er lærður vínþjónn og hann veitir gestum ráðgjöf við val á vínum með mat. Hann segir að það hafi verið nein sérstök ástæða fyrir því að hann ákvað að læra til þjóns og að hann hefði ekki unnið sem þjónn áður en hann hóf námið. „Mér var bara bent á þetta og starfið hentar mér mjög vel.“

Ómar telur að Íslendingar séu almennt góðir þjónar. „Ég held að þeir Íslendingar sem hafa útskrifast séu upp til hópa mjög góðir þjónar. Það er náttúrlega mikið af ófaglærðum þjónum á Íslandi en margir þeirra hafa verið þjónar lengi og unnið með lærðum þjónum og þekkja því starfið vel,“ segir hann að lokum.

*emilia@frettabladid.is*


IGS
GROUND SERVICES



***Flugþjónustan ehf. (IGS) Keflavíkurflugvelli, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum FL Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.***

## Matreiðslumaður

Flugþjónustan ehf. (IGS) Keflavíkurflugvelli, vill ráða **matreiðslumann í veitingadeild** í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Leitað er að góðum og jákvæðum liðsmanni í öflugan hóp. Staðan er laus og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**

- Réttindi og reynsla
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð þekking á birgðakerfum og birgðastýringu
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun mannahalds
- Útsjónarsemi og heiðarleiki

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu IGS, Fraktmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir **10. febrúar 2006**. Hægt að senda ferilskrá á: **svala@igs.is**
Einnig veitir rekstrarstjóri veitingadeildar upplýsingar í síma 425 0322 og yfirmatreiðslumaður í síma 895 6652.



## Lyfjafræðingur

**GlaxoSmithKline ehf óskar eftir að ráða lyfjafræðing eða einstakling með sambærilega menntun til starfa í skráningardeild fyrirtækisins.**

gsk GlaxoSmithKline

*GlaxoSmithKline ehf annast markaðssetningu, klíniskar rannsóknir og skráningar lyfja frá GlaxoSmithKline hér á landi. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki GlaxoSmithKline plc, eins stærsta fyrirtækis heims á sviði rannsókna og þróunar nýrra lyfja og bóluefna. Markmið okkar er að bæta lífsgæði fólks með því að gera því kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur.*

www.gsk.is

**Starfssvið**

- Ábyrgð á einstökum lyfjaflokkum
- Samskipti við móðurfélag erlendis
- Samskipti við yfirvöld
- Upplýsingamiðlun

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði lyfjafræði eða sambærilegt nám
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Góð samskiptahæfni
- Góð færni í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg

**Í boði er** fjölbreytt og áhugavert starf í alþjóðlegu umhverfi. Starfið krefst samskipta við innlenda og erlenda aðila og er ábyrgðarstarf.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 7. febrúar nk.
Númer starfs er **5167**.

Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang: ari@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



## Okkur vantar fleiri liðsmenn

**Prentari**
Sem leggur sig fram um vönduð vinnubrögð, góða framkomu, stundvísi og að vera tilbúinn til að vinna vaktavinnu.

**Aðstoðarmaður á prentvél**
Þarf helst að hafa reynslu sem aðstoðarmaður á prentvél auk tilfallandi verkefna í prentsal. Lögð er áhersla á snyrtimennsku, stundvísi, góða framkomu og að vera tilbúinn að vinna vaktavinnu.

Í boði er áhugaverður vinnustaður með afar fjölbreyttum verkefnum og hæfu samstarfsfólki.

Upplýsingar um þessi störf gefur Sigurður Bjarnason í síma 899-9345. Umsóknir berist á skrifstofu Samskipta Síðumúla 4, 108 Reykjavík eða á netfangið sigbja@samskipti.is, eigi síðar en föstudaginn 3. febrúar.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Samskipti ehf. hefur verið starfandi í prentþjónustu í 27 ár. Í upphafi sérhæfði fyrirtækið sig í ljósritun í stóru og smáu og síðar í stafrænni prentun. Samskipti rekur einnig öfluga merkingadeild og þjónustu við sýnendur vörusýninga hverskonar. Fyrirtækið er í örum vexti og eru starfsmenn nú tæplega fjörutíu á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu; á Hverfisgötu 33, Síðumúla 4, Hæðasmára 4 og Smiðjuvegi 1 í Kópavogi.

Í byrjun síðasta árs var tekin í notkun ný offsetprentvél til aukins hagræðis fyrir stóran viðskiptavinahóp Samskipta. Með tilkomu hinnar nýju vélar hefur orðið veruleg aukning verkefna, því þurfum við á frekari starfskröftum að halda.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Síðumúli 4 | 580 7800 | Hæðasmári 4 | 580 7880 |
| Hverfisgata 33 | 580 7860 | Smiðjuvegur 1 | 580 7870 |

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Aukavinna er oft nauðsynleg til þess að hægt sé að ná endum saman. Margir Íslendingar sem vinna hefðbundna dagvinnu drýgja tekjurnar með blaðaútburði, skúringum eða símasölu.



Hlutfall matvöru af neysluútgjöldum fer lækkandi. MYND/SIGURÐUR JÖKULL ÓLAFSSON

# Nýleg rannsókn á neysluútgjöldum

***Nýleg rannsókn Hagstofunnar sýnir að Íslendingar eru farnir að eyða meiru í húsnæði en minna í mat.***

Nýleg rannsókn sem gerð var á vegum Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna 2002-2004 sýnir að neysluútgjöld á heimili hækkuðu um 9,3 prósent á árunum 2001-2003. Hlutfall matar og drykkjarvöru lækkaði úr 15,2 prósentum í 14,4 prósent en hlutfall húsnæðis, hita og rafmagns hækkaði í 22,9 prósent úr 22,5 prósentum. Samkvæmt rannsókninni voru ráðstöfunartekjur meðalheimilisins um 340 þúsund á mánuði eða um 132 þúsund á mann og voru neysluútgjöldin að meðaltali um 94 prósent af ráðstöfunartekjum. Nánari upplýsingar um rannsóknina má finna á heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofan.is.



Margir beita líkamanum rangt við vinnu þegar þeir þurfa að lyfta þungum byrðum. Vinnueftirlitið ætlar á næstu mánuðum að leggja aukna áherslu á að kynna réttindi starfsmanna og ábyrgð atvinnurekenda gagnvart líkamlegu álagi í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Átak gegn átökum við vinnu

***Vinnueftirlitið mun beina athygli sinni að líkamlegu álagi starfsmanna á vinnustöðum á næstu mánuðum og verður starfsstéttum sem bera þungar byrðar gefinn sérstakur gaumur.***

Líkamleg álagsmein eru meðal algengustu orsaka þess að fólk er frá vinnu og telur Vinnueftirlitið því brýna ástæðu til að vinna að forvörnum gegn slíku.

Þegar byrðir eru handleiknar í starfi ber atvinnurekendum að sjá til þess að gert sé mat á áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu svo koma megi í veg fyrir heilsutjón.

Samkvæmt reglum ber atvinnurekanda að gera skipulagsráðstafanir til að draga úr áhættu og álagi á starfsmenn. Jafnframt ber atvinnurekanda að sjá til þess að starfsmenn fái tilsögn um rétta líkamsbeitingu.

Til að auðvelda atvinnurekendum og starfsmönnum að koma auga á hugsanlegar hættur í vinnuumhverfinu sem geta valdið heilsutjóni vegna líkamlegs álags, að meta hætturnar og að finna leiðir til úrbóta, hefur verið gefinn út fræðslubæklingurinn Líkamlegt álag við vinnu, vinnustellingar, þungar byrðar og einhæfar hreyfingar ásamt þremur vinnuumhverfisvísum. Þessar upplýsingar má nálgast á www.vinnueftirlit.is.

Sem liður í þessu verkefni mun Vinnueftirlitið standa fyrir námskeiðum um gerð áhættumats og forvarnir á næstu mánuðum.



Umsækjendur verða að eiga lögheimili í Reykjavík.

# Sumarstörf Reykjavíkurborgar

***Frá og með 15. febrúar verður opnað fyrir umsóknir um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg.***

Hægt verður að sækja um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg frá og með miðvikudeginum 15. febrúar. Í boði eru störf á flestum starfsstöðum Reykjavíkurborgar.

Umsóknir eru sóttar á rafrænu formi á heimasíðu Vinnumiðlunar ungs fólks, www.vuf.is, og er ekki tekið við annars konar umsóknum. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu eða neti geta komið til Vinnumiðlunar í Pósthússtræti 3-5 þar sem tölvur eru í boði ásamt aðstoð við útfyllingu eyðublaðanna.

Skilyrði fyrir starfinu er að eiga lögheimili í Reykjavík og vera fæddur árið 1988 eða fyrr.

Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl næstkomandi.

# Nýr kjarasamningur

***Strætó bs. samþykkti nýjan kjarasamning með 99 prósent atkvæða.***

Fyrir viku undirritaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fyrsta sjálfstæða kjarasamninginn við Strætó bs. Kjarasamningurinn er að mestu sambærilegur við kjarasamninga sem félagið gerði við Reykjavíkurborg.

Samningurinn var svo samþykktur með 99 prósent greiddra atkvæða. Einn var á móti og einn skilaði auðu en alls tóku 154 þátt í atkvæðagreiðslunni.



Fólk að fara í strætó.

# Ekki starf fyrir karlmenn

***Jakobína Þráinsdóttir hefur unnið í undirfataversluninni Knickerbox í 10 ár. Hún segir starfið afar vinalegt og ekki sé verra að henni líði vel í Kringlunni.***

Starf Jakobínu felst í venjubundnum afgreiðslustörfum. „Það er helst að þjónusta viðskiptavininn og finna réttu stærðirnar. Það er svo oft sem viðskiptavinir koma hingað inn og vita ekki hvaða stærð þeir nota og þá þarf að finna út hvert sé rétta sniðið og annað í þeim dúr," segir Jakobína og bætir við að einn af helstu kostum starfsins sé að vera í Kringlunni, enda sé þar mikið mannlíf.

Jakobína er verslunarstjóri í Knickerbox en hún segist nokkrum sinnum hafa fengið umsóknir frá karlmönnum. Hún býst hins vegar ekki við því að eiga nokkurn tímann eftir að ráða einn slíkan. „Þar er spurning hvort þeir sem hafa sótt hér um starf hafa ekki vitað hvers konar verslun þetta er. Fyrir okkur starfsfólkið væri ekkert mál að hafa karlmann hérna en ég held að viðskiptavinirnir myndu ekki verða voðalega glaðir," segir Jakobína, hress í bragði.

Að sögn Jakobínu er fólk almennt farið að hugsa meira um undirföt. Í dag er útsala í gangi hjá Knickerbox og því mikið að gera. Hún segir að boxernærbuxur séu helst vinsælar í dag. „Brjóstahaldarar eru líka alltaf vinsælir, bæði með púðum og svo hafa mjög þunnir brjóstahaldarar verið mjög áberandi."

Eins og áður segir hefur Jakobína unnið hjá Knickerbox í heilan áratug en hún er ekkert á þeim buxunum að fara að hætta í bráð enda sé man hún ekki einu sinni eftir neinu sem sé erfitt í vinnunni. „Nei, nei, þetta er mjög fínt starf. Svo kemur líka svo mikið af skemmtilegum viðskiptavinum hingað inn."



Jakobína Þráinsdóttir, verslunarstjóri Knickerbox í Kringlunni, segist alveg vilja ráða karlmann en heldur að viðskiptavinir hennar myndu ekki taka eins vel í það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Bókasafns- og upplýsingafræðingur

óskast á bókasafns- og upplýsingamiðstöð. Um er að ræða afleysingastöðu til eins árs, frá 1. apríl 2006. Starfshlutfall 100%. Helstu verkefni: Starfar að uppbyggingu rafræns geymslusafns (e-repository) og sér um tengingar milli rafrænna tímarita og gagnasafna. Tekur þátt í samstarfi vegna fjarfunda innan LSH. Tekur þátt í að leiðbeina viðskiptavinum LSH um notkun rafræns safnefnis og tekur virkan þátt í þróun upplýsingamiðlunar innan LSH.
Umsóknir berist til Sólveigar Þorsteinsdóttur, sviðsstjóra, Bókasafni LSH, Eirbergi og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 1454, netfang solveig@landspitali.is.

## Starfsmaður

óskast sem fyrst í 100% starf við viðgerðir á líni á saumastofu Þvottahúss LSH. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af saumaskap.
Umsóknir berist til Sigrúnar Einarsdóttur, deildarstjóra saumastofu þvottahúss LSH, Tunguhálsi 2 og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 1722 og 824 5264, netfang sigrbe@landspitali.is.

## Starfsmaður

óskast sem fyrst í 100% starf á dauðhreinsunardeild LSH. Starfið felst í ræstingum (60%) og sem aðstoðarmaður í framleiðsludeild (40%).
Umsóknir berist til Magneu B. Högnadóttur, aðstoðardeildarstjóra dauðhreinsunardeildar LSH, Tunguhálsi 2 og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 1726 og 824 5265, netfang magneabh@landspitali.is.

**Umsóknarfrestur ofangreindra starfa er til 13. febrúar 2006.**

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og er áætluð velta félagsins á þessu árið um 5,1 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðili lyfja á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.
**Heilbrigðistæknisvið** er sjálfstætt starfandi eining innan Vistor. Sviðið annast m.a. sölu, ráðgjöf, markaðssetningu og þjónustu á ýmiss konar rannsókna- og lækningatækjum, hjúkrunarvörum, dýralyfjum og öðrum vörum tengdum dýraheilbrigði. Starfsmenn sviðsins eru nú tíu.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

# Rafeindavirki á heilbrigðistæknisviði

### Vistor hf. óskar eftir að ráða rafeindavirkja til starfa á heilbrigðistæknisviði

**Áhugavert, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Starfssvið:**
- Uppsetning og viðhald tækja
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Aðstoð við sölumenn
- Samskipti við erlenda birgja

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á ensku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af skyldum störfum er kostur
- Nákvæmni og áreiðanleiki
- Þekking á efnafræði eða lífefnafræði er kostur
- Sveigjanleiki

**Nánari upplýsingar veita Sigurður Sigurðarson (siggih@vistor.is) og Sigtryggur Hilmarsson (sh@vistor.is). Skriflegum umsóknum skal skilað til Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabær eða á netfangið starf@vistor.is merkt „Rafeindavirki" fyrir 12. febrúar nk.**

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabær • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is

# Atvinnu og ferðamálafulltrúi í Vestur-Barðastrandasýslu

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða auglýsir laust til umsóknar starf atvinnu og ferðamálafulltrúa með starfsaðstöðu á Patreksfirði. Starfsvæðið er á sunnanverðum Vestfjörðum, allt frá Reykhólum til Bildudals. Ferðamálafulltrúi vinnur í samstarfi við atvinnuráðgjafa á Patreksfirði og Hólmavík, Markaðsskrifstofu Ferðamála á Ísafirði og Ferðamálafulltrúa Vestfjarða hjá Atvest. Atvinnu og ferðamálafulltrúi hefur umsjón verkefnum sem snúa að uppbyggingu og eflingu atvinnulífs og samfélags á svæðinu og m.a. vinna við markaðs og kynningastarfi.

**Hæfniskröfur.**
Háskólamenntun. Einstaklingur með víðtæka starfsreynsla og skipulagshæfileikar kemur einnig til greina. Umsækjandi þarf að hafa góða samstarfhæfileika, frumkvæði og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.

Við getum boðið fjölskylduvænt samfélag og gott starfsumhverfi í Atvinnu og Nýsköpunarsetri á Patreksfirði. Mörg spennandi verkefni á sviði sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Skemmtilegt og krefjandi starf í einni mestu náttúruparadís Íslands.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar.** Æskilegt er að umsækjandi hefji störf fyrst 1. maí eða eins fljótt og kostur er.

Umsóknir skal senda til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður.

Nánari upplýsingar gefa:
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvest, 450-3000
Jón Örn Pálsson, atvinnuráðgjafi Patreksfirði: 456-2350

# Störf í boði...

- Byggingafræðingur
- Byggingatæknifræðingur
- Sölumaður skrifstofutækja
- Sölumaður í gjafavöruverslun
- Sölumaður í sérverslun
- Sölumaður vinnuvéla
- Lagermenn
- Bílstjórar í útkeyrslu
- Tækjamaður á vélskóflu
- Steypustjóri
- Verkamenn
- Skrifstofustörf
- Ræstingastjóri
- Vaktstjóri
- Vélstjóri
- Húsasmiðir
- Smiður - plexígler
- Vélvirki
- Sérhæfðir iðnverkamenn
- Bifvélavirki
- Tæknimaður stjórnbúnaðar
- Önnur áhugaverð störf

**Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á www.radning.is og tengja sig inn á viðkomandi störf.**

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin

**www.radning.is**
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



# Þjónustufulltrúar

Himinn og haf / SÍA

**SPRON leitar að kraftmiklum og þjónustuliprum einstaklingum í störf þjónustufulltrúa í útibúum SPRON.**

**Helstu verkefni**

- Öll almenn fjármálaþjónusta
- Fjármálaráðgjöf
- Kynning og sala á vörum og þjónustuleiðum SPRON

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðskiptamenntun eða önnur sambærileg menntun
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af bankastörfum æskileg
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is eða til starfsmannaþjónustu SPRON, Ármúla 13a, fyrir 13. febrúar næstkomandi.

spron
www.spron.is

# Föst afleysing

## Slástu í för með sterkum hópi



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

**ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða fastar afleysingar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Föst afleysingarstörf,vinnuhlutfall 25-100%.**
Við leitum að starfsfólki í dag- og/eða kvöldvinnu með föstu starfshlutfalli við afleysingar í ræstingum.
Einnig vantar helgarafleysingar.
Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.
Starf afleysingar er fjölbreytt og góð laun í boði.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að* ***Ármúla 40, 3.hæð*** *og á heimasíðu* ***www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði, hreingerninga og fleira.
Hjá ISS starfa yfir 730 manns á aldrinum 16 - 80 ára.

# coast

Breska verslunarkeðjan **Coast** opnaði sína fyrstu verslun á Íslandi **í Smáralind 3. nóvember 2005**.

**Coast** er hágæða vörumerki með tískufatnað fyrir konur á aldrinum 25–45 ára.

Sérstaða og styrkur **Coast** verslananna er hinn fallegi og vandaði fatnaður sem hannaður er fyrir sérstök tilefni. Einstök persónuleg þjónusta í stórglæsilegum verslunum er lýsandi fyrir **Coast**.

Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki með mikla þjónustulund.

Áhugasamir sendið umsókn með mynd á **kalli@oasis.is**

SSR
SVÆÐISSKRIFSTOFA
MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

## Sambýli fólks með fötlun, Trönuhólum

Nú þegar vantar fólk til starfa í fullar stöður og hlutastöður á heimili fyrir ungmenni með fötlun á einhverfurófi í Reykjavík. Ýmsir vaktamöguleikar eru í boði. Stuðningur, fræðsla og skipulögð aðlögun er fyrir nýtt starfsfólk. Reynsla af vinnu með fötluðum, stúdentspróf, námskeið stéttarfélaga, félagsliðanám eða háskólanám sem nýtist í starfi kemur til hækkunar launa.

Áhersla er lögð á skipulögð og vönduð vinnubrögð og jákvætt viðmót.. Einnig þarf starfsfólk að hafa áhuga á starfa í samvinnu við fólk með fötlun, geta sýnt frumkvæði og sjálfstæði, auk hæfni í samskiptum og samvinnu.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Upplýsingar veitir Kristín Ásta forstöðuþroskaþjálfi í síma 557-9760, GSM 862-7974. Upplýsingar um SSR er að finna á slóðinni http://www.ssr.is
Hægt er að sækja um á heimsíðunni og á aðalskrifstofu SSR, Síðumúla 39.

- Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár
- Laun eru í samræmi við samninga ríkisins og SFR
- Umsóknarfrestur er til 13.febrúar 2006
- Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun.

# Hugbúnaðar-sérfræðingur

Við óskum eftir að ráða öflugan hugbúnaðarsérfræðing til starfa í fjarskipta- og hugbúnaðardeild. Um er að ræða mjög fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf.

Umsækjendur þurfa að hafa BS-gráðu í kerfisfræði, tölvunarfræði eða verkfræði, geta unnið sjálfstætt og hafa að minnsta kosti árs reynslu af hugbúnaðargerð og þekkingu á SQL, Java og Delphi. Þekking á Linux er kostur.

Umsóknir óskast sendar á Radiomiðun-Ísmar ehf., Grandagarði 5-9, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti á starf@radis.is fyrir mánudaginn 6. febrúar nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Sigurðsson, omar@radis.is.

Radiomiðun Ísmar

Radiomiðun-Ísmar ehf. varð til haustið 2005 með samruna tveggja rótgróinna fyrirtækja, annars vegar Radiomiðunar hf., sem á sér sögu aftur til ársins 1957, og Ísmar hf., sem stofnað var árið 1982. Radiomiðun-Ísmar sérhæfir sig í sölu og þjónustu á tölvu-, fjarskipta-, fiskileitar- og siglingatækjum fyrir íslenska fiskveiðiflotann. Þá er fyrirtækið leiðandi í sölu landmælingatækja og öðrum lausnum fyrir verktaka og verkfræðistofur. Á undanförnum árum hefur Radiomiðun-Ísmar lagt æ meiri áherslu á hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn.
Starfsmenn hjá Radiomiðun-Ísmar eru 22.

# LAGER/ÚTKEYRSLA

Reyklaus vinnustaður óskar eftir að ráða öflugan starfsmann á lager með ríka þjónustulund. Í starfinu felst m.a. vörutalning, tiltekt á pöntunum, vörumóttaka, vöruafgreiðsla, útprentun reikninga, útkeyrsla, ásamt öðru tilfallandi. Um framtíðarstarf er að ræða og er vinnutími 8:00-18:00

Umsóknir ásamt FERILSKRÁ sendist á **box@frett.is** merkt: Þjónustulund á lager

# Óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf í verslun okkar í Borgarnesi

**Við leitum að áhugasömum, þjónustulunduðum og heiðarlegum einstaklingi með góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum.**

## Deildarstjóri málningardeildar

**Ábyrgðarsvið:**
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir, ráðgjöf og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Iðnlærður málari eða reynsla úr sambærilegu starfi
- Góð þekking á málningarefnum
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Skipulögð vinnubrögð

## Sölumaður í timbursölu

**Ábyrgðarsvið:**
- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir, ráðgjöf og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á timbri og byggingavörum nauðsynleg
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Skipulögð vinnubrögð

**Um framtíðarstörf er að ræða og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

**Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki.**

**Umsóknarfrestur er til 4. febrúar og öllum umsóknum verður svarað.**
Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is, Holtagörðum, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is.

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 18 talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunni að góðu heimili.*

*Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanir, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.*



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# Verkfræðingur

ax HUGBÚNAÐARHÚS

**Ax hugbúnaðarhús er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar, lausna fyrir orkugeirann og stjórnendaupplýsinga. Viðskiptavinir Ax eru þverskurður af íslensku atvinnulífi, allt frá einyrkjum yfir í alþjóðleg stórfyrirtæki.**
**Starfsmenn Ax eru kjarninn í viðleitni okkar við að verða það fyrirtæki sem viðskiptavinir leita fyrst til vegna orðspors um árangur, frumkvæði, fagmennsku og framúrskarandi þjónustu. Því leitum við eftir starfsmönnum sem gera miklar kröfur um árangur, sýna frumkvæði og fagmennsku og þjónustulund gagnvart viðskiptavinum.**
**Ax hugbúnaðarhús býður starfsmönnum sínum upp á aðlaðandi vinnuumhverfi, úrvals starfskjör og möguleika til að þroskast og þróast í starfi. Gildi Ax hugbúnaðarhúss eru frumkvæði, samvinna og áreiðanleiki.**

**Starfssvið:**
- Hugbúnaðarráðgjöf við sérhæfðar lausnir fyrir orkugeirann
- Ráðgjöf og þjónusta
- Verkefnastjórnun
- Innleiðing hugbúnaðarlausna
- Samskiptalausnir og ferlagreining

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða tæknifræði
- Reynsla af þjónustu og ráðgjöf
- Þekking á gagnagrunnum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í sænsku, dönsku eða norsku er kostur

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is



# Upplýsingafulltrúi

**Orkuveita Reykjavíkur**
framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.
Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi- og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa fyrir fyrirtækið. Fulltrúinn skal vinna við upplýsingagjöf til fjölmiðla, vinna að stefnumótun fyrirtækisins með forstjóra.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun er nýtist í starfinu og reynslu af fjölmiðlun. Reynsla af stefnumótunarvinnu er æskileg. Þá er æskilegt að viðkomandi þekki til OR og hafi þekkingu á sveitarstjórnarmálum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 13. febrúar 2006.
Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson,
netfang: thorir@hagvangur.is

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

HAGVANGUR

Orkuveita Reykjavíkur

# Laus störf á Reykhólum, Austur-Barðastrandarsýslu

## Sjúkraliði og ófaglærður starfsmaður í umönnun í Barmahlíð

Laus eru ofangreind störf. Um er að ræða tímabundna ráðningu sjúkraliða til ársloka 2006 við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Möguleiki á lengri ráðningu eftir samkomulagi. Einnig vantar starfsmann í afleysingar.

## Leikskólastjóri í Hólabæ

Laust er starf leikskólastjóra við leikskólann Hólabæ á Reykhólum. Á Hólabæ eru 14 börn. Framtíðarstarf.

Þuríður Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri (s.434 7817) veitir nánari upplýsingar um störfin í Barmahlíð barmahlid@reykholar.is Einnig um öll störfin á skrifstofu Reykhólahrepps s. 434 7880 sveitarstjori@reykholar.is

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2006

Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð og einungis tæplega 3 tíma akstur til Reykjavíkur. Þar er öll almenn þjónusta fyrir hendi svo sem leikskóli, grunnskóli, mjög góð sundlaug, bókasafn, heilsugæsla, verslun, nýtt íþróttahús og kirkja.

**Reykhólahreppur**
www.reykholahreppur.is

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA

**Óskum eftir mönnum til starfa við fóðringar á fráveitulögnum, einnig verkamönnum og pípurum.**
www.gglagnir.is • Uppl. í síma 660-8870 Gísli

LUSH

# FULLT STARF / HLUTASTARF
## Starfsfólk óskast

Verður að hafa góða þjónustulund, áhuga á aroma therapy og náttúrulegum vörum. Skilyrði er að viðkomandi sé reyklaus, stundvís og samviskusamur.

*Umsóknum skal skilað í verslunina LUSH, Kringlunni eða á drifa@lush.is fyrir 1. febrúar 2005*

Industria er framsækið og leiðandi fyrirtæki í ljósleiðaratækni
Meðal verkefna okkar er lagning ljósleiðara í Reykjavík

**Við leitum að rafvirkjum, símvirkjum eða fólki vönu lagnavinnu innanhúss í ofangreint verkefni**

Við bjóðum starf sem gæti hentað laghentum af báðum kynjum, hjá traustu og framsækinu fyrirtæki

Áhugasamir sendi umsóknir á jobs@industria.com
Uppl. um störfin eru veitt í símum 822-2590 og 822-2561

Industria
Design • Build • Operate

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## MENNTASVIÐ-GRUNNSKÓLAR

### Grunnskólakennarar

**Breiðholtsskóli, sími 557-3000**
- Kennari óskast í 75% stöðu við móttökudeild skólans vegna forfalla.

**Ingunnarskóli, sími 411-7828/411-7848**
- Sérkennari óskast í 50% stöðu fram á vor vegna forfalla.
- Forfallakennari óskast í Ingunnarskóla og Sæmundarsel.

**Hvassaleitisskóli, sími 570-8800**
- Kennari í tæknimennt óskast til kennslu frá og með 16. febrúar næstkomandi í 6 vikur. Kennt er 22 tíma á viku.
- Landafræðikennari óskast til kennslu í 8. 9. og 10. bekk frá og með 16. febrúar næstkomandi í 6 vikur. Kennt er 10 tíma á viku.
- Kennari óskast til kennslu í 1. bekk frá lok febrúar vegna fæðingarorlofs.

**Réttarholtsskóli, í síma 553-2720**
- Kennari óskast til kennslu í upplýsingatækni, 10-12 kennslustundir á viku.

**Hæfniskröfur:**
- Kennarapróf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

### Stuðningsfulltrúar

**Ingunnarskóli, sími 411-7828**
- Stuðningsfulltrúi óskast í 75% stöðu í Sæmundarsel.

**Helstu verkefni stuðningsfulltrúa eru:**
Að vera kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum

**Hæfniskröfur:**
- Nám stuðningsfulltrúa æskilegt
- Hæfni í samskiptum
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum
- Auðvelt að vinna í hópi

### Skólaliðar

**Árbæjarskóli, sími 567-2555**
- Skólaliði óskast í mötuneyti í 50% stöðu, möguleiki á auknu starfshlutfalli ef óskað er.

**Vesturbæjarskóli, sími 562-2296**
- Skólaliði óskast í mötuneyti nemenda í 75-100% stöðu.

**Víkurskóli, sími 545-2700**
- Skólaliði óskast til starfa við mötuneyti skólans.

**Helstu verkefni skólaliða eru:**
Að sinna nemendum í leik og starfi og að sjá um daglegar ræstingar ásamt tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**
Hæfni í mannlegum samskiptum
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
Nákvæmni í vinnubrögðum

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.grunnskolar.is

**Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

---

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



## VELFERÐARSVIÐ

### GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu sem er tilbúin til að taka að sér börn í tímabundna vistun. Fjölskyldan þarf að geta tekið á móti allt að þremur börnum á aldrinum 0 – 18 ára. Um er að ræða börn sem tímabundið geta ekki búið hjá foreldrum sínum og miðar vistunin að því að þau njóti traustra uppeldisskilyrða og öruggs heimilislífs. Heimilið þarf að vera reyklaust og án gæludýra.

**Við leitum að:**
- Fjölskyldum sem hafa reynslu af starfi með börnum.
- Fjölskyldum sem geta mætt þörfum ólíkra barna.
- Fjölskyldum þar sem a.m.k. annar aðilinn vinnur heima.

**Við bjóðum:**
- Faglegan stuðning við fjölskyldurnar.
- Aðgang að fræðslustarfi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir, forstöðumaður Vistheimilis barna Laugarásvegi 39 í síma 581-1024. Umsóknir berist til Sigrúnar Óskarsdóttir: merktar: GOTT HEIMILI FYRIR BÖRN

*Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Í því felst undirbúningur stefnumótunar í velferðarmálum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, eftirlit og mat á árangri og þróun nýrra úrræða.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

LANDFORM ehf

óskar eftir að ráða landslagsarkitekt eða aðila með skipulagsmennun. Viðkomandi verður að hafa staðgóða þekkingu á Autocad. Umsóknarfrestur er til 7. febrúar 2006. Sjá nánari umfjöllun á heimasíðu.
www.landform.is

---

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

## Bifreiðastjóri

**Óskum eftir að ráða sem fyrst. Bifreiðastjóra með réttindi á stærri bíla. Mikil vinna framundan.**

Upplýsingar veitir Auðunn Pálsson, verkstjóri í síma 840-5756.

---

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Bókasafn Kópavogs:**
- Deildarstjóri þjónustudeildar

**Kópavogsbær Upplýsingadeild:**
- Vefstjóri

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut
- Félagsráðgjafi í fjölskyldudeild
- Störf við liðveislu

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgreiðsla og baðvarsla karla

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Húsvörður
- Danskennari 11 st. á viku
- Gangavörður/ræstir

**Hjallaskóli:**
- Danskennari
- Skólaliði

**Kársnesskóli íþróttahús:**
- Baðvarsla stúlkna

**Kópavogsskóli:**
- Íþróttakennari

**Lindaskóli:**
- Dægradvöl
- Starf við gangavörslu, ræstingu og að fylgja nemendum í sund

**Smáraskóli:**
- Námsráðgjafi tímabundið

**Snælandsskóli:**
- Matráður 100%

**Nánari upplýsingar á:**
***www.kopavogur.is***
**og *www.job.is***



---

## PHP forritari óskast strax!

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, metnaðarfullur, áræðanlegur og umfram allt góður PHP forritari!

ÁHUGASAMIR SENDIÐ OKKUR TÖLVUPÓST, 8@8.is

8.is
ALLRA ÁTTA | SÍMI 588 8885 | WWW.8.IS | 8@8.IS

---

## Kranamenn óskast.

Mikil vinna, góð laun.
**Upplýsingar gefur Logi í síma 898 5369.**

---

## Meiraprófsbílstjóri

Gámastöðin óskar að ráða meiraprófsbílstjóra.
**Sími 588 5100 / gamastod@emax.is**

# ERTU FRÍSKUR OG FJÖRUGUR EÐA JAFNVEL FRÍSK OG FJÖRUG

Atom/Núlleinn leitar að öflugum forritara með drjúga reynslu og/eða menntun á sviði tölvunarfræði.

Starfssvið:
Forritunarlausnir í .Net fyrir viðskiptavini.
Þróun á Dísil CMS.
Þjónusta við viðskiptavini, greining og ráðgjöf.

Atom/Núlleinn er hugbúnaðarfyrirtæki í hjarta bæjarins. Við vinnum að spennandi verkefnum og bjóðum skemmtilegt vinnuumhverfi. Meðal viðskiptavina okkar eru nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins.

Umsóknir sendist á vinna@atom01.is eða af vefnum www.atom01.is
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ATOM/NULLEINN
Þingholtsstræti 27 - 101 Reykjavík - Sími: 520 8100

DÍSILL
Dísill CMS vefstjórnarkerfið er skrifað í .Net umhverfinu frá Microsoft. Kerfið er heilsteypt og býður upp á óþrjótandi möguleika við uppbyggingu, viðhald og umsjón vefja.

## Við leitum að sölufulltrúum í verslanir okkar.

Vinnutími er eftir hádegi og aðra hverja helgi. Sölufulltrúar okkar þurfa að vera þjónustuliprir, duglegir, samviskusamir og hafa áhuga á íþróttavörum. Störfin felast í almennri sölu og að veita viðskipavinum ráðgjöf.

Hægt er að fylla út umsóknir í verslunum okkar í Glæsibæ eða Smáralind eða á www.utilif.is.

Útilíf er traust fyrirtæki sem selur allt sem þarf til að stunda helstu íþróttir og fjölbreytta útivist. Í hverri deild starfa sérfræðingar sem leggja sig fram við að þjóna viðskiptavinum fyrirtækisins. Hjá okkur er góður starfsandi og mikil áhersla er lögð á að allir starfsmenn fái að njóta sín og fái tækifæri til að eflast í starfi.

ÚTILÍF

## Bifvélavirki / Vélvirki & verkstæðismaður

**Óskum eftir að ráða sem fyrst.**

Bifvélavirkja eða Vélvirkja og vanan verkstæðismann á verkstæði okkar að Gylfaflöt 9.

Mjög góð starfsaðstaða og þægilegt starfsumhverfi.

Upplýsingar veitir Þórir Jónsson yfirverkstjóri, í síma 696-2638.

VMS VÉLAMIÐSTÖÐIN

## Sölumaður í heildverslun með hannyrðavörur

Árval sem er heildverslun með hannyrða- og útsaumsvörur auglýsir eftir sölumanni í fullt starf. Mikilvægt er að starfsmaður hafi þekkingu á hannyrðavörum, reynslu af tölvuvinnu og búi yfir góðum samskiptahæfileikum.

Áhugasamir aðilar sendi tölvupóst á arval@arval.is eða hafi samband við Helgu í síma: 899 8043

**Árval ehf.**
Smiðjuvegur 5 • 200 Kópavogur
Sími: 564 3232

# GÓÐ STÖRF FYRIR FAGMENN

## SÖLUMAÐUR Í BYGGINGAVÖRUM

**Starfið:**
- Sala og þjónusta
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf

**Hæfniskröfur:**
- Markaðshugsun og þjónustulund
- Að lágmarki iðnmenntun á sviði byggingafræða
- Góð tungumálakunnátta og færni í töluðu og rituðu máli
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á sölumennsku

## SÖLUMAÐUR Í STÁLI OG MÁLMUM

**Starfið:**
- Sala og þjónusta
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf

**Hæfniskröfur:**
- Markaðshugsun og þjónustulund
- Sveinspróf í járniðnaði eða sambærileg menntun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á sölumennsku

## STARFSMAÐUR Í VÖRUHÚS

**Starfið:**
- Vörumóttaka og meðhöndlun
- Afgreiðsla pantana og þjónusta því tengt

**Hæfniskröfur:**
- Þjónustulund
- Samviskusemi
- Stundvísi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Lyftarapróf æskilegt, en ekki skilyrði

Umsóknir beris til Sindra-Stáls hf. Klettagörðum 12, 104 Reykjavík
**fyrir 7. febrúar** merkt **„umsókn um starf“**
eða í netpósti á **sindri@sindri.is**.

*Sindra-Stál er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki og þjónar íslenskum fyrirtækjum með stál, málma og margs konar verkfæri, vélar og byggingavörur í hæsta gæðaflokki. Fyrirtækið er þekkt sem góður og eftirsóttur vinnustaður.*

hausverk / SÍA

SINDRI

**Klettagörðum 12 • 104 Reykjavík • Sími 575 0000 • www.sindri.is**

## BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR / TÆKNIFRÆÐINGUR.

**Verkfræðistofan Hamraborg óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing til starfa sem fyrst.**

**Góð þekking á burðarþolsfræði og þekking á autocad æskileg.**

**Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is**

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími 554 2200 - Fax 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Kópavogsskóla

- **Íþróttakennara vantar til starfa frá og með 10. mars nk.**

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið

Allir frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Ólafur Guðmundsson, í síma 554 0475, netfang: **olgud@kopsk.kopavogur.is**

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

# Deildarstjóri málningardeildar í verslun okkar í Skútuvogi

**Við leitum að áhugasömum, metnaðarfullum, heiðarlegum og þjónustulunduðum einstaklingi í krefjandi starf.**

## Ábyrgðarsvið:

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir, ráðgjöf og tilboðsgerð
- Önnur tilfallandi störf

## Hæfniskröfur:

- Iðnlærður málari eða reynsla úr sambærilegu starfi
- Góð þekking á málningarefnum
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð framkoma og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Skipulögð vinnubrögð

**Við bjóðum upp á gott og öruggt starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki.**

**Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 4. febrúar n.k. og öllum umsóknum verður svarað.**

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is. Húsasmiðjan hf. Holtagörðum, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is.

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 18 talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðsstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir - allt frá grunni að góðu heimili.*

*Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni mjög öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.*

**Velkomin** í hópinn!



HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál



Flugþjónustufólk aðstoðar farþega á ýmsa vegu. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

# Hvernig verður maður flugfreyja eða flugþjónn?

**Starfið**
Hlutverk flugfreyja og flugþjóna er fjölbreytt. Þau eiga að gæta öryggis farþega og bregðast rétt við og leiðbeina þeim þegar neyðarástand eða önnur vandræði koma upp. Einnig bjóða ýmis flugfélög upp á þjónustu og sölu meðan á flugi stendur og er það þá flugfreyja og -þjóna að sjá um hana.

**Námið**
Undirbúningur til flugþjónustustarfa er mismikill og fer eftir því hvar þjálfunin fer fram. Menntaskólinn í Kópavogi býður upp á einnar annar starfsnám en starfandi flugfélög eru með sex til átta vikna nám og þjálfun.

**Inntökuskilyrði**
Þeir sem fara í undirbúningsnám verða að hafa stúdentspróf eða annað sambærilegt nám. Þar að auki er krafist góðrar tungumálakunnáttu í einu Norðurlandamáli, ensku og þriðja máli svo sem frönsku, spænsku eða þýsku.

Umsækjendur í flugþjónustunám Menntaskólans í Kópavogi verða að vera orðnir 21 árs en mörg flugfélög krefjast þess flugþjónar og -freyjur þeirra séu að minnsta kosti orðin 23 ára.

**Helstu námsgreinar**
Sem dæmi um námsgreinar sem í boði eru á flugþjónustubraut Menntaskólans í Kópavogi eru ferðafræði, reglur og skyldur áhafnar í farþegarými, eld- og reykvarnir, persónulegt öryggi áhafnar, hreinlætis- og örverufræði, fagorðaforði, flugeðlis- og veðurfræði, áhafnarsamvinna, umönnun farþega, að lifa af í sjó, vatni og landi, snyrting og framkoma, farþegaávarp, sýning öryggisbúnaðar, ferðalandafræði Íslands og útlanda, tölvunotkun, læknisfræðileg atriði og skyndihjálp.

Á námskeiðum flugfélaga er meðal annars kennd meðhöndlun ofbeldisfullra farþega, meðferð björgunarbáta, björgunarvesta, slökkvitækja, súrefnistækja og neyðarrenna, neyðarsendasamþjálfun flugfreyja og flugmanna, framreiðsla matar og drykkja í farþegarými, viðbrögð við sprengjuhótun, sala á tollfrjálsum varningi, hjálp í viðlögum og lífgun úr dauðadái.

**Að námi loknu**
Starfandi flugfreyjur og flugþjónar eru í stöðugri endurmenntun og þjálfun hvað varðar skyndihjálp, öryggisreglur, samskiptastjórnun, flugverndarmál og flutnings hættulegs varnings. Flugfélög halda upprifjunarnámskeið árlega.

(Upplýsingar fengnar af www.mk.is, www.idan.is og www.icelandair.is)




Flugfreyjur og -þjónar fara reglulega í endurmenntun og þjálfun, meðal annars í skyndihjálp. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

---

Styrktarfélag vangefinna

## Búseta

**Starfsmenn óskast til starfa á heimili við Hátegsveg.**
Um er að ræða í 42% stöðu sem er laust nú þegar og næturvakt í 77 % starf frá 01.03.06.
Nánari upplýsingar veitir Hrefna Sigurðardóttir í síma 551-0014 og 864-1230.

**Einnig vantar starfsmann til starfa á heimili í Barðavogi.**
Um er að ræða 30% starf á kvöldin og um helgar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veitir Þóra Þórisdóttir í síma 5531726 og 822-0158

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi.

Starfsmannastjóri félagsins veitir upplýsingar um ofangreind störf í síma 4140500.
Upplýsingar um Styrktarfélagið má nálgast á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum.

---

## Tækniteiknarar / Byggingafræðingur

Vegna mikilla verkefna vantar tækniteiknara til starfa sem fyrst. Einnig vantar byggingafræðing eða samb. sem hefur mikla reynslu af gerð bygginganefndarteikninga og skráningartaflna.

Umsókn með starfsferilsskrá sendist á tav@tav.is sem allra fyrst. Upplýsingar veitir Sveinn hjá Teikniþjónustu Arkitekta og Verkfræðinga ehf. í síma 664-7060 eða 517-7060.

---

VSB VERKFRÆÐISTOFA

## Verk- og tæknifræðingar

### Fagstjóri á rafmagnssviði

VSB Verkfræðistofa ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og framsækinn einstakling í starf fagstjóra á rafmagnssviði.

Á rafmagnssviði VSB starfa 3 menn við hönnun rafkerfa í byggingar, raflýsingu innan- og utanhúss og rafdreifikerfi auk ráðgjafar því tengt.

Helsta starfssvið fagstjóra er hönnun rafkerfa, gerð verklýsinga, yfirferð hönnunargagna, fagleg ábyrgð verkefna, tilboðsgerð og úthlutun verkefna á rafmagnssviði. Fagstjóri leiðir einnig faglega þróun á sviðinu.

Gerð er krafa um próf í verk- eða tæknifræði af rafmagnssviði, löggilding sem hönnuður er kostur. Reynsla af hönnun rafkerfa bygginga sem og reynsla af ráðgjöf á þessu sviði er skilyrði.

Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og þekkingu á AutoCAD. Reynsla af stjórnun og mannaforráðum mikill kostur. Áskilin er hæfni til samstarfs, frumkvæði og metnaður í starfi.

Hér er um framtíðarstarf að ræða með góða möguleika fyrir réttan einstakling.

Frekari upplýsingar veitir Örn Guðmundsson í síma 585 8609, einnig má senda fyrirspurn á netfangið orn@vsb.is

VSB Verkfræðistofa ehf er að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði. Hjá fyrirtækinu starfa 25 manns. Fyrirtækið starfar á sviði bygginga- véla og rafmagnsverkfræði við hönnun burðarvirkja, lagna- og loftræsikerfa, rafkerfa og lýsingar, byggðatækni, eftirlit, framkvæmdaráðgjöf, mælingar ofl. Á VSB er rekið öflugt starfsmannafélag sem heldur uppi kröftugu félagslífi. Frekari upplýsingar um VSB má finna á heimasíðu: www.vsb.is

## SÁÁ – bókhald

Laust er til umsóknar starf skrifstofumanns hjá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

### Starfssvið

Færsla og afstemmingar fjárhagsbókhalds í Navision Financials, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Leitað er eftir einstaklingi með góða almenna menntun Kostur ef viðkomandi hefur þekkingu á Navision Financials. Viðkomandi þarf einnig að búa yfir skipulagshæfileikum, trausti, hæfileika til að geta unnið sjálfstætt og hafa jákvætt viðmót. Góð íslenskukunnátta æskileg.

Upplýsingar veitir Ásgerður Th. Björnsdóttir framkvæmdastjóri Fjármálasviðs SÁÁ í gegnum netfangið: **asgerdur@saa.is**

Umsóknir skulu sendar til SÁÁ, Síðumúla 3, 108 Reykjavík fyrir 7. febrúar nk. merktar: "SÁÁ – bókhald"

LIÐSINNI

## Hjúkrunarfræðingar á ráðgjafa- og heilbrigðissviði Liðsinnis

Á ráðgjafasviði er um að ræða fjölbreytt starf við ráðgjöf og fræðslu á sviði heilsueflingar og vinnuverndar. Á heilbrigðissviði eru í boði störf við hjúkrun á vöktum hjá mismunandi heilbrigðisstofnum.

**Hæfniskröfur:**

- A.m.k. tveggja ára starfsreynsla við hjúkrun
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Mjög góð samskiptahæfni
- Áreiðanleiki og sveigjanleiki í starfi

Um hlutastarf er að ræða á ráðgjafarsviði, en möguleiki er á að auka starfshlutfall með vöktum á heilbrigðissviði.
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist til: Liðsinni ehf, Borgartúni 20, 4. hæð, 105 Reykjavík – merkt „Hjúkrunarfræðingar".
Upplýsingar um starfið veitir Anna Dagný Smith, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs, annadagny@lidsinni.is, og María Bragadóttir, maria@lidsinni.is, s. 533 6300.

## Barnaverndarstofa

### Staða sérfræðings við Barnahús

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings við Barnahús. Meginverksvið sérfræðingsins er á sviði rannsóknarviðtala við börn sem grunur leikur á að hafi þolað kynferðisafbrot, meðferðar barna og ráðgjafar við barnaverndarnefndir vegna meintra kynferðisbrota. Leitað er eftir félagsráðgjafa, sálfræðingi eða sérfræðingi í uppeldisfræðum. Reynsla á sviði meðferðar barna og barnaverndarstarfi æskileg en reiknað er með að viðkomandi fái þjálfun í rannsóknarviðtölum.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Barnahúss í síma 530 2500 eða forstjóri Barnaverndarstofu í síma 530 2600.

Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu og er **umsóknarfrestur til og með 6. febrúar nk.**

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## FRAMKVÆMDASVIÐ

### Skrifstofumaður á hverfastöð Stórhöfða

**Framkvæmdasvið óskar eftir að ráða skrifstofumann til starfa hjá hverfastöð skrifstofu gatna- og eignaumsýslu Stórhöfða.**

Hverfastöðvar Framkvæmdasviðs sjá um daglega þjónustu við íbúa borgarinnar vegna ábendinga og athugasemda um hvaðeina sem viðkemur starfsemi gatna- og eignaumsýslu Framkvæmdasviðs. Hverfastöðvarnar sjá m.a. um allar eignir borgarinnar, opin svæði og skólalóðir, stéttar og grasviðgerðir, ruslatínslu og stampatæmingar auk þess að sjá um að ryðja stofnanalóðir og aðra fínni snjóhreinsun.

**Starfssvið**

- Almenn skrifstofustörf
- Símsvörun, móttaka, þjónusta og upplýsingagjöf
- Umsjón með skráningu á vinnu og verkefnum starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Haldgóð tölvuþekking

Um er að ræða framtíðarstarf. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Gíslason rekstrarstjóri, hverfastöð Stórhöfða, sími: 411 8452 og kjartan.gislason@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 12. febrúar n.k. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í afgreiðslu mannauðsdeildar sem er opin 8.20-16.15 alla virka daga eða senda umsóknir með tölvupósti til mannaudsdeild.fs@reykjavik.is merktar "skrifstofumaður hverfastöð".

Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að jafna hlut kynja störfum

### Starfsmaður í móttöku þjónustuvers Framkvæmdasviðs-Nýtt starf

**Framkvæmdasvið óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku í nýtt þjónustuver sviðsins.**

Þjónustuver Framkvæmdasviðs verður staðsett i Skúlatúni 2 og er ætlað að sinna móttöku, afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini og starfsmenn. Í Skúlatúni 2 starfa um 100 starfsmenn.

**Starfssvið**

- Móttaka og skráning gesta og viðskiptavina Framkvæmdasviðs.
- Greina erindi og vísa á rétta aðila innan sviðsins.
- Önnur tilfallandi störf í þjónustuveri.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þjónustulund.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Haldgóð tölvuþekking.

Um fullt starf er að ræða, en einnig kemur til greina að ráða í tvö hlutastörf. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Ágústa B. Bjarnadóttir, deildarstjóri mannauðsdeildar (agusta.b.bjarnadottir@reykjavik.is) og María Níelsdóttir, verkefnastjóri, (maria.nielsdottir@reykjavik.is) í síma 411 8000.

Umsóknarfrestur er til 12. febrúar n.k. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í afgreiðslu mannauðsdeildar sem er opin 8.20-16.15 alla virka daga eða senda umsóknir með tölvupósti til mannaudsdeild.fs@reykjavik.is merktar îskrifstofumaður þjónustuverî.

Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að jafna hlut kynja í störfum.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar:
www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Á Framkvæmdasviði starfa um 250 starfsmenn við fjölbreytt og metnaðarfull verkefni á sviði nýbygginga, reksturs og viðhaldi mannvirkja, lóðamála og landupplýsinga.*

## KÓPAVOGSBÆR

### Starf vefstjóra
### er laust til umsóknar

**Vefstjóri mun starfa í Upplýsingadeild og hafa umsjón með innri- og ytri vef Kópavogsbæjar, annast uppfærslu og viðhald.**

**Á verksviði vefstjóra er m.a. eftirfarandi:**

- Umsjón með upplýsingavef bæjarins
- Umsjón með innri vef
- Aðstoð við umsjónarmenn undirvefja og leiðbeiningar um notkun búnaðar
- Umsjón með þjónustumælingum
- Þátttaka í undirbúningi og innleiðingu gagnvirkni upplýsingavefs

Áskilið er að umsækjendur hafi góða þekkingu á tölvum og reynslu af vefkerfum og vefumsjón.
Frestur til að sækja um starfið er til og með 3. febrúar 2006.
Umsóknir sendist Upplýsingadeild Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 200 Kópavogur en einnig má sækja um rafrænt á vefsíðu Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður Björnsson í síma 570 1600 eða 897 9565.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

## Skrifstofustarf í vörustjórnun

Rótgróið sölu- og markaðsfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfskraft í skrifstofustarf í vörustjórnun:

**Starfssvið:**

- Tollafgreiðsla
- Útflutningur
- Samskipti við birgja

**Hæfnikröfur:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þjónustulund, nákvæmni og skipulagshæfni og jákvætt hugarfar

Leitað er að ábyrgum, samviskusömum aðila með góða þjónustulund. Um tímabundið starf er að ræða með möguleika á framtíðarstarfi.

Áhugasamir sendi greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til afgreiðslu Fréttablaðsins merktar „ Skrifstofustarf í vörustjórnun" fyrir 6. febrúar n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSVIÐ

### Sjúkraliðar

**Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar að ráða sjúkraliða til starfa sem fyrst á dagdeild aldraðra Þorrasel, Þorragötu 3.**

Annars vegar er um að ræða fullt starf, vinnutími frá 08.00-16.00, hins vegar 75% starf, vinnutími frá 8.00-14.00. Í störfunum felst öll almenn þjónusta við gesti þ.á.m. aðstoð við böðun.
Þorrasel er dagdeild fyrir 40 aldraðra einstaklinga þar sem fram fer skapandi og skemmtileg starfsemi.
Góð vinnuaðstaða í fallegu umhverfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.
Nánari upplýsingar veita: Droplaug Guðnadóttir í síma 411-2700, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is og Björg Einarsdóttir í síma 561 2828, netfang: bjorg.einarsdottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skilað á Félags- og þjónustumiðstöðina Aflagranda 40 fyrir 14. febrúar 2006.

### Vaktavinna

**Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar að ráða starfsmann í félagslega heimaþjónustu í Þjónustuíbúðir aldraðra, Lönguhlíð 3.**

Starfshlutfall er 50%. Starfið felst í almennum heimilisstörfum, félagslegum stuðningi og persónulegri aðstoð við íbúa. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.
**Ennfremur óskum við að ráða starfsmann til afleysinga á næturvaktir.**
Hvort sem þú ert að leita að framtíðarstarfi eða vantar vinnu með skóla, hafðu samband og við munum taka vel á móti þér.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Nánari upplýsingar gefur Lilja Sörladóttir í síma 552 4161, netfang: lilja.sorladottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skilað í Þjónustuíbúðir aldraða Lönguhlíð 3 105 Reykjavík 14. febrúar 2006.

### Kvöld- og helgarþjónusta

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis leitar að starfsfólki til að sinna kvöld- og helgarþjónustu, sem verið er að koma á fót í Háaleitishverfi.**

Um er að ræða átta tíma vaktir frá kl. 15.30 og frá kl. 08.00 um helgar. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

**Helstu verkefni:**
- Aðstoð við fólk í heimahúsum í samvinnu við heimahjúkrun ásamt félagslegum stuðningi og hvatningu.

**Hæfniskröfur**:
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Félagsliðamenntun er æskileg og reynsla af umönnunar- eða heimaþjónustustörfum.
- Ökuréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Álfhildur Hallgrímsdóttir í síma 535 2720, netfang: alfhildur.hallgrimsdottir@reykjavik.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.
Umsóknum skal skilað á Félags- og þjónustumiðstöðina Hvassaleiti 56-58 fyrir 14. febrúar 2006.

### Leiðbeinandi

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir að ráða leiðbeinanda í félagsstarf í Félags- og þjónustumiðstöðina í Hvassaleiti 56-58.**

Um er að ræða hlutastarf, vinnutími eftir samkomulagi.
**Helstu verkefni:**
- Virkja fólk til félagslegrar þátttöku.
- Vinna að verkefnum og uppákomum sem örva sköpunargleði og stuðla að auknum lífsgæðum fólks.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
- Fjölhæfni og hugmyndaauðgi.
- Færni til hvetja, leiðbeina og miðla þekkingu.

Nánari upplýsingar veitir Álfhildur Hallgrímsdóttir í síma 535 2720, netfang: alfhildur.hallgrimsdottir@reykjavik.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Umsóknum skal skilað á Félags- og þjónustumiðstöðina Hvassaleiti 56-58 fyrir 14. febrúar 2006.

### Sjúkraliði

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir sjúkraliða í Þjónustuíbúðir aldraðra að Furugerði 1.**

Í starfinu felst meðal annars aðstoð við böðun, fylgjast með heilsufari og líðan íbúa.
Leitað er að einstaklingi með mikla hæfileika í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.
Í boði er áhugavert starf á góðum vinnustað.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.
Nánari upplýsingar veitir Margrét Benediktsdóttir í síma 553 6040, netfang: margret.benediktsdottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skilað í Þjónustuíbúðir aldraðra, Furugerði 1, 108 Reykjavík fyrir 14. febrúar 2006.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Þjónustu- og rekstrarsvið fer með þjónustu, innkaupamál, upplýsingatækni og rekstur. Nýstofnaðar þjónustumiðstöðvar í hverfum heyra undir sviðið, innkaupa- og rekstrarskrifstofa, skrifstofa þjónustu- og upplýsingatækni, upplýsingatæknimiðstöð og símaver.*

SSR
SVÆÐISSKRIFSTOFA
MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

## Þjónustukjarnar í Reykjavík

Nú þegar vantar fólk til starfa í fullar stöður og hlutastöður að þjónustukjörnum SSR. Starfið felst í aðstoð við fólk í sjálfstæri búsetu á Reykjavíkursvæðinu. Ýmsir vaktamöguleikar eru í boði. Stuðningur, fræðsla og skipulögð aðlögun er fyrir nýtt starfsfólk. Reynsla af vinnu með fötluðum, stúdentspróf, námskeið stéttarfélaga, félagsliðanám eða háskólanám sem nýtist í starfi kemur til hækkunar launa.

Áhersla er lögð á skipulögð og vönduð vinnubrögð og jákvætt viðmót.. Einnig þarf starfsfólk að hafa áhuga á starfa í samvinnu við fólk með fötlun, geta sýnt frumkvæði og sjálfstæði, auk hæfni í samskiptum og samvinnu.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Upplýsingar veita Jónína Gunnlaugsdóttir í 869-3547, jonina@ssr.is og Hildur Reynisdóttir í 899-8614, hildurre@ssr.is Upplýsingar um SSR er að finna á slóðinni http://www.ssr.is
Hægt er að sækja um á heimsíðunni og á aðalskrifstofu SSR, Síðumúla 39.

- Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár
- Laun eru í samræmi við samninga ríkisins og SFR
- Umsóknarfrestur er til 13.febrúar 2006
- Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun.

## IsPol vinnumiðlunin
## útvegar pólskt starfsfólk

Upplýsingar og góða þjónustu veitir Ingibjörg Þorvaldsdóttir í símum 8947799 og 4721227 eða ispol@visir.is

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Kynnisferðir ehf. auglýsa eftir starfsmanni til að annast gerð reikninga og annað er tengist bókhaldi. Um er að ræða fullt starf, þar sem unnið er virka daga frá kl. 08:30-16:30, eða eftir samkomulagi.

Hæfniskröfur:
- að hafa áður unnið við bókhald og reikningagerð, háskólapróf er kostur
- góð þekking á helstu tölvuforritum sem stuðst er við í bókhaldi
- vönduð, skipulögð og áreiðanleg vinnubrögð
- fáguð framkoma og aðlögunarhæfileikar
- góð kunnátta í íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 4. febrúar 2006.
Umsóknir sendist til starfsmannastjóra Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi eða á netfangið: sigridur@re.is. Öllum umsóknum svarað eftir að umsóknarfrestur rennur út.

oasis

Leitum eftir metnaðarfullu starfsfólki með góða þjónustulund í verslun okkar í Smáralind. Fullt starf og hlutastarf í boði.
Áhugasamir sendi umsókn ásamt mynd á **kalli@oasis.is**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Tækni- og umhverfissvið

**Tækni- og umhverfissvið Akureyrarbæjar** óskar eftir að ráða verkefnisstjóra skipulagsmála. Lögð er áhersla á jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Verkefnastjóri skipulagsmála, Umhverfisdeild

**Starfssvið:**

- Umsjón með gerð aðal- og deiliskipulags bæjarins.
- Samskipti við ráðgjafa.
- Ber ábyrgð á auglýsingum og kynningarferli skipulagstillagna.
- Yfirfer skipulagsuppdrætti og býr þá undir auglýsingu og kynningu.
- Tekur þátt í undirbúningi funda umhverfisráðs.
- Situr formlega afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa.
- Stjórnar ákveðnum verkefnum á verkefnalista umhverfisdeildar.
- Annast gerð minni háttar deiliskipulags- og aðalskipulagsuppdrátta.
- Annast samskipti við Skipulagsstofnun í tengslum við skipulagsgerð.
- Ber ábyrgð á auglýsingum og upplýsingum um skipulags- og byggingarmál og uppfærslu þeirra á heimasíðu umhverfisdeildar.
- Veitir upplýsingar um skipulagsmál til almennings.
- Ber ábyrgð á vistun og skráningu skipulagsgagna.

**Menntun og hæfniskröfur:**
Arkitekt, skipulagsfræðingur, eða sambærileg menntun.
Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
Góð almenn tölvukunnátta ss. á MicroStation ásamt Lotus Notes og Erindreka (ekki skilyrði).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Bolli Jóhannesson, deildarstjóri í síma 460 1142, netfang: pbj@akureyri.is.

Akureyrarbær stefnir að því að hlutur kynjanna í stjórnunarstöðum verði sem jafnastur og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um þessi störf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar Geislagötu 9 á eyðublöðum sem þar fást. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu bæjarins **www.akureyri.is.**

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k.**

**Tækni- og umhverfissvið Akureyrarbæjar**

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

---

# INNKAUPARI!

## INNKAUPARI Í ÁLNAVÖRU!

Vegna aukinna umsvifa leitar Rúmfatalagerinn að dugmiklum, framtakssömum og samviskusömum starfsmanni til að starfa í Rúmfatalagernum. Reynsla af innkaupum er kostur en ekki skilyrði. Gerð er krafa um stundvísi, nákvæmni og sjálfstæðum vinnubrögðum. Umsækjandi skal hafa fágaða framkomu, vera samviskusamur og hafa hreinan sakaferil.

### STARFSVIÐ:

- Sala og þjónusta
- Innkaupastýring
- Innkaup og sýningar erlendis
- Ábyrgð og yfirsýn á heildarbirgðastöðu
- Ábyrgð með skráningu birgða og vörutalninga
- Samskipti og samningagerð við innlenda og erlenda birgja

### HÆFNISKRÖFUR:

- Brennandi áhugi á innkaupum
- Áhugi á sölumennsku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Markaðshugsun
- Frumkvæði
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknir berist til magnus@rumfatalagerinn.is, fyrir 10. febrúar eða í Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1, 201 Kópavogi.

Umsóknareyðublöð má einnig nálgast í verslunum okkar eða inn á vefsíðunni okkar, rumfatalagerinn.is

Öllum umsóknum verður svarað!



Rúmfatalagerinn er verslunarfyrirtæki og opnaði sína fyrstu verslun á Íslandi árið 1987. Nú eru reknar 4 verslanir hér á landi ásamt 23 verslunum í Kanda, 1 í Færeyjum, 7 í Lettlandi, 5 í Litháen, 4 í Eistlandi og 1 í Búlgaríu. Rúmfatalagerinn hefur alltaf keppst við að bjóða mikið vöruúrval á besta mögulega verði hverju sinni.

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| Smáratorgi 1<br>200 Kópavogi<br>510 7000<br>Póstkrafa<br>Smáratorgi 1<br>510 7020 | Holtagörðum<br>v/Holtaveg<br>104 Reykjavík<br>588 7499 | Skeifunni 13<br>108 Reykjavík<br>568 7499 | Glerártorg<br>600 Akureyri<br>463 3333<br>Póstkrafa<br>Glerártorg<br>463 3333 |

www.rumfatalagerinn.is

---

## RE/MAX • KÓPAVOGI
### SÖLUFULLTRÚAR FASTEIGNA

RE/MAX KÓPAVOGI óskar eftir að ráða metnaðarfulla sölufulltrúa til starfa strax.

RE/MAX KÓPAVOGI leggur mikinn metnað í fagleg vinnubrögð og fara allir sölufulltrúar í gegnum starfsþjálfun.

Tekið verður á móti umsóknum hjá RE/MAX KÓPAVOGI að Bæjarlind 12, frá kl. 11:00 til 13:00 mánudaginn **30. janúar**

TOPP ÞJÓNUSTA

RE/MAX KÓPAVOGUR
Bæjarlind 12
201 Kópavogur
Þórarinn Jónsson, hdl. Löggiltur fasteignasali

RE/MAX KÓPAVOGUR

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



VELFERÐARSVIÐ

## Barnavernd Reykjavíkur

**Laus er til umsóknar staða ráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur.**

Starfið felur að mestu leiti í sér samskipti við lögreglu, viðveru við skýrslutöku af börnum, hjá lögreglu og fyrir dómi, auk samskipta við börn, foreldra þeirra og aðra samstarfsaðila.

Skrifstofa barnaverndarnefndar ber ábyrgð á meðferð einstakra mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Starfsmenn annast m.a. móttöku og mat tilkynninga um óviðunandi aðbúnað barna/unglinga, könnun á aðbúnaði þeirra, gerð og eftirfylgd meðferðaráætlana, meðferð, stuðning og eftirlit í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá sjá þeir um málefni fósturbarna, vistanir á meðferðar/einkaheimili auk umsagna í ættleiðingar, forsjár- og umgengnis málum.

**Menntun og hæfni:**
Umsækjandi þarf að hafa háskólamenntun í félagsráðgjöf eða skyldum greinum og æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af meðferðarvinnu eða fjölskyldustuðningi.

Starfið gerir kröfur til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir ásamt hæfni til skýrrar tjáningar munnlega og skriflega.

**Laun:**
Skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttafélags. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri barnaverndarnefndar Halldóra Gunnarsdóttir, í síma 535 2600. Umsóknir sendist til:

**BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR**
**SKIPHOLTI 50 b,**
**105 REYKJAVÍK**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Í því felst undirbúningur stefnumótunar í velferðarmálum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, eftirlit og mat á árangri og þróun nýrra úrræða.*

365

## Prófarkalestur

365 ljósvaka- og prentmiðlar vilja ráða prófarkalesara í hlutastarf. BA-próf í íslensku eða sambærileg menntun er skilyrði. Þá er mikill bóklestur gott veganesti í starfið.

Starf fyrir röskt og vandvirkt fólk sem lætur kvöldvinnutíma ekki á sig fá.

Lysthafendur snúi sér til Hjörleifs Sveinbjörnssonar á netfanginu hjorleifur.sveinbjornsson@365.is

digital ísland DV FRÉTTABLAÐIÐ

# LÖGFRÆÐINGAR

## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ (FME) AUGLÝSIR TVÆR NÝJAR STÖÐUR TIL UMSÓKNAR VEGNA AUKINNA VERKEFNA

**FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstíl, hátt menntunarstig og öfluga liðsheild. Starfsfólkið er helsta auðlind FME og því er lögð áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er skemmtilegt og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi.**

**1. Peningaþvætti og tengd verkefni** – Í starfinu felst eftirlit með lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Í því felst meðal annars eftirlit með framfylgni reglna, gerð leiðbeinandi tilmæla og þátttaka í innlendum nefndum. Viðkomandi verður tengiliður við alþjóðlegar eftirlitsstofnanir á þessu sviði auk tengdra verkefna.

**2. Starfsemi fjármálafyrirtækja** – Í starfinu felst eftirlit með fjármálafyrirtækjum s.s. í tengslum við erlenda starfsemi, afgreiðslu starfsleyfa og eftirlit með starfsháttum og starfsheimildum.

**Æskilegir eiginleikar sem horft er til:**
- Viðeigandi starfsreynsla t.d. af fjármálamarkaði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til þátttöku í hópvinnu
- Tungumálakunnátta

Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2006. Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Bjarnadóttir, sími: 5252 700. Umsóknir og starfsferilsskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur, Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík eða á netfangið hulda@fme.is

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Heilsugæslustöðin Ólafsvík

## Laus er til umsóknar staða heilsugæslulæknis við Heilsugæsluna Ólafsvík.

Starfssvæði Heilsugæslunnar í Ólafsvík er Snæfellsbær og eru íbúar um 1750. Stöðin er vel mönnuð H 2 stöð og vinnuaðstaða góð. Gott íbúðarhúsnæði er á staðnum.

Umsóknir með upplýsingum um læknismenntun og störf skulu berast til Bjargar Báru Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra, Heilsugæslustöðinni Ólafsvík, Engihlíð 28, 355 Ólafsvík, sími 430-6502, netfang: *bbarah@hgolafsvik.is* sem gefur jafnframt nánari upplýsingar um starfið ásamt Hrafni V.Friðrikssyni, yfirlækni í síma 430-6500, netfang: *hrafn.v.fridriksson@hgolafsvik.is*

**Umsóknarfrestur er til 1.mars 2006.**

Heilsugæslan Ólafsvík
Engihlíð 28
355 Ólafsvík

TILKYNNINGAR

# Námskeið

**vegna leyfis til að gera eignaskiptayfirlýsingar.**

Námskeið í gerð eignaskiptayfirlýsinga hefst 13. febrúar 2006. Kennt verður 13. febrúar til 10. mars, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, kl. 17:00-20:00. Próf verður 31. mars og 1. apríl. Námskeiðið er haldið samkvæmt lögum um fjöleignarhús og reglugerð um leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar. Þátttöku ber að tilkynna til Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Dunhaga 5, 107 Reykjavík, sími 525 4444, í síðasta lagi miðvikudaginn 1. febrúar 2006. Námskeiðsgjald er kr. 89.000 og prófgjald kr. 31.000. **Fyrirvari er gerður um næga þátttöku.**

*Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga*

SD GOURMET

# Starfsmaður á lager

Sælkeradreifing sem er heildverslun á matvörumarkaði óskar eftir að ráða lagerstarfsmann. Starfið felst í vörumóttöku, frágangi á lager og tiltekt á vörupöntunum. Við leitum af starfsmanni sem er:

- áhugasamur, stundvís og áreiðanlegur
- duglegur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með lyftararéttindi (æskilegt en ekki skilyrði)

Starfið hentar vel fyrir duglegan og samviskusaman einstakling sem hefur áhuga á að starfa með góðum og samhentum hópi fólks. Umsækjendur hafi samband við Einar Sigurðsson lagerstjóra í síma 822 8399.

## Sölumenn á neytendamarkaði

Framsækin og ört vaxandi heildverslun á matvörumarkaði óskar eftir að ráða sölumenn fyrir neytendavöru. Um er að ræða spennandi starfsvettvang fyrir öfluga einstaklinga sem hafa metnað til að sanna sig og ná árangri í starfi.

Starfið felst í umsjá með sölu, framstllingum og kynningum á vörum fyrirtæksins í matvöruverslunum. Við leitum af starfsfólki sem hefur:

- Reynslu af sölumennsku á matvörumarkaði
- Hæfileika og getu til að skipuleggja, móta og framkvæma verkefni
- Framúrskarandi samskiptahæfileika, frumkvæði og dugnað
- Vilja og metnað til að ná árangri í starfi og getu til að vinna undir álagi
- Áhuga á að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi með öflugum starfshópi

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt „NV-12“ fyrir 6. febrúar nk.

## Til leigu – verslunar og lagerhúsnæði – svæði 108

**Til leigu er verslunar- og lagerhúsnæði með góðum skrifstofum og fundaaðstöðu.**

Verslunarayímið er um 200 ferm, lagerinn 150 ferm að grunnfleti með millihillulofti (alls 300 ferm.) og skrifstofu-, kaffi- og fundaaðstaða um 150 ferm. Alls um 500 ferm. Leigist í einu lagi.

Verslunargluggar snúa að umferðargötu. Hentar fyir heildsölu, bílavörur, smærri byggingavörur o.m. fl.
**Laust frá lokum febrúar.**
**Upplýsingar veittar í 89 60 599.**




RE/MAX

# Fasteignablað

59. tölublað • 4. árgangur • 29. janúar 2006

RE/MAX®

RE/MAX BÚI









# Asparholt 2

225 Álftanes

Glæsileg íbúð á útsýnisstað.

**Verð: 22,5 mill.**
Stærð: 96 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2004

Staðhættir og ástand: 3ja herberjga íbúð á annari hæð með sérinngangi af svölum. Nánari lýsing: Forstofa með skáp. Eldhús með fallegri birkiinnréttinu, svartri borðplötu og keramik helluborði. Stofa, borðstofa og eldhús eru samliggjandi, útgengi út á stórar svalir. Baðherbergi með birkiinnréttingu, baðkari og flísalagt í hólf og gólf. Herbergi eru bæði með skápum úr birki. Geymsla og þvottahús eru inn í íbúð. Gólfefni eru parket úr hlyn og mustang flísar. Hurðir eru úr birki.


Sigurður Guðmundsson hdl. lögg. fasteignasali

Garðar Hólm Sölufulltrúi **899 8811** gardar@remax.is

Sighvatur Sölufulltrúi **864 4615** sighvatur@remax.is








# Faxabraut 35b

230 Keflavík

Opið hús mán 30.jan 18:00 - 18:30

**Verð: 20,6 mill.**
Stærð: 171,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1960
Brunabótamat: 19,7 mill.
Bílskúr: 39,8 fm

Virkilega skemmtilegt raðhús á tveimur hæðum með stórum bílskúr. Flísalögð forstofa. Inn af forstofu er gestasnyrting og geymsla undir stiga. Flísalagt alrými. Eldhús með upprunalegri innréttingu, borðkrókur. Inn af eldhúsi er þvotthús með hurð út í garð, forhitari á vatni. Rúmgóð tvískipt stofa, úr henni er gengið út í garð aftan við húsið. Á efri hæð eru fjögur herbergi, á hjónaherb. eru svalir. Flísalagt baðherb. með baðkari. Eigninni fylgir stór bílskúr. Hiti, rafmagn og bílskúrshurðaopnari. Fallegur garður.

RE/MAX BÚI


Sigurður Guðmundsson hdl. lögg. fasteignasali

Jóhanna Sölufulltrúi **699 5680** johanna@remax.is

Sigríður Sölufulltrúi **663 3219** sigga@remax.is








# Jörfabakki 8

109 Reykjavík

Opið hús í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 21,9 mill.**
Stærð: 119,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 13,2 mill.

Virkilega falleg og snyrtileg íbúð með 25 fm herbergi í kjallara með aðgangi að salerni. Flisalögð forstofa með fataskáp. Eldhús með hvítri innréttingu, þvottahús inn af eldhúsi. Rúmgóð stofa og borðstofa,parket á gólfum, úr stofu er gengið út á svalir. Svefnherb. með miklu skápaplássi, úr herbergi er gengið út á svalir, parketlagt. Tvö herbergi, parketlögð. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, baðkar með sturtu, kirsuberjainnrétting, allt á baði nýuppgert. Skemmtileg eign með möguleika á leigutekjum.

RE/MAX BÚI


Sigurður Guðmundsson hdl. lögg. fasteignasali

Jóhanna Sölufulltrúi **699 5680** johanna@remax.is

Sigríður Sölufulltrúi **663 3219** sigga@remax.is








# Berjarimi 32

112 Reykjavík

Opið hús **í dag** kl. 15:00 – 15:30

**Verð: 17.600.000**
Stærð: 80 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1996
Brunabótamat: 9,7 millj.

Skemmtileg 2-3ja herb íbúð á annari hæð með sérinngangi og frábæru útsýni. Eikarparket er á gólfum og flísalögð forstofa. Mjög falleg eldhúsinnrétting með góðum tækjum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Gott skápapláss í svefnh. Verið er að innrétta herb.í risi sem er um 15fm. Sér þvottahús innan íbúðar.

RE/MAX BÚI


Sigurður Guðmundsson hdl. lögg.fasteignasali

Svana Sölufulltrúi 866 9512 svana@remax.is








# Suðurgata 10

190 Vogar

Opið hús Í dag milli 14:30 - 15:30

**Verð: 32,9 mill.**
Stærð: 164 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 26,8 mill.
Bílskúr: 50 fm

fallegt 164 fm einbýlishús á frábærum stað í Vogunum með 50 fm bílskúr byggðum 1999. Heitur pottur og verönd aðeins 20 mín akstur frá Hafnarfirði. Nánari lýsing: Komið er inn í flísalagða forstofu með skáp.Eldhús með góðri ljósri innréttingu og flísum á gólfi þar inn af er einnig inngangur með góðri forstofu. Stofan er stór og björt með parket á gólfi. Aðgengi er úr stofu út á verönd með heitum pott.Sjónvarpshol er rúmgott með parket. Baðherbergi er flísalagt og með góðri ljósri

RE/MAX STJARNAN


Rúnar S. Gíslason hdl. lögg. fasteignasali

Kristín Hafdís Sölufulltrúi **822 4997** kristinh@remax.is








# Flétturimi 11

112 Reykjavík

Opið hús í dag milli 14:00 - 15:00

**Verð: 19,9 mill.**
Stærð: 108,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 12 mill.
Bílskúr: Bílskýli

Falleg og björt 3ja herb. íbúð í Grafarvogi. Íbúðin er á efstu hæð og er með miklu útsýni. Bílskýli með góðri þvottaaðstöðu fylgir íbúðinni. Nánari lýsing Forstofa með fataskáp. Eldhús með hvítri innréttingu. Svefnherbergi Tvö, rúmgóð og með góðum fataskápum. Stór stofa og borðstofa með svölum til vesturs og miklu útsýni. Baðherbergi er með baðkari og sturtuaðstöðu. Þvottahús innan íbúðar. Gólfefni: Nýtt eikarparket Mikil lofthæð er í allri íbúðinni. Í sameign er geymsla ásamt sameiginlegri hjólreiðageymsla.

RE/MAX STJARNAN


Rúnar S. Gíslason hdl. lögg. fasteignasali

Hörður Sölufulltrúi **899 5209** hordur@remax.is

Guðrún Sölufulltrúi **697 3629** gudrun@remax.is








# Sóleyjarhlíð 3

221 Hafnarfjörður

Opið hús í dag milli 15:00 - 16:00

**Verð: 20,9 mill.**
Stærð: 99
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 13 mill.

Falleg og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á góðum stað í Hafnarfirði Nánari lýsing: Forstofa með fataskáp //hjónaherbergi og tvö barnaberbergi með fataskápum // Eldhús með hvítri innréttingu og flísum á gólfi og milli skápa // Björt og falleg stofa og borðstofa með útgengi út á suðursvalir // rúmgott baðherbergi með glugga, baðkar með sturtu. Gólfefni: Flísar, parket og dúkur. Íbúðinni fylgir byggingarréttur á 2ja bílageymslu.

RE/MAX STJARNAN


Rúnar S. Gíslason hdl. lögg. fasteignasali

Hörður Sölufulltrúi **899 5209** hordur@remax.is

Guðrún Sölufulltrúi **697 3629** gudrun@remax.is


Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

www.remax.is



RE/MAX
STJARNAN





## Álfholt 32

220 Hafnarfjörður
Opið hús í dag milli  15:00 - 15:30

**Verð: 31.5 mill.**
Stærð: 160 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 24 mill.

Falleg íbúð á 3ju hæð á frábærum útsýnisstað í Hafnarfirði. Íbúðin er á tveimur hæðum. Stórkostlegt útsýni er úr íbúðinni til vesturs og norðurs. Sameign  er snyrtileg og hefur húsið fengið verðlaun fyrir snyrtilegt og fallegt umhverfi. Neðri hæð 94 fm.: Forstofa með flísum og fataskáp. Innaf forstofu er vinnuherb./ barnaherb. Eldhús með hvítri innréttingu, keramik helluborði, bökunarofni í vegg og góðum borðkrók. Innaf eldhúsi er þvottahús með góðri innréttingu. Stofa/borðstofa með útgengi út á flísalagðar suður svalir. Baðherb. með baðkari. Hjónaherbergi með skápum.  Efri hæð 70 fm.: Risið er allt nýuppgert og skiptist í : tvö stór barnaherb. alrými, baðherb. m. sturtu og geymslu. Fjórir fallegir Velux gluggar eru í risinu. Fallegt eikarparket er á gólfi. Falleg íbúð á góðum stað. Stutt í alla þjónsutu. Íbúðin er laus við



Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



Lóa
Sölufulltrúi
**698 8733**
loa@remax.is

---



RE/MAX
STJARNAN





## Flétturimi 3

112 Reykjavík

**Verð: 20,9 mill.**
Stærð: 90,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1990
Brunabótamat: 13,8 mill.
Bílskúr: Bílskýli

Staðsetning og ástand:  Falleg íbúð á 2 hæð á mjög barnvænum stað í Grafarvoginum. Eignin skiptist í: tvö góð svefnherbergi með skápum, eldhús, þvottahús inn af eldhúsi, baðherbergi og mjög stóra stofu og broðstofu. Nánari lýsing: Forstofa með skáp. Eldhús rúmgott með hvítri innréttingu, borðkrók, flísum á gólfi  og þvottaherbergi innaf. Tvö mjög rúmgóð svefnherbergi með skápum. Sérstaklega rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi út á svalir. Baðherbergi er með baðkari og er flísalagt í hólf og gólf. Geymsla er í sameign. Sameign og blokk  er er mjög snyrtileg í vel viðhaldið.. Rúmgóð íbúð á barnvænum stað.  Stutt í alla þjónsutu s.s. skóla,leikskóla og verslanir. Íbúðin er laus 1.mars.



Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



Lóa
Sölufulltrúi
**698 8733**
loa@remax.is

---





RE/MAX
STJARNAN

## Yrsufell 12

111 Reykjavík

**Verð: 32.9 mill.**
Stærð: 141 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 20,3 mill.
Bílskúr: 21,6 fm

Staðsetning og ástand:  Gott raðhús á góðum stað í Fellahverfinu ásamt bílskúr. Steniklætt hús, heitur pottur í garði og gufubað í kjallara. Aðalhæð 141,2 fm. : Forstofa með flísum og fatahengi. Þrjú ágæt barnaherbergi og rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Tvö baðherbergi. Þvottahús.  Stórt eldhús með borðkrók. Stofa / borðstofa með útgengi út í góðan suður garð sem er með heitum potti. Úr stofu er stigi upp í sjónvarpsrými sem er 20 fm. og er ekki inni í fm.tölu. Kjallari 60 fm.



Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



Lóa
Sölufulltrúi
**698 8733**
loa@remax.is

---



RE/MAX
STJARNAN

## Lyngás, Tvær íbúðir

210 Garðabær

**Verð: 27,9 mill.**
Stærð: 141,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 19,3 mill.

Tvær íbúðir á jarðhæð.  Lausar við kaupsamning. Stærri íbúðin 101,4 fm. Komið inn í hol með góðum fataskáp. Rúmg. svefnherbergi með góðum skáp. Tvö rúmg. barnaherbergi. Á herbergum er fallegt ljóst plastparket.  Stór stofa/borðstofa, parket á gólfi. Eldhús með ljósri innréttingu, borðkrókur. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað, skipt um tæki og flísalagt. Sér geymsla og þvotthús er í sameign.  Minni íbúðin (ósamþykkt) 40,2 fm  Komið inn á flísalagðan gang með fatahengi. baðherb. með sturtu.



Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



Páll
Sölufulltrúi
**690 4994**
pall@remax.is

---





RE/MAX
STJARNAN

## Túngata 3

245 Sandgerði
Opið hús Í dag milli  16:00 - 16:45

**Verð: 9,5 mill.**
Stærð: 90 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1950
Brunabótamat: 9,4 mill.

90 fm íbúð í tvíbýlishúsi á góðum stað í Sandgerði með tveimur sérinngöngum , fallegri verönd og góðum garði sem snýr beint til suðurs. Komið er inn í forstofu.Baðherbergi með baðkari.Rúmgott eldhús með flísum á gólfi og snyrtilegri viðarinnréttingu, aðgengi inn á gang þar sem er barnaherbergi og þvottahús.Hjónaherbergi rúmgott með skáp,dúkur á gólfi.Stofan er björt með plastparket á gólfi og herbergi þar inn af með plastparketi. Skólp og þak nýlegt.Góð eign fyrir laghentan einstakling.



Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali



Kristín Hafdís
Sölufulltrúi
**822 4997**
kristinh@remax.is

---





RE/MAX
BORG

## Suðurhlíð 35

105 Reykjavík
Opið hús í dag milli  15:00 - 16:00

**Verð: 43.5 mill.**
Stærð: 134,3
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1957
Brunabótamat: 14.6 mill.

Einbýlishús á stórri og gróðursællri 1.298,3m² leigulóð. Húsið er 4ra til 5 herbergja á einni hæð úr timbri, mjög vel staðsett í Suðurhlíðunum, nálægt sjávarsíðunni og Nauthólsvíkinni.  Elhús m/borðkrók. Baðherbergi með baðkari.  Góð stofa, þar sem opið er inn í rúmgóða sólstofu.  Útgengt er úr sólstofu út á verönd, í fallega ræktaðan garð.



Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali



Eggert
Sölufulltrúi
**893 1819**
eggert@remax.is

---

**www.remax.is**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign




RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Sunnuflöt 48

210 Garðabær
Opið hús Í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 54,8 mill.**
Stærð: 264 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 28,5 mill.
Bílskúr: 63 fm

EIN BESTA STAÐSETNINGIN Á FLÖTUNUM. Einbýlishús á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr. 2 forstofur innangengt í bílskúr frá annarri þeirra. Eldhús endurnýjað með vönduðum tækjum. Sjónvarpshol og 2 samliggjandi stofur, útgengt í garðinn. 5 svefnherbergi og fataherbergi. Rúmgott baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og innréttingu. Mjög vel staðsett hús innst í botnlanga sem býður upp á gífurlegan möguleika og auðvelt að breyta eftir sínu höfði og gera að sínu. - LAUS STRAX



RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Birtingakvísl 48

110 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 16:00 - 16:30

**Verð: 39,5 mill.**
Stærð: 213 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1987
Brunabótamat: 21,4 mill.
Bílskúr: 21,7 fm

7 herbergja raðhús á 3 pöllum ásamt 27,7 fm bílskúr. Gengið inn á miðhæð. 1-2 herbergi, þvottahús og baðherbergi. Á 2. palli er eldhús og stofa, útgengt í garð frá stofu. Á 3.ja palli eru 2 rúmgóð herbergi og stórt baðherbergi. Kjallari er með stórt herbergi, vinnuhol og herbergi með sauna innaf.



RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Lágholt 7

270 Mosfellsbær
Opið hús Í dag milli 14:00 - 14:30

**Verð: 39,7 mill.**
Stærð: 206 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1966
Brunabótamat: 22,6 mill.
Bílskúr: 50 fm

Rúmgott einbýlishús á einni hæð með stórum 50 fm. bílskúr, stórum grónum garði og glæsilegu tréhúsi. Húsið er steypt með álklæðningu. 5 svefnherbergi, stór rúmgóð stofa, endurnýjað eldhús með þvottahúsi innaf, baðherbergi er einnig nýlega endurnýjað. Skemmtileg eign í botnlanga þar sem er stutt í alla þjónustu



RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Núpalind 2

201 Kópavogi
Opið hús Í dag milli 17:00 - 17:30

**Verð: 27,9 mill.**
Stærð: 116,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1999
Brunabótamat: 18,0 mill.
Bílskúr: Bílskýli

Mjög falleg 4ja herbergja íbúð á annari hæð ásamt bílskýli á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Svefnherbergi eru 2 hægt að hafa 3, eldhús er með fallegri maghony innréttingu og granít borðplötu. Baðherbergi mjög snyrtilegt flísalagt í hólf og gólf bæði með baðkari og sturtu. 2 rúmgóðar stofur samliggjandi og parketlagðar.



RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Berjarimi 26

112 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 18,9 mill.**
Stærð: 74,3 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 9,7 mill.
Bílskúr: Bílskýli

Sérlega glæsileg íbúð á 2. hæð með sérinngangi og upphituðu bílskýli. Eldhús með fallegri ljósri innréttingu glerskápum og stáltækjum. Baðherbergi er mjög vandað, flísalagt í hólf og gólf með baðkari. Stofa og borðstofa eru samliggjandi, parket á gólfum og hátt til lofts. Flott eign sem vert er að skoða.




RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Grettisgata 68

101 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 17:00 - 17:30

**Verð: 18,9 mill.**
Stærð: 90 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1930
Brunabótamat: 10,7 mill.

Mjög skemmtileg og töluvert endurnýjuð íbúð á 2. hæð. Bara ein íbúð á hæð. 2 svefnherbergi og stofa (eða 2 stofur og 1 herbergi). Flísalagt baðherbergi með sturtu, endurnýjað eldhús með flísum á gólfi. Í sameign eru 2 sérgeymslur, önnur stór með glugga sem er eins og aukaherbergi. Frábær íbúð í hjarta Reykjavíkur.



RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Kambasel 46

109 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 16:00 - 16:30

**Verð: 15,7 mill.**
Stærð: 70,3 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 9,1 mill.

Snyrtileg íbúð á jarðhæð með sérgarði á þessum vinsæla stað í Seljahverfi. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu og borðkrók, þvottahús innaf eldhúsi. Stofa og borðstofa með parketi og útgengt í suðurgarð. Baðherbergi með flísalögðu gólfi og sturtuklefa. Svefnherbergi með fataskáp. Vel skipulögð eign á góðum stað í Breiðholti.




RE/MAX MJÓDD


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550


Hafdís Sölufulltrúi **895 6107** hafdis@remax.is


Ásdís Ósk Sölufulltrúi **863 0402** asdis@remax.is

## Suðurhólar 4

111 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 16:00 - 16:30

**Verð: 17,5 mill.**
Stærð: 106 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 12,2 mill.

4 herbergja íbúð á 4. hæð með frábæru útsýni, 3 svefnherbergi, rúmgott hol með góðum skáp. Eldhús er með vandaðri eikarinnréttingu og borðkrók, stofa með parketi og útgengt á góðar svalir. Baðherbergi mjög rúmgott, flísalagt gólf. Vel skipulögð eign á góðum stað í Breiðholti, mjög stutt í skóla - LAUS STRAX.

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

www.remax.is

RE/MAX







## Borgarhraun 9

240 Grindavík
Opið hús Í dag milli 16:00 - 17:00

**Verð: 31,5 mill.**
Stærð: 185,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1968
Brunabótamat: 24,7 fm
Bílskúr: já

Remax kynnir glæsilegt einbýlishús, allt ný standsett að innan,með áföstum upphituðum bílskúr. Eyja er í eldhúsinu með keramik helluborði og innbyggðum bakarofni, háfur fyrir ofan (gert ráð fyrir amerískum ísskáp).Stórt og gott hjónaherbergi með gegnheilu eikar parketi. Úr fataherbergi, sem er inn af hjónaherberginu, er gengið út á einstaklega vel hannaða 90 fm.verönd með rúmlega árs gömlum rafmagns- potti, sem er að hálfu flísalögð og rest er tréverk. Baðherbergið er stórt með sturtu , fallegri Mahogny innréttingu, innan gengt inní fataherbergi. Úr forstofu er gengið inn í stórt herbergi, ca.20 fm.með sér snyrtingu,hægt að innrétta sem sér einstaklings íbúð. Allir gluggar eru með tvöföldu gleri, og flestir hafa verið endurnýjaðir í frönskum stíl. Rafmagn endurnýjað með nýrri rafmagns töflu, vatnslagnir endurnýjaðar og

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Magga
Sölufulltrúi
698 7494
magga@remax.is

Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is





RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Gnoðarvogur 54

104 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 13:00 - 13:30

**Verð: 18,2 mill.**
Stærð: 75,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1957
Brunabótamat: 9,9 mill.

Nýstandsett eign á frábærum stað í vogunum. Eignin er í fallegu 4ra íbúða steinhúsi. Í eldhúsi er allt nýtt, innrétting og tæki. Hvít háglans innrétting með svörtum granítflísum og gaseldavél. Stofa og eldhús er sama í rými, svartar rósettur í lofti og ný ljós í allri íbúðinni sem fylgja. Nýtt fallegt parkett á gólfum. Stórir gluggar eru í íbúðinni. Útg. úr stofu út á æðislegar suður svalir. Tvö svefnherb. Garðurinn er skjólsæll með stór og falleg tré. Stutt í alla þjónustu , gönguleiðir í Laugardal og Elliðaárdal.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is

Magga
Sölufulltrúi
698 7494
magga@remax.is





RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Vallargerði 38

200 Kópavogur
Opið hús Í dag milli 14:00 - 14:30

**Verð: 35,5 mill.**
Stærð: 170,2 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1960
Brunabótamat: 21 mill.
Bílskúr: Innréttaðu

Remax kynnir nýuppgerða 127,1fm, 5 herbergja neðri sérhæð ásamt 43,1fm bílskúr í þríbýlishúsi á góðum stað í Kópavogi. Sameiginlegur flísalagður inngangur með efri hæðinni. Komið er inn í flísalagða forstofu og íbúðin skiptist í góða stofu, fjögur ágæt herbergi tvö með fataskáp, eldhús með nýrri innréttingu og tækjum. Þvottahús og geymsla nokkuð stór. Útgengt er út á baklóð úr þvottahúsi. Bílskúrinn er skemmtilega innréttaður sem 2-3herb. íbúð og er hann leigður út í dag fyrir um 65. þúsund

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Vernharð
Sölufulltrúi
699 7372
venni@remax.is

Magga
Sölufulltrúi
698 7494
magga@remax.is





RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Álfaskeið 102

220 Hafnarfirði
Opið hús Í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 12.8 mill.**
Stærð: 63.1 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1965
Brunabótamat: 8.2 mill.

2ja herb. íbúð á annarri hæð í fjölbýli. Forstofa með ljósum flísum og fatahengi. Stofa með vestur-svölum. Eldhús með eldri innréttingu og borðkrók við glugga. Plastparket er á stofu og eldhúsi. Svefnherbergi með skáp og dúk á gólfi. Lítið baðherbergi með sturtuklefa og flísum á gólfi. Í kjallara er sér geymsla og sameiginleg hjólageymsla og þvottahús. Frábær fyrsta eign.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Hrafnhildur
Sölufulltrúi
869 8150
hrafnhildur@remax.is





RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Arnarás 15

210 Garðabæ
Opið hús Í dag milli 14:00 - 14:30

**Verð: 19.5 mill.**
Stærð: 76.7 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 2000
Brunabótamat: 15.9 mill.

Falleg og björt 2ja herb. íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Sér inngangur. Björt stofa og borðstofa, eldhús með góðri innréttingu. Þvottahús inn af eldhúsi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Svefnherbergi rúmgott með góðum skápum. Náttúruflíar og rauðeik á gólfum. Skjólgóður suður- garður og opið, náttúrulegt svæði sunnan við húsið. Falleg eign á frábærum stað.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Hrafnhildur
Sölufulltrúi
869 8150
hrafnhildur@remax.is





RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Breiðvangur 18

220 Hafnarfirði
Opið hús Í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 23.5 mill.**
Stærð: 142.2 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1976
Brunabótamat: 14.8 mill.
Bílskúr: 24 fm

Góð 4ra hreb. 117,4 fm íbúð á fjórðu hæð í góðu fjölbýli, ásamt 24 fm bílskúr. Í kjallara er geymsla og auka herbergi. Forstofa, borðstofa og stofa með ljósum flísum. Þrjú parketlögð herbergi, tvö þeirra með skápum. Baðherbergi með glugga, baðkari og eldri innréttingu. Eldhús með snyrtilegri viðarinnréttingu og borðkrók við glugga. Þvottahús inn af eldhúsi. Snyrtileg sameign. Húsið nýlega klætt og í góðu ástandi.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Hrafnhildur
Sölufulltrúi
869 8150
hrafnhildur@remax.is



RE/MAX
KÓPAVOGUR

## Dvergholt 23

220 Hafnarfirði
Opið hús Í dag milli 16:00 - 16:30

**Verð: 20,9 mill.**
Stærð: 107.5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 14,5 mill.

Mjög vel staðsett 98,4 fm. Íbúð á 2 hæð í góðu fjölbýli í Hafnarfirði. 3 herbergi með góðum skápum og baðherbergi með baðkari og nýrri innréttingu. Stofan er parketlögð og með góðu útsýni. Í eldhúsi er hvít innrétting. Þvottahús innan íbúðar. Í sameign er geymsla með hillum 9.1fm. samtals 107,5 fm. Eign sem vert er að skoða.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Guðbergur
Sölufulltrúi
893 6001
beggi@remax.is

www.remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

# RE/MAX





RE/MAX KÓPAVOGUR

## Hrísrimi 8

112 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 15:30 - 16:00

**Verð: 22 mill.**
Stærð: 95,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 12,5 mill.

Góð efri hæð í enda með sérinngangi. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi með góðum skápum og parketi á gólfum. Góð stofa með parketi á gólfi. Eldhús er með beiki/hvítri innréttingu, góð tæki, tenging fyrir uppþvottavél og rúmgóður borðkrókur. Laus fljótlega. Fallegt sérbýli í góðu hverfi og stutt í alla helstu þjónustu og skóla.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Kolbeinn Sölufulltrúi **694 9100** kolbeinn@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Seljavegur 33

101 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 14:30 - 15:00

**Verð: 21 mill.**
Stærð: 80,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1941
Brunabótamat: 9,0 mill.

Ný falleg uppgerð 4ra herb. íbúð á þriðju hæð í vinsælu hverfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur, hvíttuð eik á gólfum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, sturta með sturtubotni. Eldhús er með nýrri eikar innréttingu frá Innex, flísalagt með steinflísum. Mjög mikið endurnýjað. Eignin er laus við kaupsamning.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Kolbeinn Sölufulltrúi **694 9100** kolbeinn@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Stórholt 25

105 Reykjavík
Góð eign í nágreni miðbæjarins

**Verð: 13 mill.**
Stærð: 56,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1945
Brunabótamat: 7,2 mill.

Falleg 2ja herb. í vinsælu hverfi. Eldhús með góðri innréttingu, fín tæki og lítill borðkrókur. Stofa með parketi á gólfi og fallegum listum í lofti. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með sturtu. Mikið endurnýjuð eign. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Kolbeinn Sölufulltrúi **694 9100** kolbeinn@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Veitingahús Nauthóll

Nauthólsvík R-vík
Eignin selst til flutnings

**Verð: 12,5 mill.**
Stærð: 120,4 fm
Byggingarár: 1999

Um er að ræða 75,4 fm Norskt RC timburhús og samfast 45 fm gámahús, samtals 120,4 fm. Þetta er mjög gott hús sem hentugt er að flytja. Húsinu fylgir allur búnaður til veitingarekstrar, borð og stólar, borðbúnaður, eldurnargræjur, uppþvottalína, grill, Gastro bakarofn, hrærivél, kæligeymsla, frystigeymsla og margt fleira.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Kolbeinn Sölufulltrúi **694 9100** kolbeinn@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Hvammabraut 12

220 Hafnarfirði

**Verð: 18,9 mill.**
Stærð: 104,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 13,7 mill.

Björt og rúmgóð 4ra herb. íbúð á 2.hæð með útsýni yfir hafið. Íbúðin skiptist í: Forstofa m/ skáp. Stofa með útgengi á suður svalir, þrjú svefnherb.m/skápum, baðherb.m/dúk á gólfi og baðkari m/sturtuhengi, eldhús m/ljósri innréttingu og borðkrók. Sameiginlegt þurrkherb. og hjólageymsla, ásamt sér geymslu á 1.hæð. LAUS VIÐ KAUPSAMNING

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Guðbergur Sölufulltrúi **893 6001** beggi@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Laugavegur 8

101 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 16:30 - 17:00

**Verð: 15,9 mill.**
Stærð: 61 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1960
Brunabótamat: 7,4 mill.

2ja herbergja 61 fm íbúð í bakhúsi við Laugaveg. Íbúðin var nýlega standsett og með sérinngangi. Nánari lýsing: Komið er inn á flísalagðan gang með fatahengi. Baðherbergið er flísalagt með góðri innréttingu, baðkari/sturtuaðstöðu og aðstöðu fyrir þvottavél. Eldhúsið er með ljósri innréttingu og fínum skápum. Stofan er björt og rúmgóð. Svefnherbergið er með góðum skáp. Fallegt plastparket er á gólfum. Snorri Sturluson tekur á móti gestum í dag milli 16:30-17:00.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Snorri Sölufulltrúi **699 4407** snorri@remax.is



RE/MAX KÓPAVOGUR

## Lómasalir 4

201 Kópavogur
Opið hús í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 18,3 mill.**
Stærð: 83 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 13 mill.

2ja herbergja íbúð í Salahverfinu í Kópavogi. Stæði í bílageymslu fylgir. Nánari lýsing: Komið er inn í opið rými með skáp, eldhúsið er opið inn í stofu, stofan er rúmgóð með útgengi út á flísalagðar svalir, svefnherbergið er stórt með skápum, baðherbergið er flísalagt með baðkari með sturtuaðstöðu, handklæðaofni og upphengdu klóssetti. Þvottahús er innan íbúðar. Sér geymsla er í sameign. Snorri Sturluson tekur á móti gestum í dag milli 15:00-15:30.

Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Snorri Sölufulltrúi **699 4407** snorri@remax.is



RE/MAX BORG

## Nökkvavogur 31

104 Reykjavík
Opið hús í dag milli 15:00 - 16:00

**Verð: 15,4 fm**
Stærð: 76,3 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1949
Brunabótamat: 9 mill.

Björt og falleg 3ja herbergja íbúð í tvíbýli, lítið niðurgrafinn með sérinngangi. Forstofa, gangur og eldhús er flísalagt. Baðherbergi flísalagt með baðkari. Rúmgóð stofa með flísum og góð samliggjandi herbergi með dúk á gólfi. Íbúðin þarfnast standsetningar og er með mikla möguleika á þessum eftirsótta stað.

Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali

Einar Sölufulltrúi **663 1818** einar@remax.is

Brynjar Sölufulltrúi **696 8875** brynjar@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

**www.remax.is**

# RE/MAX



## Flyðrugrandi 12

107 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 13:00 - 13:30

**Verð: 16,2 mill.**
Stærð: 65,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1979
Brunabótamat: 9 mill.

Góð þriggja herbergja íbúð í Vesturbænum. Forstofan er dúkalögð með skápum. Eldhús er með góðri innréttingu. Flísar á milli eldhúsbekkja og efri skápa. Opið er á milli eldhúss og stofu. Stofan er björt og þaðan er hægt að ganga út á hellulagða verönd. Garðurinn snýr í suður. Baðherbergi með baðkari og léttri innréttingu. Dúkur á gólfi. Flísar í kringum baðkarið. Svefnherbergi er parketlagt og með nýjum fataskáp. Skápar á milli herbergja hafa verið teknir og gert að einu stóru herbergi.

RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is



## Hörpulundur 3

210 Garðabær
Opið hús Í dag milli 14:00 - 14:30

**Verð: 57 mill.**
Stærð: 279,2 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 33,1 mill.
Bílskúr: 48,7 fm

Mjög gott 279 fm einbýlishús á frábærum stað við Hörpulund í Garðabæ. Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum.Hjónaherbergið er parketlagt með skápum og fataherbergi. Barnaherbergin eru þrjú, tvö eru parketlögð og með skápum, eitt er dúklagt. Eldhúsið er flísalagt og með góðum innréttingum. Rúmgóð stofa sem er parketlögð. Flísalögð sólstofa með heitum potti. Baðherbergið er nýuppgert og er með hornbaðkari og sturtu.

RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is



## Hringbraut 103

101 Reykjavík
Opið hús Í dag milli 13:00 - 13:30

**Verð: 15,8 mill.**
Stærð: 70,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1942
Brunabótamat: 8,4 mill.

Glæsileg mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð við Hringbraut í Reykjavík. Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Eldhúsið er flísalagt og með góðri innréttingu. Stofan er parketlögð. Flísalagt baðherbergi með sturtu. Hjónaherbergið er parketlagt og með skápum. Barnaherbergið er parketlagt og er með skápum. Geymsla og sameiginlegt þvottahús er í kjallara. Íbúðin var öll tekin í gegn fyrir 5 árum.

RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is



## Klukkurimi 8

112 Reykjavík

**Verð: 35,9 mill.**
Stærð: 170,1 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 21,9 fm
Bílskúr: 25,5 fm

Mjög fallegt 170 fm parhús í Grafarvogi. Neðri hæð. Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum. Inn af forstofunni er gestaklósett. Eldhúsið er flísalagt með kirsuberja innréttingum. Stofan er parketlögð með útgengi út á pall og góðan garð. Efri hæð. Þrjú herbergi eru á efri hæð og eru þau parketlögð og með skápum, útgengi er á svalir úr hjónaherberginu. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf og er með baðkari og sturtu. Þvottahúsið er flísalagt.

RE/MAX KÓPAVOGUR

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is

RE/MAX KÓPAVOGUR





## Holtagerði 38

200 Kópavogi
Opið hús Í dag milli 16:00 - 16:30

**Verð: 49,9 mill.**
Stærð: 190,5 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1958
Brunabótamat: 19,3 mill.
Bílskúr: 30,7 fm

Glæsilegt uppgert einbýlishús á besta stað í Kópavogi. Húsið skiptist í: forstofu, eldhús, stofa, borðstofa, sjónvarpshol, fjögur herbergi, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Fallegt eldhúsinnrétting og góð tæki í eldhúsi. Rúmgóð og björt stofa. Glæsilegt uppgert baðherbergi með stóru baðkari og sturtuklefa. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Hiti í eldhúsgólfi, gangi, forstofu og baðherbergi. Mikið útsýni. Suðursvalir. Fallegur og skjólgóður garður. Húsið er sérlega vel viðhaldið og er þetta stórglæsileg eign sem gerð hefur verið upp á mjög smekklegan hátt.

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

RE/MAX KÓPAVOGUR





## Vallargerði 2

200 Kópavogi
Opið hús Í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 64 mill.**
Stærð: 330 fm
Fjöldi herbergja: 9
Byggingarár: 1965
Brunabótamat: 27,6 mill.
Bílskúr: 49 fm

Glæsilegt einbýlishús með tveimur aukaíbúðum á góðum stað í vesturbæ Kópavogs. Aðalíbúðin skiptist í: forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þrjú herbergi og geymsla/þvottahús. Íbúð í risi: Yfir hæðinni er stór (84.3 m²) 3-4 herbergja íbúð. Aukaíbúð í kjallara: Tveggja herbergja íbúð í góðu ástandi með sérinngangi. Mjög fallegur og skjólgóður garður er við húsið með stórri timburverönd og heitum rafmagnspotti.

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

**www.remax.is**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

# GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Kynning
## Aðalskipulag Garðabæjar 2004 – 2016

Nú stendur yfir kynning á tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016 í göngugötunni á Garðatorgi. Eru bæjarbúar hvattir til að koma og kynna sér aðalskipulagstillöguna.

Sérstakur kynningarfundur verður haldinn í göngugötunni þriðjudaginn 31. janúar n.k. kl.17 og munu formaður skipulagsnefndar, bæjarstjóri og ráðgjafar við skipulagsvinnuna kynna þar aðalskipulagstillöguna.

Frestur til að gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna er til og með 3. febrúar n.k.

Vakin er athygli á, að aðalskipulagstillagan er kynnt í heild sinni á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is.

*Bæjarverkfræðingur*

**Tækni- og umhverfissvið**

FÍR

## Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 miðvikudaginn 15. febrúar 2006 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 145 fullgildra félagsmanna.

Reykjavík 27. janúar 2006.

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja

# Bolvíkingar - Þorrablót

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfkraft til afgreiðslustarfa í verslunum okkar. Vinnutími er frá kl 07-13 daglega. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

### Nonnabiti
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Saumakona óskast, þarf að geta unnið sjálfstætt. Þarf að vera vön. Uppl. í s. 867 3460.

Tvo háseta vana netaveiðum vantar á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

## Atvinna óskast

25 ára maður óskar eftir að komast á sjó. Óreyndur. Uppl. í s. 699 4175.

Óska eftir að komast á samning í gull og/eða skartgripasmíði. Uppl. gefur Lára í s. 695 6303.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

Hefur þú áhuga á 100 þús. + aukalegri innkomu á mánuði? Aukavinna.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Ljóni tæplega 2ja ára köttur hvarf frá heimili sínu í Ljósheimum 1, 7. jan. sl. Er brúnbröndóttur, með eyrnamerkingu OH4106. Ákaflega blíður köttur. Vinsamlega hafið samband í 567 2316 eða 822 0163.

## Tilkynningar

Aðalfundur SARK Aðalfundur Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju verður kl. 12:30 laugardaginn 18. febrúar að Fosshótel Lind. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

## Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ!!!
2.DISKA DVD KR 3.990-
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á 2.950-
ALLAR VHS Á 1.490-
GRENÁSVIDEO.IS
GRENSÁSVEGI 24.S.568-6635
OPIÐ 15-23:30.

67 ára kona óskar að kynnast góðum eldri manni, vantar félagsskap. Svar sendist FBL merkt "Febrúar"

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



## LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

### Vallengi 7 - 4ra herbergja



Frum

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14–16**

Björt og rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 2 hæðum í vinsælu og vel staðsettu PERMAFORM-húsi. Sérinngangur. Á neðri hæð er; fremri forstofa, hol, eldhús,stofa, gestasnyrting og þvottahús.Suðursvalir.Uppi eru 3 herbergi og baðherbergi. Barnvæn lóð. Öll þjónusta í göngufæri s.s. leikskóli, grunnskóli, Borgarholtsskóli, Spöngin ofl. ÍBÚÐIN GETUR VERIÐ LAUS VIÐ KAUPSAMNING. **Verð 21,9 millj.**

**OPIÐ Á LUNDI FRÁ KL. 12-14 Í DAG**

*Jóhannes Ásgeirsson hdl., lögg. fasteignasali*

## LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

### BJARTAHLÍÐ 6 – MOS



Frum

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 14-16**

Gott og vel staðsett 113 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist í; fremri forstofu með skápum, hol, opið eldhús með vandaðri innréttingu og tækjum, stóra stofu með útgengi á vesturverönd, 2 góð svefnherbergi með skápum, flísalagt baðherbergi og innaf því þvottahús með innréttingu. Flísar á aðalgólfum. Innihurðir og skápar eru af vandaðri gerð og mikil lofthæð er yfir stofu og eldhúsi en að hluta til eru loft tekin niður og nýtt sem geymsla. Góð timburverönd er austan við húsið við hlið inngangs og að vestan þ.e. garðmegin er stór timburverönd í fallegum grónum garði. **Verð 29,9 millj.**

**OPIÐ Á LUNDI FRÁ KL. 12-14 Í DAG**

*Jóhannes Ásgeirsson hdl., lögg. fasteignasali*

## HB FASTEIGNIR
Sími 534 4400 • Hús Verslunarinnar, Kringlan 7 • 103 Reykjavík
Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteigna- og skipasali — Félag fasteignasala

### Einbýlishús
Ásvallagata 101 einb. á 3 hæðum m/bíls. NÝTT
Einimelur 107 glæsilegt einb. Tilb óskast. NÝTT
Grettisgata 101 Rvík Verð 41 millj. NÝTT
Logafold 112 Rvík - Verð 60,5 millj.
Miðtún m/aukaíbúð Selfoss - Verð 31,4 millj.

### 4ra herbergja
Rauðhamrar 112 SELT
Kristnibraut 25 Grafarholti jarðh. gott aðg. Verð 28,4 millj.
ATH. laust við kaupsamning.

### 3ja herbergja
Sóleyjarhlíð Hafnarfj. 77,2 fm frábær eign. Verð 17,5 millj.
Hringbraut 101 Rvík 57,3 fm Verð 15,5 millj.
Ljósavík 112 Rvík 105 fm. Verð 25,6 millj.
Vífilsgata 105 Rvík 99.2 fm m/bílsk. Verð 21,3 millj.

Frum

### Fyrir fjáfesta
Hús með 4-7 íbúðum nýtt í sölu.
Iðnaðarhúsn. Hveragerði u.þ.b. 500 fm. NÝTT
Iðnaðarhús 274,7 fm á góðum stað.
Í Hafnarfirði Verð 34,5 millj. LAUST.

### KAUPENDUR/SELJENDUR
**Kaupendur hjá okkur er alltaf opið hús. Seljendur skoðum og verðmetum samdægurs. Hafið samband við sölumenn.**



*Kári Kort, sölustjóri, sími 892 2506*

# SJÓNARHORN



Seltjarnarneskirkja að vetrarlagi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

# SUNNUDAGURINN




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞÓRARINN HUGLEIKUR DAGSON ER BARA ÁNÆGÐUR Á SUNNUDÖGUM.**

## *Ekkert slæmt við sunnudaga*

**Best:** „Sunnudagar eru ekkert ósvipaðir öðrum dögum hjá mér því ég vinn líka á sunnudögum. En það sem mér finnst best við sunnudaga er að þá eru allir heimildarþættir vikunnar endursýndir yfir daginn á RÚV.

**Verst:** „Mér finnst eiginlega ekkert slæmt við sunnudaga," segir Þórarinn Hugleikur Dagsson, myndasöguhöfundur.


**Opið í dag sunnudag**



**Útsala 50%**

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

**Mörg góð tilboð**

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

**Opið í dag sunnudag 12-16**



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

## 5 PLÖTUR

### REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA



**REGÍNA ÓSK** Söngkonan hæfileikaríka er afar hrifin af lifandi sálartónlist.

# Ljúfir tónar




**KATIE MELUA - CALL OF THE SEARCH** „Þetta er síðasta platan sem ég keypti og ég hef hlustað mikið á hana. Hún er alveg yndisleg. Ég kemst ekki á tónleikana í mars því það er uppselt en ef það verða aukatónleikar langar mig að fara.“



**ALICIA KEYS - UNPLUGGED** „Ég fékk þessa í jólagjöf og fíla hana ótrúlega vel. Hún er alveg frábær söngkona, lagasmiður og píanóleikari.“



**STEVIE WONDER - NATURAL WONDER** „Þetta er tvöföld plata. Þarna eru stórir tónleikar sem voru haldnir 2001. Hann er reyndar farinn að slaufa yfir sig í seinni tíð en lögin standa fyrir sínu.“



**ERYKAH BADU - LIVE** „Fyrsta platan hét Baduizm og þessi er live. Hún er með svo geggjaðar bakraddir og svo er hún frábær söngkona sjálf með flott „grúv“. Þótt þessi plata sé gömul er þetta ein af þeim sem ég fer alltaf í. Þessa plötu hlustar maður ekki bara á einu sinni heldur stendur hún alltaf fyrir sínu.“



**JÓNSI** Þessi plata kom mér skemmtilega á óvart. Það er flottur hljómur á henni og það er sérstaklega eitt lag sem ég hlusta á sem heitir Ég elska þig svo blint. Mér finnst þessi plata mjög flott og hann Jónsi er að sýna aðrar hliðar á sér sem ég kann að meta.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Ýmsar æfingar til sjálfsstyrkingar

Fimm vikna sjálfsstyrkingarnámskeið byrjar miðvikudaginn 1. febrúar og er það Rannveig Þyrí Guðmundsdóttir sem stendur fyrir því. „Þetta er fimm vikna námskeið og verður á miðvikudögum frá sex til hálfníu. Það verða strákar og stelpur í bland og dagskráin felur í sér ýmsar æfingar og leiki,“ segir Rannveig og lofar góðum árangri á skömmum tíma en hún hefur áður stýrt slíkum námskeiðum. „Æfingarnar eru samtvinnaðar af hugsun og hreyfingu. Ég er með mastergráðu í NLP sem snýst um taugarnar, tungumálið og hreyfinguna og ég byggi námskeiðið að vissu leyti á því námi,“ segir Rannveig sem einnig hefur unnið með börnum og unglingum í um 20 ár og hefur einnig unnið á geðdeild og ætti því að þekkja aðeins inn á mannlega hegðun og tilfinningar.



**RANNVEIG ÞYRI GUÐMUNDSDÓTTIR** Hún fer af stað með sjálfsstyrkingarnámskeið þann 1. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá þeim sem sótt hafa námskeiðin og það er virkilega gaman hve þetta hefur hjálpað mörgum mikið. Á námskeiðið geta allir skráð sig en ég tek þó ekki að mér börn. Hver hópur samanstendur af 12-15 aðilum á öllum aldri því það er mikilvægt að fólk geri ekki eingöngu æfingarnar með jafnöldrum sínum. Í verðinu er svo innifalinn einn einkatími fyrir hvern og einn því það er oft eitthvað sem fólk treystir sér ekki til að ræða frammi fyrir öllum hópnum.“

Fyrir áhugasama um sjálfstyrkingarnámskeiðin er bent á vefsíðuna www.sjalfsstyrking.is og það má senda póst á rannveig@sjalfsstyrking.is. ■

HYUNDAI Official Partner
www.hyundai.is

# Nýr og ferskur Getz

**Fullkomin uppskrift að stórum smábíl**

**Nýtt útlit, nýjar vélar og nýr búnaður**

Komdu á frumsýningu um helgina




Verð frá kr. 1.230.000

**Bílasamningur kr. 12.996 á mánuði***

**Opið frá klukkan 12 til 16 bæði laugardag og sunnudag.**
**Komdu og sjáðu hvernig góður bíll getur orðið ENN betri.**

Með bílinn handa þér

Í tilefni af frumsýningunni fylgja vetrardekk öllum Hyundai bílum sem sérstakur kaupauki, aðeins þessa helgi.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.*







| Santa Fe HM 2006 | Tucson | Terracan HM 2006 | Sonata | Trajet 7 manna |
|---|---|---|---|---|
| Verð frá kr. 2.670.000 | Verð frá kr. 2.320.000 | Verð frá kr. 3.650.000 | Verð frá kr. 2.220.000 | Verð frá kr. 2.240.000 |
| *Bílasamningur kr. 28.213** | *Bílasamningur kr. 24.515** | *Bílasamningur kr. 38.568** | *Bílasamningur kr. 23.459** | *Bílasamningur kr. 23.670** |

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtur og gengi erlendra mynta.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is












> SUNNUDAGUR MEÐ BIRNI ÞÓR



**GUÐBJÖRG GLÓÐ LOGADÓTTIR** Fyrirtækið Fylgifiskar var stofnað á Suðurlandsbraut 10 sumarið 2002 og útibú við Skólavörðustíg 8 í mars 2004. Hjá fyrirtækinu er keppst við að gera betur í dag en í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fiskur í hvert mál

**Rokbarin komum við Guðbjörg Glóð Logadóttir okkur fyrir í þægilegum leðursófunum á Salti við Pósthússtræti. Enn einum annasömum degi er lokið. Guðbjörg brosir þegar hún hugsar til þess að í sumar fer hún sumarfrí í fyrsta sinn síðan fyrirtækið Fylgifiskar var stofnað fyrir tæpum fjórum árum.**

„Ég er búin að panta mér ferð til Tenerife þar sem ég ætla að slappa af á Dale Carnegie- og hugleiðslunámskeiði,“ segir hún um sumarfríið sem í vændum er. Annirnar undanfarin ár hafa verið miklar og Guðbjörg hefur verið vakin og sofin í starfi sínu.

Fyrirtækið Fylgifiskar við Suðurlandsbraut var stofnað sumarið 2002 og tæpum tveimur árum síðar var opnað útibú við Skólavörðustíg. Fyrir viðskiptavina eru Fylgifiskar fyrst og fremst verslun með úrvals fiskrétti en Guðbjörg segir hugmyndina að fyrirtækinu mun stærri og aðeins hafi hluta hennar verið hrint í framkvæmd. Ómögulegt er hins vegar að toga upp úr henni hver þessi stóra hugmynd nú er. „Ég vil ekki segja það og guð og lukkan verða bara að leiða í ljós hvað gerist,“ segir hún og gerist dularfull. Og þar við situr.

Hagfræði hagsýnu húsmóðurinnar er beitt í rekstri Fylgifiska. Ekki er eytt um efni fram og ekki rasað um ráð fram. „Við lögðum auralítil af stað og þegar svo er hugsar maður hlutina öðruvísi. Peningaleysi býr til bestu lausnirnar því þá þarf að gera allt á hagkvæman hátt.“ Sem dæmi um ódýrar lausnir nefnir Guðbjörg að fyrstu innréttingarnar í Fylgifiskum voru keyptar í IKEA, flest tæki og tól voru eins og sjást á venjulegum heimilum, ruslatunnan var áður óhreinatauskarfa ömmu Guðbjargar og gamla fartölvan hennar frá námsárunum var lengi vel aðaltölva fyrirtækisins.

### Fisksalan færð til nútímans

Hugmyndin að Fylgifiskum hafði velkst í kolli Guðbjargar í nokkur ár áður en hún lét til skarar skríða. Hún er frá Suðurnesjum, alin upp í sterkum tengslum við sjávarútveg og fiskvinnslu og var ungri kennt að bera virðingu fyrir fiski. „Fjölskyldan rak ferskfiskvinnslu og pabbi er frumkvöðull í útflutningi á ferskum fiski með flugi,“ segir Guðbjörg og getur þess einnig að móðir hennar sé afbragðs kokkur og hafi töfrað fram margan gómsætan fiskréttinn um ævina. „Það var mikil áhersla lögð á fisk og til dæmis fórum við oftast á staði sem buðu upp á fiskrétti þegar fjölskyldan fór út að borða.“ Guðbjörgu er enn í fersku minni gratíneruð ýsa með rækjum á Pottinum og pönnunni sem var meiriháttar nýjung á sínum tíma.

„Við vildum færa fisksölu til nútímans og fá fólk til að líta á fisk sem þá munaðar- og gæðavöru sem hann er,“ segir Guðbjörg um hugmyndina að baki Fylgifiskum og bendir á að verslun hafi breyst á undanförnum árum; búðir séu mun glæsilegri en áður var en fiskbúðirnar hafi setið eftir. „Ég treysti því að Íslendingar væru tilbúnir fyrir verslun eins og Fylgifiska árið 2002 og þeir hafa staðist væntingar, fólk er til í að prófa.“

### Ekkert auglýst fyrstu árin

Dagurinn í Fylgifiskum hefst klukkan átta en verslanirnar eru opnaðar hálf tólf. Guðbjörg gengur í öll störf, hún sker og kryddar, afgreiðir og gengur frá og sinnir skrifstofustörfunum að auki. „Það er alltaf gaman í vinnunni,“ segir hún en viðurkennir fúslega að fjármálavafstrið við stofnun fyrirtækisins hafi verið leiðinlegt.

Í ljósi þröngs fjárhags í upphafi og nauðsynlegrar forgangsröðunar auglýstu Fylgifiskar ekki fyrstu tvö árin. „Við höfðum ekki efni á því og treystum á góðan orðstír. Það gekk, þetta spurðist út og viðskiptavinum fjölgaði jafnt og þétt. Þetta tók tíma og þolinmæði en um leið fengum við tækifæri til að þróast og þroskast. Við hefðum ekki enst lengi ef það hefði verið röð út að dyrum frá fyrsta degi. Við seljum gæði og megum ekki stækka hraðar en við ráðum við.“

Guðbjörg segir viðskiptavina kröfuharða og veita gott aðhald. Hjá Fylgifiskum sé keppikefli að gera betur í dag en í gær og þannig keppi starfsfólkið við sjálft sig. „Okkur finnst við ekki vera í samkeppni við aðra en erum auðvitað í samkeppni við alla sem selja mat. Ef ég horfi á eftir manni ganga inn í kjötbúð vona ég bara að hann langi næst í fisk. Þetta er spurning um val á hverjum degi og við viljum koma til greina.“

Öfugt við aðrar fiskbúðir er mest að gera í Fylgifiskum á föstudögum og mesti annatíminn er í kringum jól og áramót.

### Laxness uppsprettan að nafninu

Á bak við allt er saga og það á vitaskuld við um nafn Fylgifiska. „Það varð til heima í stofu en nafnavalið var eitt það erfiðasta í öllu ferlinu. Ég hef alltaf verið hrifin af Halldóri Laxness og systir mín var á þeirri skoðun að búðin ætti að heita Laxness, það tengist laxi og skáldinu væri sómi sýndur. Við ræddum þetta fram og til baka og ég sagði allt í einu: „Hverjir heldurðu að verði fylgifiskar þess,“ og sá fyrir mér lögsóknir. Um leið og ég sagði þetta greip ég nafnið á lofti. Halldór var því eiginlega uppsprettan að nafninu.“

Það var einmitt Laxness sem sagði að lífið væri saltfiskur og þótt líf Guðbjargar í Fylgifiskum snúist að mestu um fisk, ferskan sem saltan, er það ekki bara saltfiskur. Hún hefur mikinn áhuga á bókmenntum og öðrum listum, sækir listviðburði og grúskar og pælir. „Ég les allt nema æviminningar,“ segir hún og hlær. Þessa stundina er Rokland Hallgríms Helgasonar á náttborðinu en oftast rata þangað bækur erlendra höfunda.

Guðbjörg hefur líka áhuga á stjórnmálum og tók þátt í pólitísku starfi fyrir nokkrum árum. „Ég hef alltaf viljað sameiningu vinstri flokkanna og tók þátt sem óháð í J-listanum í Reykjanesbæ. Ég var varabæjarfulltrúi og sat í nokkrum nefndum fyrir bæjarfélagið.“ Hún segist hafa kynnst pólitíkinni ágætlega og um leið komist að því að stjórnmál væru ekki fyrir hana.

### Tekur ofan fyrir forfeðrunum

Guðbjörg Glóð er trú uppruna sínum og borðar fisk á hverjum degi. Og þó að sjávarútvegsumræðan hafi þagnað í samfélaginu er rifist um kvóta í eldhúsinu í Fylgifiskum. „Ég sakna þess að ekki er lengur tekist almennilega á um sjávarútvegsmálin,“ segir Guðbjörg sem býr ekki aðeins að reynslu úr fjölskyldufyrirtækinu heldur hefur próf í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri upp á vasann.

„Upphaflega ætlaði ég í bókmenntafræði, sagnfræði eða stjórnmálafræði af því að ég hef áhuga á þeim málaflokkum en svo áttaði ég mig á að það væri best að halda þeim sem áhugamálum. Ég ætla hins vegar í bókmenntafræðina seinna, þegar ég fer að slappa af.“

Guðbjörg vann eitt sinn hjá Fiskmarkaði Suðurnesja og dvaldi í nokkra mánuði í Brasilíu á vegum fyrirtækisins. „Það var yndislegt,“ segir hún. „Og þegar ég lenti aftur á Miðnesheiði tók ég ofan fyrir forfeðrum okkar sem tóku sér hér bólfestu. Það voru mikil viðbrigði að koma hingað aftur eftir að hafa verið í góða veðrinu í Brasilíu þar sem fólk tínir ávextina af trjánum.“

Að þeim orðum sögðum gengur Guðbjörg Glóð Logadóttir aftur út í íslenska rokið og vonar um leið að ekki sé bræla á miðunum. ■

ÁSBJÖRN ÓLAFSSON EHF.

VEGNA FLUTNINGA:

ALLSHERJAR

# LAGERSALA

## FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

# Yfir 1000 merkjavörur á botnverði!

## Alvöru heimilismarkaður – takmarkað magn!

---

Vegna flutnings höldum við allsherjar lagersölu og bjóðum við yfir 1000 vörur á botnverði m.a.:

**Búsáhöld, matvörur, gjafavörur, sælgæti, matarstell, eldhúsáhöld, pottar, hnífapör, glös, stígvél, leikföng og margt fleira! Þú getur gert frábær kaup!**

## LUKKUHJÓLIÐ

**Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að snúa lukkuhjólinu og geta unnið glæsilega vinninga – *Engin núll!***




## nammidagar!

**Laugardagar og sunnudagar eru nammidagar hjá okkur....öll börn fá gefins nammi um helgar.**

**Opið alla daga frá 11-19**

*„Það er kunnara en frá þurfi að segja að piparsvein í góðum efnum hlýtur að vanta eiginkonu.“*

- Þessi viðteknu sannindi hafa ekkert breyst frá því Jane Austen setti þau fyrst á blað.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## *Heiladauðir farsímanotendur*



Gamli hrollvekjumeistarinn Stephen King hefur sent frá sér nýjan trylli sem þykir minna á það besta og subbulegasta sem hann skrifaði þegar hann var á hátindi ferils síns. Bókin heitir The Cell og í henni heiðrar hann uppvakningabíómyndirnar og helsta meistara þeirra, George A. Romero. The Cell er hálfgerð heimsendasaga sem fjallar um það hvernig farsímar ræna notendurna vitinu og breyta þeim í skyni skroppnar skepnur sem háma í sig allt hold sem á vegi þeirra verður. Örfáir sérvitringar sem ekki nota farsíma þurfa því að taka á honum stóra sínum til þess að halda lífi og standa vörð um það sem eftir er af mannkyninu. King hefur haft hægt um sig undanfarin ár og afköstin hafa ekki verið svipur hjá sjón. Áður dældi hann út hnausþykkum doðröntum á færibandi en eftir að hann lauk við Dark Tower bókaflokkinn hefur hann haft það náðugt á heimili sínu og almennt var talið að hann væri sestur í helgan stein þegar hann hristi The Cell fram úr erminni. Aðdáendur hans mega því greinilega búast við fjörugum og blóðugum eftirlaunaárum þar sem kallinn er kominn í gamla formið.

## > Bók vikunnar




***Skuggi vindsins* eftir Carlos Ruiz Zafón.**

***Það hefði mátt fara meira fyrir þessari prýðilegu bók Spánverjans Zafóns í jólabókaflóðinu en það er auðvitað síður en svo of seint að kynna sér þessa eðalskáldsögu. Bókin kom fyrst út árið 2001 og hefur síðan verið þýdd víða um heim. Þetta er bók um bók, saga um horfna tíma og gleymdar persónur sem ganga aftur og taka völdin í lífi þess sem les og svo skemmtilega vill til að jafn ólíkir menn og Joschka Fischer og Stephen King hafa lofað hana í hástert.***

## METSÖLUBÆKUR

**HEILDARLISTI**

| | |
|---|---|
| 1 | **ENDALAUS ORKA** JUDITH MILLIDGE |
| 2 | **ALMANAK HÁSKÓLA ÍSLANDS 2006** HÁSKÓLAÚTGÁFAN |
| 3 | **VETRARBORGIN** ARNALDUR INDRIÐASON |
| 4 | **VIÐ ENDA HRINGSINS** TOM EGELAND |
| 5 | **BLÓÐBERG** ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON |
| 6 | **ÞRIÐJA TÁKNIÐ** YRSA SIGURÐARDÓTTIR |
| 7 | **VERONIKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA** PAOLO COELHO |
| 8 | **KROSSTRÉ** JÓN HALLUR STEFÁNSSON |
| 9 | **HVAR ER VALLI?** MARTIN HANDFORD |
| 10 | **BLEKKINGALEIKUR** DAN BROWN |

**SKÁLDVERK - KILJUR**

| | |
|---|---|
| 1 | **BLÓÐSKULD** MICHAEL CONNELLY |
| 2 | **HROKI OG HLEYPIDÓMAR** JANE AUSTEN |
| 3 | **ALKEMISTINN** PAOLO COELHO |
| 4 | **LEVIATAN- MORÐINGI UM BORÐ** BORIS AKÚNIN |
| 5 | **GRAFARÞÖGN** ARNALDUR INDRIÐASON |
| 6 | **DAUÐINN Í FENEYJUM** THOMAS MANN |
| 7 | **FÖR LEWIS** PER OLOV ENQUIST |
| 8 | **MÝRIN** ARNALDUR INDRIÐASON |
| 9 | **SKUGGA-BALDUR** SJÓN |
| 10 | **SKÍTADJOBB** ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON |

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Bærilegur léttleiki tilverunnar

**Skáldsagan Hroki og hleypidómar í þýðingu Silju Aðalsteinsdóttur hefur verið endurútgefin. Nýja bókin skartar hinni gullfallegu leikkonu Keiru Knightley á kápunni en svo skemmtilega vill til að ný kvikmynd með henni í hlutverki Elisabetar Bennet er sýnd í kvikmyndahúsum um þessar mundir.**



**ELÍSABET BENNET** Keira Knightley leikur þessa ástsælu persónu Jane Austen í nýrri kvikmynd byggðri á skáldsögunni Hroka og hleypidómum.

„Ég held að sá sem ekki verður snortinn við lestur bóka Jane Austen sé með steinhjarta og það er steinrunnið andlit sem ekki lyftir munnvikunum aðeins upp á við við lestur samtalanna í Hroka og hleypidómum,“ segir Silja Aðalsteinsdóttir sem þýddi hina vinsælu skáldsögu Jane Austen árið 1988. Þýðing Silju hefur nú verið endurútgefin.

„Það er eitthvað heillandi við þessa bók en ef þú spyrð mig hvað það sé þá vefst mér tunga um tönn,“ segir Silja og bætir því við að þótt sagan hafi verið skrifuð fyrir 200 árum eigi hún alltaf erindi við lesendur enda séu verk Austen tímalaus. „Það er einhver galdur í Hroka og hleypidómum. Ég held að það sé að hluta til stíllinn og að hluta samtölin sem maður fær aldrei nóg af að lesa upphátt fyrir sjálfan sig. Og svo eru það auðvitað persónurnar sem er búið að stæla milljón sinnum síðan í bókum, bíómyndum, sjónvarpsþáttum og teiknimyndasögum. Bækur Austen segja manni eitthvað um mannlega hegðun og samband milli fólks sem fólk á öllum tímum hefur gagn og gaman að. Ég er viss um að bækur Austen hafi haft mikil áhrif á þroska fólks sem hefur lesið þær síðastliðin 200 ár.“

Jane Austen var prestsdóttir og piparmey sem byrjaði ung að skrifa sér og sínum nánustu til ánægju og yndisauka. Silja segir að hún hafi verið léttúðug og fyndin og að yfir verkum hennar svífi dásamlegur léttleiki. „Ég hafði óskaplega gaman að því að lesa bréfin hennar en í þeim er hún alveg eins og í bókunum og er mjög fyndin. Það hefur verið sagt að Hroki og hleypidómar sé 19. aldar saga en það er náttúrlega 18. aldar heimur sem Austen lýsir þó að bókin komi út á þeirri nítjándu. Það er eitthvað svo skemmtileg léttúð og líflegt andrúmsloft á Englandi á þessum tíma.“

Silja gjörþekkti bókina áður en hún settist niður við þýðinguna og saga hennar og Jane Austen er orðin ansi löng. „Fyrsti kaflinn í þessari bók var í lestrarbók sem ég var með í ensku í þriðja bekk í MR. Ég hafði aldrei lesið neitt sem mér fanst jafn skemmtilegt og fór beint niður í bókaverslun Eymundsonar í Austurstræti og keypti bókina. Þetta var fyrsta bókin sem ég keypti og las í heilu



**SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR** Féll fyrir skáldsögunni Pride and Predjudice þegar hún var í menntaskóla og hefur varla látið bókina frá sér síðan.

lagi á ensku og ég held að það hafi varla liðið ár síðan þá án þess að ég lesi hana. Það hefur þó gerst eitthvað sjaldnar eftir að ég þýddi hana og keypti sjónvarpsseríuna á myndbandi. Sum árin læt ég duga að horfa á hana.“

Sjónvarpsmyndin sem Silja talar um er bresk frá árinu 1995 en í henni fer Colin Firth á kostum í hlutverki herra Darcy sem fangar hug Elísabetar og nýliðinn Matthew Macfadyen, sem leikur Darcy í nýju myndinni, kemst ekki hjá samanburði við forverann vörpulega. „Ég fór náttúrlega á myndina strax á fyrsta sýningardegi. Ég hafði lesið misjafna dóma um hana í útlendum blöðum og átti ekki von á miklu. Hún er mjög trú sögunni og mér fannst hún betri en ég átti von á. Ég er búin að sjá mjög margar útgáfur af sögunni, ekki síst sjónvarpsmyndir sem eru fjölmargar og það er enginn leikari sem jafnast á við Colin Firth. Hann er lang besti Darcyinn en þessi nýi kemst sennilega næst honum.“

thorarinn@frettabladid.is

JINGDEZHEN HENGFEN SALES EXHIBITION CO. LTD.



SÖLUSÝNING Á HÁGÆÐA KÍNVERSKU POSTULÍNI
SÝNINGUNNI HEFUR VERIÐ FRAMLENGT

20% AFSLÁTTUR

中国景德镇陶瓷生产厂家精品大展销






HLÍÐASMÁRI 15. KÓPAVOGUR. OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 9.00-22.00. SÍMI: 861-9715
EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ EIGNAST KÍNVERSKA LISTMUNI BEINT FRÁ FRAMLEIÐENDUM.




# Stórsýning á fasteignum á Spáni

í **Perlunni** 4. og 5. febrúar frá kl. 12-18.

## Láttu drauminn rætast!

Suðrænt yfirbragð verður í Perlunni um helgina, þar sem sérfræðingar munu kynna fasteignir á Torrevieja-svæðinu.

- **Mikið úrval nýrra og notaðra fasteigna.**
- **Verð á notaðri íbúð frá 5 milljónum kr.**
- **Lán með 3,25% vöxtum til allt að 25 ára.**
- **Lánshlutfall 80%. Landsbankinn lánar 20% í viðbót gegn veði.**
- **Íslenskur starfsmaður á Spáni tekur á móti þér við komuna þangað og aðstoðar við allt sem snertir kaupin.**
- **Úrval íbúða til leigu í lengri eða skemmri tíma.**

Hrafnhildur Eiríksdóttir, útibústjóri **CAM bankans**, kynnir lánamöguleika og þjónustu bankans.

Fulltrúar **Escudero Promotores**, virts byggingaverktaka, kynna nýbyggingar til sölu.

**Þorsteinn Hallgrímsson**, margfaldur Íslandsmeistari í golfi, segir frá hinum stórkostlegu golfvöllum á svæðinu.

**Iceland Express** kynnir flugferðir sínar til Alicante og annarra áfangastaða.

Allir sýningargestir eiga möguleika á að vinna flugferð með Iceland Express til Alicante!

***Dagskrá í fundarsal neðri hæðar (báða dagana):***

13:00 ***Hvernig ganga fasteignakaup fyrir sig á Spáni***
- Fasteignakaup á Spáni
- Torrevieja-svæðið
- Fjármögnun fasteigna á Spáni

15:00 ***Golfvellir á Torrevieja-svæðinu***
Þorsteinn Hallgrímsson golfari segir frá golfvöllunum í Villamartin, Las Ramblas og Campoamor



17:00 ***Hvernig ganga fasteignakaupin fyrir sig á Spáni.***
- Fasteignakaup á Spáni
- Torrevieja-svæðið
- Fjármögnun fasteigna á Spáni

Landsbankinn · Iceland Express · Pepsi Max · CAM · Escudero Promotores

gloria casa — Fasteignasala og leigumiðlun Íslendinga á Spáni

heimili FASTEIGNASALA

Gloria Casa er íslensk fasteignasala á Spáni sem sérhæfir sig í sölu og útleigu fasteigna. Heimili fasteignasala er í eigu þriggja löggiltra fasteignasala og sérhæfir sig í kynningu fasteigna á Torrevieja-svæðinu.







FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# STUÐ MILLI STRÍÐA Virkjanaóða fólkið

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** SKILUR EKKI KANNANIR



Fyrir nokkrum vikum síðan hringdi í mig kurteis spyrill frá Gallup og vildi leggja fyrir mig spurningar um virkjanir á Íslandi. Auðvitað, sagði ég enda hef ég mjög sterkar skoðanir á málinu. Spurningarnar voru samt svo furðulegar. „Telur þú að sjónarmið virkjana og sjónarmið umhverfisverndar geti sæst?“. Ég get ímyndað mér margar bjartsýnar sálir hefðu getað svarað játandi. Svo var mikið spurt um hvort maður væri hlynntur gufuaflsvirkjunum eða vatnsaflsvirkjunum. Mig langar til þess að spyrja hversu stór hluti þjóðarinnar veit raunverulega hvað gufuaflsvirkjun gerir?
Svo eru niðurstöður þessarar merku könnunar birtar og viti menn, „meirihluti þjóðarinnar vill virkja meira“. Sorrí, en eru þetta virkilega spurningar sem hægt er að spyrja í Gallup könnun? Á ekki að líta á þetta sem algert fíaskó?
Er hægt að byggja einhverjar ríkisstefnur á könnunum fólks sem kannski veit ekki alveg um hvað málið snýst? Þetta minnti mig á þegar að það uppgötvaðist að Fox News fréttastöðin í Bandaríkjunum var búin að sannfæra almenning um að það væru gereyðingarvopn í Írak. Hvernig getum við verið viss um að rangar upplýsingar í okkar ágætu fjölmiðlum hafi ekki sannfært þjóðina um það að ál sé gott fyrir umhverfið? Mig minnir nú að það hafi verið gerð könnun á síðasta ári sem sýndi að 38 prósent Íslendinga halda að sólin snúist í kringum jörðina. Við förum þó ekki að byggja einhverjar þjóðarstefnur á svoleiðis niðurstöðum. Svo er haldin álráðstefna þar sem allir þátttakendur taka málstað orku- og áliðnaðarins nema formaður Landverndar. Sniðugt. Og allir voða glaðir nema hann að kynna niðurstöður blessaðrar könnunarinnar. Auðvitað verður að veita almenningi miklu meiri upplýsingar um þessi mál. Það er minnsta krafan sem við getum gert áður en virkjanaóða fólkið heldur lengra. ■

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | 6 | 1 | | 5 |
| | | | | | | | 7 | |
| | | | | | 2 | 6 | | 4 |
| 4 | | | | 7 | | 8 | | |
| | 1 | 8 | 2 | | 3 | 5 | 9 | |
| | | 3 | | 1 | | | | 2 |
| 2 | | 4 | 1 | | | | | |
| | 9 | | | | | | | |
| 6 | | 5 | 3 | | 9 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 9 | 6 |
| 8 | 5 | 1 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 |
| 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 | 4 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ SECURITAS




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 1.40, 3.45, 5.50, 8, 10.10 |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 1.40, 3.45, 5.50, 8, 10.10 |
| THE FOG | kl. 8, 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 2, 4 og 6 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6 B.I. 14 ÁRA |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 2 og 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

FUN WITH DICK AND JANE kl. 3, 5, 7, 9 og 11
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA kl. 3, 6 og 9
BROTHERS GRIMM kl. 3, 5.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

CHEAPER BY THE DOZEN kl. 4 400 KR.
DRAUMALANDIÐ kl. 3.40 400 KR.
FUN WITH DICK AND JANE kl. 5.20, 8 og 10
THE FOG kl. 10.40 B.I. 16 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA kl. 5.20 og 8

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Paul Weller vildi alls ekki syngja dúett með James Blunt á Brit-verðlaununum og ef marka má orð hans í The Mirror væri slík uppákoma með því allra síðasta sem hann myndi gera. Blaðið hefur eftir honum ýmis blótsyrði í garð Blunts sem sló í gegn með laginu Beautiful sem tröllreið öllum útvarpsstöðvum á Íslandi svo að mörgum þótti nóg um. Weller, sem fær afhent verðlaun fyrir framlag sitt til tónlistar, sagði að Blunt væri síðasta manneskjan í heiminum sem hann myndi syngja með.



Leikararnir Halle Berry og Richard Gere verða heiðruð af Harvard háskólanum með Hasty's Pudding-verðlaununum. Þykir þetta mikill heiður en þau eru afhent á hverju ári. Berry mun leiða skrúðgöngu í gegnum háskólann í næsta mánuði af þessu tilefni samkvæmt BBC-vefnum. Í fyrra voru það Tim Robbins og Catherine Zeta Jones sem voru heiðruð með þessum hætti.



Ólátabelgurinn Pete Doherty er enn og aftur búinn að koma sér í klandur. Hann virðist vera á góðri leið með að senda feril sinn í ræsið en nú er drengurinn kominn í fangelsi eftir að hafa viðurkennt í réttarsal að hafa haft heróín í fórum sínum. Samkvæmt fréttavef NME hefur tónleikaferð Babyshambles því verið frestað um óákveðinn tíma. Doherty verður líklega dæmdur í byrjun febrúar og þarf nú að hysja upp um sig buxurnar ef ekki á að fara illa fyrir honum.



Hin ólétta Gwyneth Paltrow kaupir nú grennandi nærföt eins og óð væri enda er hún talsvert smeyk við að takast ekki að grennast strax aftur eftir að hún eignast barnið. Gwyneth þolir ekki að líta ekki fullkomlega út fyrir eiginmanninn, rokkarann Chris Martin. „Það mætti kannski halda að það sé lagi að vera feitur þegar maður er óléttur. En eftir að barnið fæðist fer fitan ekkert strax og þá er gott að eiga magabelti og þess háttar. Mikill farði og kinnalitur er líka í lagi,“ sagði Gwyneth.



Matt Le Blanc greyið á ekki sjö dagana sæla enda hefur þátturinn hans, Joey, ekki gengið sem skyldi. Nú á að taka þáttinn af dagskrá í Bretlandi enda fær hann engan veginn nægilegt áhorf. Hver þáttur kostar bresku stöðina Five um 500 þúsund pund og segja stjórnendur stöðvarinnar það ekki borga sig að kaupa þættina. „Það var ekki þess virði. Þátturinn floppaði í Bandaríkjunum og skorti húmorinn og hlýjuna sem einkenndi Friends. Við munum ekki sýna seinni seríuna,“ sagði heimildarmaður á stöðinni.






Viltu vinna mikilvægt starf

heima hjá þér?

*Velkomin í hópinn!*

*Grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra í Reykjavík hefst í húsakynnum Námsflokka Hafnarfjarðar við Skólabraut þann 6. febrúar 2006 (70 klst.).*

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást á þjónustumiðstöðvum borgarinnar:

- **Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar**
  Hjarðarhaga 45–47, sími 411-1700
- **Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða**
  Skúlagötu 21, sími 411-1600
- **Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis**
  Síðumúla 39, sími 411-1500
- **Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness**
  Langarima 21, sími 411-1400
- **Þjónustumiðstöð Breiðholts**
  Álfabakka 12, sími 411-1300
- **Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts**
  Bæjarhálsi 1, sími 411-1200

Menntasvið Reykjavíkurborgar veitir leyfi til daggæslu í heimahúsum, www.menntasvid.is. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita foreldrum upplýsingar og dagforeldrum ráðgjöf og stuðning. Þjónustusími Reykjavíkurborgar er 411-1111




**FREESTYLE** Freestyle-keppnin í ár er sú 25. í röðinni.

# Skráning að hefjast

Skráning í hina árlegu Freestyle-keppni Tónabæjar hefst þann fyrsta febrúar og stendur yfir til tíunda sama mánaðar.

Keppnin verður haldin 17. febrúar í Austurbæ og er hún fyrir alla unglinga sem eru fæddir frá 1989 til 1992. Keppnin, sem hefur ávallt notið mikilla vinsælda, er sú 25. í röðinni. Keppt verður í einstaklings- og hópdansi. Takmarkaður fjöldi keppenda er í báðum flokkum og því er um að gera fyrir áhugasama að skrá sig sem allra fyrst. Er þeim bent á heimasíðuna tonabaer.is.

## Enn vandræði hjá Þrótti

Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, á enn einu sinni í deilum við einn lærisveina sinna. Nú er það annar markvarða liðsins, Andri Fannar Helgason, sem er í ónáð hjá þjálfaranum og kom hann ekkert við sögu í leik liðsins gegn KR í Reykjavíkurmótinu í gær. Andri vildi ekki tjá sig um málið í gær.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ BIRKI ÍVARI GUÐMUNDSSYNI

**Hvor er skotfastari, Einar Hólmgeirs eða Óli Stef?** Einar.

**Haukar eru...** bestir

**Af hverju ertu ekki orðinn atvinnumaður?** Hef ekki fengið rétta samninginn.

**Að stökkva í veg fyrir bolta á 100 km hraða er...** brjálæði.

**Besti skotmaðurinn í íslenska liðinu er...** þetta er erfitt. Verð að segja Robbi Gunn og Óli Stef.

**Erfiðasti andstæðingur?** Ég sjálfur.

**Þinn helsti veikleiki?** Læt aðra dæma um það.

**Þinn helsti styrkleiki?** Læt aðra dæma um það.

**Í hvaða sæti lendir Ísland á EM?** Fyrsta!

**Hver er sérvitrastur í íslenska liðinu?** Óli Stef.

**Viggó Sigurðsson er...** Viggó Sigurðsson.

**Besti handboltamaður heims?** Vignir Svavarsson.

**Viggó Sig eða Palli Ólafs?** Báðir fínir.

**Besti markvörður í heimi?** Kasper Hvidt, Danmörku.

## > Guðjón til Leicester?



Guðjón Þórðarson, þjálfari Notts County á Englandi, er sterklega orðaður við stjórastöðuna hjá Leicester í enskum fjölmiðlum um helgina. Útvarp BBC í Nottingham segir að Guðjón sé einn þriggja mögulegra eftirmanna Craig Levein, sem var rekinn frá Leicester í vikunni, en hinir eru Peter Reid og Gary McAllister. Forráðamenn Notts County eru þó ekki líklegir til að sleppa Guðjóni svo glatt en hann á tvö og hálft ár eftir af samningi sínum við félagið. Guðjón var sterklega orðaður við liðið áður en Levein tók við því á sínum tíma en sonur Guðjóns, Jóhannes Karl, er þó að öllum líkindum á leið frá félaginu til AZ Alkmaar í Hollandi.



**RÍKHARÐUR DAÐASON** Verður líklega ekki með Fram í sumar.

Ríkharður Daðason:

## Bónus ef hann verður með

**FÓTBOLTI** Ólíklegt er að Ríkharður Daðason leiki knattspyrnu næsta sumar og má að líkum að því leiða að hann hafi lagt knattspyrnuskóna á hilluna. Ríkharður er meiddur í baki og er ekki byrjaður að æfa með Fram. Hann á eitt ár eftir af samningi sínum við Safamýrarfélagið og bíðu margir spenntir eftir því að sjá hann mynda sóknardúett með Helga Sigurðssyni í 1. deildinni næsta sumar.

„Ég á ekki von á því að hann spili með okkur næsta sumar en sjálfur hefur hann ekki gefið alla von upp á bátinn,“ sagði Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram, við Fréttablaðið í gær. „Eins og staðan er nú verður hann ekki með okkur, það væri bara bónus fyrir okkur ef það breyttist.“

Davíð Þór Viðarsson:

## Fer til Lokeren

**FÓTBOLTI** Ungmennalandsliðsmaðurinn Davíð Þór Viðarsson mun verða lánaður fram á vor til belgíska félagsins Lokeren. Davíð sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að aðeins ætti eftir að ganga frá smáatriðum varðandi samninginn og að hann færi strax út til Belgíu.

Davíð er ætlað að fylla það skarð sem Arnar Þór Viðarsson skilur eftir sig en hann fór frá Lokeren og gekk til liðs við Twente í Hollandi í síðustu viku. - hþh

# Gervigrasvellir framtíðin?

**Margar athyglisverðar tillögur verða til umræðu á 60. ársþingi KSÍ í febrúar. Athygli vekur þó að engin tillaga kom um fjölgun liða í efstu deild sem hefur verið mikið á milli tannanna á knattspyrnuunnendum á undanförnum árum.**

**FÓTBOLTI** Það vekur athygli að engin tillaga hefur borist um fjölgun liða í efstu deild en þess í stað verður kynnt skýrsla um niðurstöðu nefndar sem skoðaði málið til hlítar og ljóst er að undirbúningur fyrir fjölgun í deildinni er vel á veg kominn.

„Það mál er í ákveðnum farvegi. Það er samstaða um það að ef fjölga á í deildinni þarf að lengja tímabilið og þá er horft til vorsins,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, í gær um fjölgun liða í efstu deild en til þess að það sé raunhæft þarf eitt af tvennu að gerast samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar.

„Ef hefja á tímabilið í byrjun maí þarf að leggja fullkomna gervigrasvelli eða grasvelli sem byggðir eru samkvæmt ströngustu kröfum með hita, vökvunarkerfi og yfirbreiðslu. Það þýðir að verulegar framkvæmdar þyrfti við nánast alla velli og þessu fylgir gífurlegur kostnaður. Á ársþinginu ætti því að koma í ljós hvert næsta skref verður og hvernig þetta leggst í forráðamenn félaganna. Þetta starf miðar að því að spilað sé á heimavöllum félaganna en ekki inni í húsum eða á hlutlausum velli,“ segir Geir og bætir við að fyrirkomulagið þekkist um gjörvalla Evrópu.

Einnig kom upp tillaga að breyta reglum í innanhússknattspyrnu í svokallaðar FUTSAL reglur. „FUTSAL er spilað á handboltavelli og á handboltamörk auk þess sem knötturinn er sérstaklega gerður til innanhússknattspyrnu. Boltinn er sérstakur knöttur sem skoppar mun meira en venjulegur bolti og hefur sérstaka eiginleika sem henta mjög vel til innanhússknattspyrnu,“ sagði Geir um málið.

Frá ÍA barst tillaga um að setja megi stjórnir á keppnisbúninga liðsins með tilliti til Íslandsmeistaratitla viðkomandi félags. KR vill fá að senda varalið til keppni sem spili að minnsta kosti tveimur deildum neðar en aðallið félaganna. Þá barst athyglisverð tillaga frá FH en þeir vilja fjölga varamönnum úr fimm í sjö.

„Þetta gerir þjálfurum meiri möguleika á að skipta inn á sem er bara af hinu góða, því meiri möguleikar, því betra er það fyrir okkur þjálfarana. Best væri ef við gætum haft tuttugu varamenn,“ sagði Ólafur Jóhannesson um tillöguna sem gæti verið tekin upp hér á Íslandi strax næsta sumar.

hjalti@frettabladid.is



**ÓLAFUR JÓHANNESSON ÞJÁLFARI FH** Yrði ánægður með fjölgun varamanna úr fimm í sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**HELSTU TILLÖGURNAR:**

*FH - Vill fjölga varamönnum úr fimm í sjö.

*Leiknir R. og HK - Vilja fjölga liðum í 1. deild úr tíu í tólf

*KR - Vill senda varalið til keppni sem keppa skal tveimur deildum eða neðar en aðallið félagsins.

*ÍA - Vill gera félögum kleift að setja stjörnunar á keppnisbúninga sína í samræmi við Íslandsmeistaratitla.

*HK - Vill að landsliðsþjálfarar KSÍ geti ekki þjálfað sömu aldursflokka hjá félagsliði.

*HK - Vill hefja keppni í Deildabikar KSÍ með undankeppni í desember og ljúka með úrslitakeppni í mars.

*Stjórn KSÍ - Vill breyta reglum í innanhússknattspyrnu í svokallaðar FUTSAL reglur.

*Milliþinganefnd KSÍ - Vill gera auknar kröfur til hönnununar og gerðar leikvalla svo hægt sé að hefja knattspyrnutímabilið fyrr.

Gunnar Þór Gunnarsson:

## Líklega ekki á leið til Öster

**FÓTBOLTI** Framarar eru stórhuga fyrir komandi átök í 1. deildinni og Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að ekki sé ólíklegt að liðið fái einn erlendan leikmann til viðbótar. „Við viljum hafa þetta mjög sterkt til að fara pottþétt upp úr þessu,“ sagði Brynjar sem staðfesti jafnframt að ólíklegt væri að Gunnar Þór Gunnarsson yfirgæfi liðið fyrir atvinnumennskuna að svo stöddu.

„Svíarnir halda að þeir fái hann fyrir ekki neitt en það væri eflaust hægt að selja hann fyrir meira hérna innanlands,“ segir Brynjar. „Það er nokkuð ljóst að Gunnar fer ekki til Öster en fleiri lið hafa sýnt honum áhuga og ekki er loku fyrir það skotið að hann fari í atvinnumennskuna á næstunni,“ sagði Brynjar að lokum um Gunnar Þór sem er samningsbundinn Fram út árið 2007. - hþh

Opna ástralska mótið:

## Loksins vann Mauresmo

**TENNIS** Hin Franska Amelie Mauresmo sigraði á Opna ástralska mótinu í tennis sem er að ljúka um helgina. Mauresmo naut góðs af því að Justine Henin-Hardenne neyddist til að hætta leik í úrslitaleiknum vegna meiðsla og hampaði Mauresmo því sínum fyrsta stóra titli.

„Ég hef beðið lengi eftir þessu augnabliki en ég veit samt ekkert hvað ég á að segja,“ sagði Mauresmo eftir sigurinn. „Ég er ótrúlega þakklát þeim sem trúðu á mig og hjálpuðu mér að ná svona langt. Kannski fundum við lyksins leið til að vinna stórmót,“ sagði Mauresmo að lokum. Hún vann þrjá leiki í mótinu vegna þess að mótherjar hennar hættu leik vegna meiðsla. - hþh




Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfari Grindavíkur spáir í leik KR og Keflavíkur:

# Keflavík vinnur stórleik kvöldsins

**KÖRFUBOLTI** Fimm leikir fara fram í Iceland-Express deild karla í körfuknattleik í kvöld en hæst ber slag KR og Keflavík sem mættust í miklum baráttuleik í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar um síðustu helgi. Þar höfðu Keflvíkingar betur í leik þar sem ekkert var gefið eftir en meðal annars gaf Omari Westley leikmaður KR einum andstæðingi sínum olnbogaskot sem hann var dæmdur í fjögurra leikja bann fyrir og var í kjölfarið sendur heim.

„Það verður eflaust vel tekist á líkt og var í bikarkeppninni um daginn sem leiddi til þess að Omar Westley var sendur heim og nýr Bandaríkjamaður tekinn inn, Melvin Scott. Það eitt og sér er vítamínssprauta fyrir Keflvíkinga. Ég sé þó ekkert að því að KR-ingar hafi skipt honum út en ég veit að Keflvíkingar munu nota þetta sem átyllu að spýta enn betur í lófana,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, um stórleik kvöldsins.



**HART BARIST** Það var hart tekist á í leik KR og Keflavíkur í bikarkeppninni um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég sá reyndar ekki leikinn í bikarkeppninni fyrir utan brotið hjá Westley en ég heyrði af því að Keflvíkingarnir hefðu ekki verið barnanna bestir frekar en KR enda eru þeir þekktir fyrir að vera harðir í horn að taka og gefa sig mikið í þetta. Maður mátti vita að þeir ætluðu ekki að falla út fyrir KR eftir það sem á undan var gengið þegar þeir voru alls ekki að spila sinn besta bolta,“ sagði Friðrik Ingi sem var ekki í vafa um það hvort liðið ynni leikinn: „Keflavík,“ var svarið.

Grindvíkingar taka á móti ÍR og býst Friðrik Ingi við hörkuleik gegn baráttuglöðum Breiðhyltingum. „Leikurinn okkar leggst vel í mig en ég býst við erfiðum leik eins og allir leikir eru, hver á sinn hátt. ÍR er með mikla baráttuhunda innan sinna raða og þeir gefa án efa ekkert eftir gegn okkur,“ sagði Friðrik Ingi að lokum. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*EM í handbolta:*

***A-riðill***

| | |
|---|---|
| SVISS-PÓLLAND | 31-31 |

Martin Engeler 9 - Piotr Obrusiewicz 6.

| | |
|---|---|
| ÚKRAÍNA-SLÓVENÍA | 28-29 |

Ruslan Hrutius 6 - Siarhei Rutenka 8.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SLÓVENÍA | 2 | 2 | 0 | 0 | 58-53 | 4 |
| **PÓLLAND** | **2** | **1** | **1** | **0** | **64-55** | **3** |
| SVISS | 2 | 0 | 1 | 1 | 56-60 | 1 |
| **ÚKRAÍNA** | **2** | **0** | **0** | **2** | **52-62** | **0** |

***B-riðill***

| | |
|---|---|
| SLÓVAKÍA-ÞÝSKALAND | 26-31 |

Radoslav Antl 6 - Andrej Klimovets 7, Michael Kraus 5.

| | |
|---|---|
| SPÁNN-FRAKKLAND | 29-26 |

Iker Romero 10, Albert Rocas 7, Alberto Entrerrios - Nikola Karabatic 10, Jerome Fernandez 7.

***Staðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞÝSKALAND | 2 | 1 | 1 | 0 | 62-57 | 3 |
| **SPÁNN** | **2** | **1** | **1** | **0** | **60-57** | **3** |
| FRAKKLAND | 2 | 1 | 0 | 1 | 61-50 | 2 |
| **SLÓVAKÍA** | **2** | **0** | **0** | **2** | **21-35** | **0** |

***Ekkert var leikið í C- og D-riðlunum í gær.***

*Enska bikarkeppnin:*

ASTON VILLA-PORT VALE 3-1
1-0 Milan Baros (70.), 2-0 Milan Baros (74.), 2-1 Nathan Lowndes (85.), 3-1 Steven Davis (91.).

BRENTFORD-SUNDERLAND 2-1
1-0 Dudley Campbell (57.), 1-1 Julio Arca (66.), 2-1 Dudley Campbell (89.).

CHARLTON-LAYTON ORIENT 2-1
1-0 Jonathan Fortune (6.), 1-1 Lee Steele (53.), 2-1 Jay Bothroyd (91.).
**Hermann Hreiðarsson** spilaði allan leikinn.

CHELTENHAM-NEWCASTLE 0-2
0-1 Michael Chopra (40.), 0-2 Scott Parker (42.).

COLCHESTER-DERBY 3-1
1-0 Neil Danns (44.), 2-0 Neil Danns (52.), Richardo Garcia (59.), 3-1 Tommy Smith (79.).

COVENTRY-MIDDLESBROUGH. 1-1
0-1 Jimmy Hasselbaink (46.), 1-1 Stern John (54.).

EVERTON-CHELSEA 1-1
1-0 James McFadden (36.), 1-1 Frank Lampard (73.).

LEICESTER-SOUTHAMPTON. 0-1
0-1 Kenwyne Jones (91.).
**Jóhannes Karl Guðjónsson** spilaði allan leikinn.

MAN. CITY-WIGAN 1-0
1-0 Andy Cole (84.).

PRESTON-CRYSTAL PALACE 1-1
0-1 Andy Johnson (8.), 1-1 Brian O´neil (27.).

READING-BIRMINGHAM 1-1
1-0 Shane Long (31.), 1-1 David Dunn (67.).

STOKE-WALSALL 2-1
1-0 Mamady Sidebe (45.), 2-0 Luke Chadwick (49.), 2-1 Kevin James (51.).
**Hannes Sigurðsson** kom inn á hjá Stoke á 92. mín.

WEST HAM-BLACKBURN 4-2
0-1 David Bentley (1.), 1-1 Teddy Sheringham (33.), 2-1 Matthew Etherington (37.), 3-1 Zura Kihizanishvili, sjálfsm. (59.), 3-2 Lucas Neill (65.), 4-2 Bobby Zamora (73.).

BOLTON-ARSENAL 1-0
Stelios Giannakopoulos (84.).

Spánverjar sigruðu Frakka 29-26 í ótrúlegum leik:

# Frábær sigur Spánverja á lánlausum Frökkum

**HANDBOLTI** Heimsmeistarar Spánverja lögðu Frakka í kaflaskiptum leik liðanna á Evrópumótinu í Sviss í gær. Frakkar skoruðu fyrsta markið en Spánverjar skoruðu þá sjö í röð og Frökkum tókst ekki að skora í heilar fimmtán mínútur í fyrri hálfleik. Þar munaði mestu um stórleik David Barrufet markmanns sem varði fimmtán skot í hálfleiknum, þar af tvö vítaköst. Spánverjar leiddu 15-5 eftir 25 mínútur og voru átta mörkum yfir í hálfleik, 17-9.

Yfirburðir heimsmeistaranna héldu áfram í upphafi síðari hálfleiks og þökk sé góðri markvörslu Barrufets og frábærri vörn höfðu þeir 24-13 yfir eftir 40 mínútna leik. Þá vöknuðu Frakkar af værum blundi, bundu vörnina saman og röðuðu inn mörkunum og þegar tíu mínútur voru eftir skildu aðeins fjögur mörk liðin að, 26-22.

Frakkar gerðu hvað þeir gátu til að jafna leikinn en Spánverjar hertu tökin og unnu að lokum þriggja marka sigur og eru þar með komnir áfram í milliriðil ásamt Þjóðverjum sem mæta Frökkum í lokaleik sínum. **- hþh**



**EKKI SMUGA** Frakkinn Daniel Narcisse reynir að finna smugu á ógnarsterkri vörn Spánverja.
NORDICPHOTOS/AFP

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

26 27 28 **29** 30 31 1

**Sunnudagur**

### LEIKIR

☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Borgarnesi.

☐ 19.15 **Höttur** og **Snæfell** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta á Egilsstöðum.

☐ 19.15 **Grindavík** og **ÍR** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Grindavík.

☐ 19.15 **KR** og **Keflavík** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í DHL-deildinni.

☐ 19.15 **Njarðvík** og **Þór Ak.** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Njarðvík.

☐ 19.15 **Fjölnir** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild deild karla í körfubolta í Grafarvogi.

### SJÓNVARP

☐ 13.45 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Slóvena** og **Pólverja.**

☐ 14.00 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Udinese** og **Fiorentina.**

☐ 15.55 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik í keppninni.

☐ 16.55 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Ungverja.**

☐ 18.20 **Enski bikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik í keppninni.

☐ 22.20 **EM í handbolta** á Rúv. Útsending frá leik **Dana** og **Serba/Svartfellinga.**






**EINN SÁ BESTI Í HEIMI** Þrátt fyrir ungan aldur er Snorri Steinn mikill leiðtogi inni á vellinum og hefur hann stjórnað íslenska landsliðinu af mikilli festu síðan Dagur Sigurðsson lagði landsliðsskóna á hilluna. Hér sést hann reyna að finna glufur á frönsku vörninni í öðrum æfingaleik liðanna hér á landi fyrir skemmstu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# ÉG ER EINN BESTI MIÐJUMAÐUR HEIMS

Leikstjórnandinn **Snorri Steinn Guðjónsson** hefur farið á kostum í fyrstu tveim leikjum íslenska landsliðsins á EM í Sviss. Flestir eru sammála um að með frammistöðu sinni sé hann að stimpla sig inn sem handboltamann á heimsmælikvarða. *Henry Birgir Gunnarsson* settist niður með Snorra Steini á hóteli landsliðsins í gær og ræddi meðal annars við hann um EM, handboltann og

Því er ekki að neita að maður er að upplifa gamlan draum á þessu móti og það var kominn tími á jákvætt gengi eftir mögur mót," sagði Snorri Steinn. Þessi ungi maður er að spila á sínu fjórða stórmóti og í fyrsta sinn með miðjumaður númer eitt þar sem Dagur Sigurðsson er hættur að leika með landsliðinu. Er óhætt að fullyrða að Snorri sé þegar búinn að sýna og sanna og að hann er verðugur arftaki Dags.

Það sem flestir taka eftir í fari Snorra er hversu rólegur og yfirvegaður hann er á vellinum og engu líkara en þar sé á ferðinni reynslubolti með tíu stórmót að baki. Það er vart hjá því komist að spyrja Snorra hvernig hann nái að halda spennustiginu réttu og hvort hann iðki einhvern andlegan undirbúning.

„Ég hef verið í kringum handboltann og landsliðið frá því að ég var lítill og hef upplifað spennuna sem fylgir því að horfa á landsliðið keppa. Að spila leiki með landsliðinu er nokkuð sem maður hefur stefnt að alla ævi og ég nýt þess bara að vera á staðnum þar sem draumurinn hefur loksins ræst. Maður verður að njóta uppskerunnar þegar hún loksins kemur og ég þrífst á því að etja kappi við bestu leikmenn heims. Ég vil hafa spennu, áhorfendur og læti. Þá nýt ég mín best," sagði Snorri.

### Fékk harpix og Isostar

Eins og flestir ungir drengir var Snorri Steinn bæði í handbolta og fótbolta þegar hann var yngri og hann mætti á sína fyrstu handboltaæfingu sex ára gamall. Snorri er sonur íþróttafréttamannsins Guðjóns Guðmundssonar sem var hægri hönd Bogdans Kowalszcyk þegar hann stýrði landsliðinu. Þær voru ófáar landsliðsæfingarnar sem Snorri fékk að fara á með pabba sínum.

„Það var að sjálfsögðu rosalega spennandi og gaman til þess að hugsa að ég var að taka víti á Guðmund Hrafnkelsson sem ég spilaði síðar með í landsliðinu. Ég fékk líka að setja á mig harpix og drekka Isostar," sagði Snorri og hló. Foreldrar Snorra, Guðjón og Karen Christensen, hafa alla tíð stutt Snorra dyggilega við íþróttaiðkun sína og fyrir það er Snorri þakklátur.

„Þegar ég var í 5. flokki var pabbi byrjaður að taka mig á aukaæfingar bæði í handbolta og fótbolta. Hann gaf á mig og ég skaut og síðan kenndi hann mér hvernig átti að beita löppinni og annað. Markús Máni félagi minn kom stundum með og var þá í markinu. Ég ætlaði líka að verða góður í fótbolta," sagði Snorri, en af hverju valdi hann síðan handboltann? „Mér fannst hann bara skemmtilegri. Það var ekkert flóknara en það. Ég kláraði þriðja flokkinn í fótboltanum og hætti þá."

Eins og áður segir hafa foreldrar Snorra alltaf stutt vel við bakið á honum og mætt á alla þá kappleiki sem þau hafa getað. Þau eru bæði stödd í Sursee til að styðja sinn mann í baráttunni.

„Ég hefði ekki getað fengið meiri stuðning frá mömmu og pabba. Þau voru nánast í öllum leikjum. Þetta skipti mig miklu máli og hjálpaði mér mikið. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hversu mikilvægt er fá góðan stuðning að heiman."



**ÖRUGG VÍTASKYTTA** Snorri Steinn hefur ekki ennþá brennt af á vítalínunni á EM og er auk þess með frábæra nýtingu í vítum það sem af er leiktíð í þýsku úrvalsdeildinni, en þar er hann helsta vítaskytta liðs síns, Minden. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

### Allir lenda í mótlæti

Þótt Snorri sé að blómstra núna hefur stuttur ferill hans ekki alltaf verið dans á rósum. Fyrir aðeins ári síðan valdi Viggó Sigurðsson hann ekki í hópinn fyrir HM í Túnis og á svipuðum tíma lýsti þáverandi félag hans, Grosswallstadt, því yfir að það ætlaði ekki að framlengja samninginn við hann. Í stað þess að leggjast niður og grenja blés Snorri í herlúðra við mótlætið. Hann tók sig saman í andlitinu, bætti leik sinn mikið og svo vel lék hann síðari hluta tímabilsins í fyrra að hann var valinn í úrvalslið þýsku úrvalsdeildarinnar sem er besta handboltadeild í heimi. Hann neitar því ekki að þetta hafi verið erfiður tími og að honum hafi sárnað.

„Það lenda allir í mótlæti á handboltaferlinum. Það kom snemma fyrir mig og í mínum huga kom aldrei annað til greina en að taka á vandanum og sýna að ég væri ekkert orðinn lélegur handboltamaður á örskömmum tíma. Ég var búinn að vera undir miklu álagi í langan tíma og það kom smá leiði yfir mig og ég náði ekki að peppa mig upp eins og áður. Auðvitað var sárt þegar ég var ekki valinn í landsliðið. Ég hef mikinn metnað sem handboltamaður og að komast ekki í landsliðið var vissulega sárt. Eftir á að hyggja gerði þetta mér gott og ég met það meira þegar vel gengur. Það hafa allir gott af því að ganga í gegnum mótlæti. Ég er sterkari handboltamaður og karakter fyrir vikið," sagði Snorri Steinn.

### Lærði mikið af Degi Sigurðssyni

Dagur Sigurðsson var lengi aðalleikstjórnandi íslenska liðsins og Snorri fékk að fylgjast með honum að störfum á síðustu mótum og segir það hafa hjálpað sér en hann ber Degi afar vel söguna.

„Það var frábært að spila með Degi. Hann er einn besti karakter og leikmaður sem ég hef spilað með. Það er hægt að læra mjög mikið af honum og þá bæði sem handboltamanni og einstaklingi því hann er ótrúlegur karakter og var frábær fyrirliði." Dagur er staddur í Sursee og hann fagnaði innilega inn í klefa með strákunum eftir leikinn við Dani. Íslenska liðið er í vænlegri stöðu á mótinu og það er mikill bónus fyrir liðið að geta hvílt þá sem þeir vilja í leiknum gegn Ungverjum í dag og er það vel þegið enda mótið mikil törn.

„Möguleikinn á að gera góða hluti er fyrir hendi og þetta vildum við. Það er mikill plús að geta hvílt og ég finn það sjálfur eftir fyrstu tvo leikina að lappirnar eru ekki eins léttar og þær voru fyrir mótið. Við verðum að nýta þennan plús. Hópurinn er mjög metnaðarfullur og það verður mikil barátta í milliriðlinum. Við eigum að geta unnið Portúgal og Noreg en við mætum öðru hvoru þeirra. Svo eru Rússar og Króatar taldir sterkari en við en við eigum samt að geta unnið lið eins og Rússa. Ef við vinnum þá erum við væntanlega í góðum málum," sagði Snorri sem segir leikmenn ekki orðna sadda.

„Við ætlum alla leið. Við erum ekkert að fara í milliriðil og stefna síðan á fimmta til sjötta sætið. Það er fáránlegt. Okkur leið ótrúlega vel eftir Serbaleikinn og við viljum upplifa þá tilfinninguna aftur. Við erum með þrjú stig en hvað er það? Við höfum ekki unnið neitt ennþá og þegar við segjum að möguleikinn sé fyrir hendi þá erum við ekki að tala um fimmta sætið. Við eigum möguleika á að komast í undanúrslit og þangað stefnum við."

### Hef mikla trú á sjálfum mér

Frammistaða Snorra á mótinu hefur vakið athygli víða og handboltaspekingar eru flestir sammála um að hann sé orðinn handboltamaður á heimsmælikvarða og einn besti miðjumaður í heimi. Ætli Snorri sé sammála þeim röddum?

„Ég fer aldrei í leik og hugsa að andstæðingurinn sé betri en ég. Ég veit ekki hvort ég er hrokafullur en ég tel mig vera með betri miðjumönnum heimsins í dag og ef einhver kallar mig hrokafullan fyrir að halda því fram þá er mér alveg sama. Ef menn hafa ekki trú á því að þeir séu bestir og betri en andstæðingurinn þá spila menn ekki vel. Ég er alinn upp við að hafa trú á sjálfum mér. Ég fer í hvern einasta leik með það hugarfar að ég sé betri en andstæðingurinn," sagði Snorri Steinn Guðjónsson. ■



**GJÖRÐU SVO VEL, MAMMA** Snorri Steinn hefur verið valinn besti leikmaður vallarins í báðum leikjum Íslands það sem af er EM. Hér sést hann færa móður sinni, Karen Christensen, viðurkenninguna sem hann fékk fyrir að leika best allra gegn Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI




Fiton/SÍA

## VISIR.IS - ÞAR SEM ALLT ER

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. **ALLT** geymir upplýsingar um **ALLT** milli himins og jarðar, iðnaðarmenn, þjónustufyrirtæki, umboð, verslanir og **ALLT** hitt sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**



visir

**ALLT ER NÝ VÖRU- & ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS**

allt

Hinn sænski Mats Olsson:

## Sakna þess ekki að spila

**HANDBOLTI** Fyrrverandi markvörður sænska landsliðsins og góðkunningi íslenskra handboltaáhugamanna, Mats Olsson, kveðst ekki sakna þess að standa á milli stanganna á stórmóti og líkar betur á hliðarlínunni. Olsson þjálfar lið Portúgala á EM í Sviss og hefur vakið athygli fyrir að lifa sig inn í leikina, en Olsson er einhver eftirminnilegasti markvörður í sögu handboltans.

„Stundum geng ég kannski aðeins of langt í látunum en það er bara vegna þess að ég lifi mig svo inn í leikina. Samt hef ég lítinn áhuga á að vera inni á vellinum,“ segir Olsson, sem telur handboltann vera á miklu breytingarskeiði.

„Boltinn verður hraðari og hraðari með hverjum deginum. Leikurinn snýst orðið mikið um einstaklingsframtak í stað þess að lið beiti leikfléttum. Sóknirnar eru miklu styttri og ég held að almennt séu handboltamenn í mun betra formi en þeir voru fyrir nokkrum árum síðan,“ segir Olsson, en Portúgalar hafa tapað báðum leikjum sínum það sem af er móti, gegn Króötum og Rússum.

- vig

# Dýrmæt hvíld fyrir lykilmenn

**Ísland mætir Ungverjalandi á EM í dag í leik sem skiptir ekki nokkru máli þar sem Ísland er komið áfram með þrjú stig en Ungverjar eygja enga von um að komast áfram. Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari, getur því leyft sér að hvíla þá leikmenn sem hafa varla fengið að pústa út það sem af er móti.**

**HANDBOLTI** Leikurinn sem margir spáðu að yrði úrslitaleikur fyrir Ísland í riðlinum er tilgangslaus með öllu þar sem útkoma hans hefur nákvæmlega engin áhrif á framhaldið. Engu að síður er ómetanlegt að fá slíkan leik á þessum tíma því með honum gefst tækifæri til að hvíla lykilmenn sem enga hvíld hafa fengið og stóri bónusinn er að Ólafur Stefánsson fær aukadaga til að jafna sig af meiðslum sínum.

Má því fastlega búast við því að Guðjón Valur Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Alexander Petersson spili lítið, ef nokkuð, en þeir hafa varla pústað út í fyrstu tveim leikjunum. Það var ljóst að mikið álag yrði á þessum leikmönnum, sem og Ólafi, og þessi aukahvíld í svona erfiðu móti er hreint ómetanleg og gæti reynst gulls ígildi þegar upp er staðið.

Leikurinn mun líka hjálpa þeim sem minna hafa spilað við að komast í leikform og liðið græðir á því að fleiri menn séu á tánum.

Á venjulegum degi á Ísland að leggja Ungverja að velli. Ísland er einfaldlega miklu betra lið. Ungverjar státa af góðum markverði, Fazekas, og stórskyttunni Laszlo Nagy, leikmanni Barcelona. Þeir eru einu mennirnir í háum gæðaflokki. Hornamennirnir eru ágætir en miðjumaðurinn og vinstri skyttan eru slakir leikmenn og svo er línumaður liðsins í leikbanni. Lykillinn er því að stöðva Nagy en hann hefur þann galla að gefast upp ef harkalega er tekið á honum. Þetta er súkkulaðisætur strákur með vel gelað hár sem kann því illa að andstæðingurinn sé að rugla í greiðslunni. Serbarnir tóku hann fljótt úr sambandi og fyrir vikið var eftirleikurinn nokkuð auðveldur. Í þýðingarlausum leik má ekki búast við því að hann gefi 100 prósent enda hefur hann einnig orð á sér fyrir að vera latur.

Verður gaman að sjá hvernig íslenska „varaliðinu“ gengur að glíma við þetta lið en leikmenn eins og Sigurður Eggertsson, Vignir Svavarsson og Heimir Örn Árnason áttu ágæta innkomu gegn Dönum og vonandi verður framhald á þeirri frammistöðu í dag.




**LASZLO NAGY** Aðalmaðurinn í liði Ungverja og leikmaður spænska stórliðsins Barcelona. Lykillinn að því að stöðva Nagy er að taka harkalega á honum. NORDICPHOTOS/AFP



EM Í HANDBOLTA

**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Sursee í Sviss.*
henry@frettabladid.is

Ulrich Wilbek, þjálfari danska landsliðsins:

## Get ekki verið annað en sáttur með annað stigið

**HANDBOLTI** Danskir fjölmiðlar hrósa landsliði sínu í hástert fyrir að hafa náð sér á strik aftur eftir slæma byrjun í leiknum gegn Íslandi á EM í Sviss á föstudagskvöldið en bölva því jafnframt að liðið hafi misst niður tveggja marka forystu á síðustu mínútum leiksins.

Ekstrabladet, útbreiddasta dagblað Danmerkur, segir að liðið hafi leikið skelfilega í upphafi leiksins en að það hafi skánað mjög mikið eftir því sem á leið þó svo að liðið hafi aldrei náð að sýna sínar bestu hliðar. Staðarblaðið Jyllandsposten segir það skarð fyrir skildi að hornamaðurinn Lars Christianssen hafi ekki náð sér á strik í leiknum og að sóknarleikurinn hafi verið stirðbusalegur lengst af, einkum vegna góðrar varnar íslenska liðsins.

Ulrich Wilbek, þjálfari danska liðsins, sagði við fjölmiðla eftir leikinn að íslenska liðið hefði með frammistöðu sinni sannað að það sé samkeppnishæft við hvaða lið sem er, jafnvel þó að Ólafur Stefánsson sé fjarverandi. „Ég lít svo á að við höfum unnið stig frekar en að hafa tapað stigi. Við vorum í eltingaleik lengst af og hefðum getað tapað þessu í lokin svo ég get ekki annað en verið sáttur með að hljóta annað stigið. Við vorum flatir í sóknarleiknum og leikstjórnandi þeirra fékk að leika lausum hala í sókninni,“ sagði Wilbek og átti þar við Snorra Stein Guðjónsson sem vissulega átti frábæran leik gegn Dönum.

- vig



**GRANNASLAGUR** Taugarnar voru þandar til hins ítrasta í leik Danmerkur og Íslands í fyrradag. NORDICPHOTOS/AFP





**ÁFRAM PABBI!** Guðjón Valur Sigurðsson, hornamaður íslenska landsliðsins í handbolta, á sér marga stuðningsmenn og þeir allra ötulustu og dyggustu eru dætur hans tvær, Dagbjört Ína og Jóna Margrét. Þær sjást hér fylgjast með leiknum gegn Danmörku í gær ásamt móður sinni, Guðbjörgu Þóru Þorsteinsdóttur. Fyrir aftan íslenska fánann, sem Dagbjört Ína heldur á, glittir síðan í foreldra Guðjóns Vals svo það má með sanni segja að það sé fjölskyldustemning á pöllunum í Sursee. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

NAVISION SMALL BUSINESS
Fjárfesting til framtíðar




Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- **Fjárhagsgrunnur**
- **Fjárhagsbókhald**
- **Viðskiptamenn**
- **Sölureikningar**
- **Lánardrottnar**
- **Birgðir**

Verð frá kr. 130.900*

**Hringdu núna í síma 545-3200**

**10** *góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja* **NAVISION SMALL BUSINESS**

- ✔ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✔ Einföld uppsetning
- ✔ Íslenskar handbækur
- ✔ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✔ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✔ Tenging við aðrar lausnir
- ✔ Fjöldi viðbótarlausna
- ✔ Microsoft samhæft
- ✔ Aðgangur að þjónustuborði
- ✔ Fjöldi námskeiða í boði

| Dæmi um viðbótarlausnir | Verð |
|---|---|
| - Hver aukanotandi | 64.000.- |
| - Launakerfi | 40.000.- |
| - Innheimtukerfi | 40.000.- |
| - Verkbókhald | 40.000.- |

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

www.maritech.is



**HART BARIST** Joe Cole og Mikel Arteta í skallaeinvígi í leik Chelsea og Everton í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Enska bikarkeppnin í gær:

# Lampard bjargaði Chelsea gegn Everton

**FÓTBOLTI** Frank Lampard hélt Chelsea inni í ensku bikarkeppninni í gær þegar liðið gerði jafntefli við Everton. James McFadden kom Everton yfir en Lampard jafnaði metin í síðari hálfleik og þar við sat en liðin þurfa að mætast á nýjan leik á Stamford Bridge.

Til stóð að Eiður Smári Guðjohnsen yrði í byrjunarliði Chelsea en hann dró sig úr hópnum á síðustu stundu vegna veikinda og Joe Cole tók stöðu hans í byrjunarliðinu.

„Þetta endurspeglar lánleysi okkar að undanförnu og það er mjög svekkjandi að ná ekki að komast áfram eftir frammistöðu okkar í dag. Mér fannst við eiga skilið að komast áfram en við erum staðráðnir í að klára verkefnið,“ sagði Leon Osman leikmaður Everton eftir leikinn.

Graeme Souness er enn valtur í sessi í stjórastöðunni hjá Newcastle en liðið var heppið að fara með sigur af hólmi gegn neðrideildarliðinu Cheltenham í gær og stóðu uppi sem 2-0 sigurvegarar að lokum. „Þetta er okkar eini möguleiki á titli, við vinnum aldrei úrvalsdeildina úr þessu. Cheltenham var sinni deild til sóma og lék mjög vel, við gátum aldrei leyft okkur að slaka á. Við erum bara fegnir að vera komnir áfram,“ sagði Souness eftir leikinn og var þungu fargi af honum létt.

„Við erum stoltir af framgöngu okkar, við spiluðum vel og sýndum fólki hvað býr í Cheltenham liðinu. Leikmennirnir geta verið mjög stoltir af framgöngu sinni í leiknum. Við getum notað þetta sem stökkpall í framhaldið á tímabilinu, við getum ekki gert neitt annað,“ sagði John Ward stjóri Cheltenham eftir leikinn, stoltur af sínum mönnum.

Brynjar Björn Gunnarsson tók sæti Ívars Ingimarssonar í hjarta Reading varnarinnar en liðið gerði 1-1 jafntefli gegn úrvalsdeildarliði Birmingham og þurfa liðin því að mætast öðru sinni.

Lánlausir leikmenn Arsenal:

# Bikarmeistararnir slegnir út af laginu

**FÓTBOLTI** Bolton var stálheppið að stela sigrinum af Arsenal í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu því mark frá Stelios Giannakopoulos var nóg til að slá bikarmeistarana úr keppni. Lærisveinar Arsene Wenger geta sjálfum sér um kennt því þeir fengu urmul marktækifæra og hefðu vel getað klárað leikinn en vösk framganga Jussi Jaaskelainen sá til þess að markalaust var þangað til á lokamínútunum þegar Stelios stangaði fyrirgjöf Ricardo Gardner í netið.

Bolton hefur hreðjatak á Arsenal á Reebokvellinum en þangað hafa Skytturnar ekki sótt gull í greipar í háa herrans tíð og engin breyting varð á því að þessu sinni.

**- hþh**


FRAMKVÆMDASVIÐ



# Hingað og ekki lengra!

**Trjágróður er til prýði og ánægju fyrir eigendur og vegfarendur.**

Þegar trjágróður er hins vegar farinn að hindra umferð okkar á gangstéttum, götum og stígum er hann ekki til ánægju og getur jafnvel valdið hættu ef hann hylur umferðarmerki – sem er því miður of algengt í Reykjavík.

Þetta þurfum við að bæta í sameiningu. Ákvæði í byggingarreglugerð Reykjavíkurborgar nr. 441/1998 skylda íbúa til að gæta að þessum þáttum. Ef því er ekki sinnt innan ákveðinna tímamarka og áminningu ekki sinnt, geta borgaryfirvöld látið fjarlægja þennan gróður, á kostnað lóðareigenda.

Gerum fallega borg enn fallegri, snyrtum trén okkar. Nú er rétti tíminn.

Snyrtingu gróðurs þarf að ljúka fyrir marslok.

## Áskorun

Lóðareigendur og umráðamenn eru hvattir til að snyrta gróður á lóðum sínum sem liggja að götum, gangstéttum og stígum svo hann hindri ekki umferð utan lóðarmarka. (Samkvæmt ákvæðum greina 68.4 og 68.5 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.)

kaktus FRA 0106-07

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs



# LAGERSALAN

--HELDUR ÁFRAM - HÖFUM BÆTT VIÐ FULLT AF NÝJUM FATNAÐI OG SKÓM

Í DAG ER PRÚTT DAGUR !!

FULLT AF FLOTTUM VÖRUM Á:

1500 - 1000 - 500 kr.

OUTLET 10

FAXAFENI 10

opið í dag
13 - 17

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We'll probably head over there right after we bury your mom.“**

**Svar:** Mark í kvikmyndinni Garden State árið 2004.

# dagskrá

## Í TÆKINU KIEFER SUTHERLAND LEIKUR Í TWENTY FOUR Á STÖÐ 2 KLUKKAN 21.20

# *Var trúlofaður Juliu Roberts*



Kiefer William Frederick Dempsey George Rufus Sutherland fæddist 21. desember árið 1966. Hann er fæddur í London á Englandi en er kanadískur og ólst upp í heimalandi sínu. Foreldrar hans eru kvikmyndaleikarinn Donald Sutherland og sviðsleikkonan Shirley Douglas. Keifer á tvíburasystur sem heitir Rachel og starfar við kvikmyndaframleiðslu.
Foreldrar Kiefer skildu þegar hann var fjögurra ára og í æsku eyddi hann miklum tíma í leikhúsum með móður sinni og í kvikmyndaupptökum með föður sínum. Hann var kominn með leiklistarbakteríuna fimmtán ára gamall og fór að leika í ýmsum ungmennaleikhúsum í Toronto. Árið 1984 lék Kiefer í fyrstu kvikmyndinni og fékk verðlaun fyrir frammistöðu sína.
Stuttu eftir það flutti Kiefer til Los Angeles þar sem hann lék í ýmsum þekktum myndum. Hann giftist leikkonunni Cameliu Kath árið 1988 og eignaðist með henni eina dóttur en skildi við hana tveimur árum síðar.
Kiefer lék á móti Juliu Roberts árið 1990 og trúlofaðist henni í framhaldinu. Þau ætluðu að gifta sig sumarið 1991 en Keifer hætti við brúðkaupið þremur dögum áður.
Tíunda áratuginum eyddi Kiefer að miklu leyti á búgarðinum sínum í útreiðar sem eru hans helsta áhugamál.
Í dag er Kiefer þekktastur fyrir að leika persónuna Jack Bauer í sjónvarpsþáttunum 24. Þættirnir hafa verið gríðarlega vinsælir og nú er byrjuð fimmta sería þessara þátta.

**Þrjár bestu myndir Kiefers:** **Phone Booth** – 2002 **To End All Wars** – 2001 **A Time to Kill** – 1996



20.10 *Spenna*

ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR



20.00 *Spjall*

SJÁLFSTÆTT FÓLK



20.00 *Gaman*

AMERICAN DAD



21.50 *Spenna*

DA VINCI'S INQUEST



17.55 *Fótbolti*

PORTSMOUTH – LIVERPOOL

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut **8.26** Brummi **8.41** Hopp og hí Sessamí **9.05** Disneystundin **9.06** Stjáni **9.28** Sígildar teiknimyndir **9.35** Líló og Stitch **9.58** Matti morgunn **10.15** Tíminn líður hratt – Hvað veistu um Söngvakeppnina? **10.45** Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006 (2:3) **11.35** Spaugstofan

**12.05** Söngvakeppni Sjónvarpsins – Úrslit **12.20** Nærmynd – Baltasar Kormákur **12.50** Japan – Minningar um leyndarríki **13.45** EM í handbolta **15.00** Alþjóðamót Ægis í sundi **16.30** EM-stofan **16.55** EM í handbolta **17.35** Táknmálsfréttir **17.45** EM í handbolta

**18.30 Stundin okkar**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Allir litir hafsins eru kaldir (3:3)** Íslenskur sakamálaflokkur. Lögfræðingurinn Ari er skipaður verjandi fíkils sem er grunaður um morð. Hann kynnist systur hins grunaða sem er sannfærð um sakleysi bróður síns og saman reyna þau að komast að sannleika málsins.
**21.00 Karl II (4:4)** (Charles II: The Power & the Passion) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.55 Helgarsportið**
**22.20 EM í handbolta** Sýndur verður leikur Dana og Serba/Svartfellinga.

**23.40** EM í handbolta **1.00** Kastljós **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.25** Töfravagninn **7.50** Addi Paddi **7.55** Oobi **8.05** Véla Villi **8.15** Doddi litli **8.25** Kalli og Lóla **8.40** Ginger segir frá **9.05** Nornafélagið **9.30** Yu Go Oh 2 **9.55** Hjólagengið **10.20** Sabrina **10.45** Nýja vonda nornin **11.10** Hestaklúbburinn **11.35** Home Improvement 3

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **13.55** Neighbours **14.15** Neighbours **14.35** Neighbours **14.55** Neighbours **15.15** Neighbours **15.40** Það var lagið **16.40** Grumpy Old Women (3:4) **17.10** You Are What You Eat (14:17) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10 Kompás**
**20.00 Sjálfstætt fólk**
**20.35 The Closer (9:13)** Bönnuð börnum.
**21.20 Twenty Four (1:24)** Loksins er komið að framhaldinu af hinum geysivinsælu spennuþáttum 24. Þessi fimmta þáttaröð hóf göngu sína fyrr í janúarmánuði í Bandaríkjunum og gæti því vart verið nýrri og ferskari. Bönnuð börnum.
**22.05 Rome (2:12)** (Rómarveldi)(How Titus Pullo Brought Down the Republic) Eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í fyrir sjónvarp. Risavaxin og sérlega metnaðarfull þáttaröð sem jöfnum höndum hefur verið lýst sem Dallas á tímum Rómarveldis og Sopranos á tímum Rómarveldis. Stranglega bönnuð börnum.

**23.00** Idol – Stjörnuleit **0.30** Idol – Stjörnuleit **0.55** Over There **1.40** Crossing Jordan **2.25** Touch of Frost: Mistaken Identity **3.40** Touch of Frost: Mistaken Identity **4.55** Twenty Four **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**15.45** Fashion Television (2:34) **16.10** Laguna Beach (6:17) **16.35** Girls Next Door (14:15) **17.00** Summerland (9:13) **17.40** HEX (17:19)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Friends 6 (13:24) (e)**
**19.30 Friends 6 (14:24) (e)**
**20.00 American Dad (9:13)** (Smith In The Hand)
**20.30 The War at Home (3:22)**
**21.00 My Name is Earl (3:24)** (Randy's Touchdown) Þegar Earl og Randy voru í framhaldsskóla tókst Earl að eyðileggja eina möguleika Randy á að skora snertimark fyrir skólaliðið. Nú verður Earl að bæta þetta upp fyrir bróður sinn.
**21.30 Invasion (3:22)** (Watershed) Russell og Mariel verða fyrir áfalli en það versnar bara enn meira þegar Mariel ætlar að hjálpa til. Meðan á fellibylnum stóð og eftir hann hafa verið dularfullar ferðir hermanna í bænum og Larkin reynir að komast að því hvers vegna það sé.

**22.15 Reunion (2:13)** (1987)Spennuþættir.
**23.00** Smallville (7:22) **23.45** Party at the Palms (9:12) **0.10** Splash TV 2006

### SKJÁREINN

**10.15** Fasteignasjónvarpið (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Borgin mín (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Family Affair (e) **15.30** House (e) **16.15** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

**19.00 Top Gear**
**19.50 Less than Perfect** Claude ákveður að halda kokteilpartí til að halda upp á tveggja ára dvöl sína í New York. Gamanið fer að kárna þegar Will mætir á svæðið og stelur senunni.
**20.15 Yes, Dear**
**20.35 According to Jim** Cheryl ræður barnfóstru sem Jim er illa við. Til þess að njósna um barnfóstruna kaupir Jim upptökuvél. Þegar Cheryl kemst að uppátæki Jims kaupir hún sína eigin vél til þess að njósna um hann.
**21.00 Boston Legal**
**21.50 Da Vinci's Inquest**
**22.40 A Fish Called Wanda** Óskarsverðlaunagrínmynd eftir John Cleese úr Monty Python, sem skartar þeim Kevin Kline, Jamie Lee Curtis og Michael Palin í aðalhlutverkum, auk Cleese sjálfs.

**0.25** Threshold (e) **1.15** Sex and the City (e) **2.45** Cheers – 9. þáttaröð (e) **3.10** Fasteignasjónvarpið (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**08.30** US PGA 2005 – This Is the PGA Tour **09.25**Box – Arturo Gatti vs. Thomas Damgaar **10.55**A1 Grand Prix Series 2005/20 ( 16:24). Bein útsending.

**14.00** Ítalski boltinn beint **15.55** FA Cup – Wolves – Man. Utd. Bein útsending. **17.55** FA Cup – Portsmouth – Liverpool. Bein útsending.

**20.00** US PGA Tour 2006. Bein útsending.

**23.30** Spænski boltinn

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Live From Bagdad **10.00** On the Line **12.00** Star Wars Episode II: The Att **14.20** A Walk to Remember **16.00** Live From Bagdad **18.00** On the Line **20.00 Star Wars Episode II: The Att** (Stjörnustríð: Árás klónann) **22.20 Master and Commander: The Far Side of the World** (Sjóliðsforingi á hjara veraldar) Bönnuð börnum. **0.35** Eight Legged Freaks (Bönnuð börnum) **2.15** Payback Time (Bönnuð börnum) **3.55** Master and Commander: The Far Side of the World (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** It's Good To Be **12.30** Celebrity Soup **13.00** 50 Cutest Child Stars **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** Celebrity Soup **19.30** Heartthrobs & Heartbreakers... **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** Divas Gone Bad **21.30** Celebrity Soup **22.00** Live from the Red Carpet **1.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **2.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**15.00** Middlesbrough – Wigan frá 21.01
**17.00** W.B.A. – Sunderland frá 21.01
**19.00 Everton – Arsenal frá 21.01** Leikur sem fram fór síðastliðinn laugardag.
**21.00 Dagskrárlok**


## KIA Picanto

1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000



**KIA Picanto,** lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

**11.289 kr. á mánuði***

## KIA Rio

1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000



**KIA Rio,** glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

**15.582 kr. á mánuði***

## KIA Cerato

2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000



**KIA Cerato,** rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftpúðar, akstursölva, álfelgur o.fl.

**17.067 kr. á mánuði***

*miðað við SP-bílasamning til 84 mán. og 30% innborgun

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Twenty Four** **Stöð 2** kl. 21.20

### *24 snýr aftur*



*Íslandsvinurinn Kiefer Sutherland ennþá í fullu fjöri*

Loksins er komið að framhaldinu af hinum geysivinsælu spennuþáttum 24. Þessi fimmta þáttaröð hóf göngu sína fyrr í janúarmánuði í Bandaríkjunum og gæti því vart verið nýrri og ferskari. Leyniþjónustumaðurinn Jack Bauer er sem fyrr leikinn af Íslandsvininum Kiefer Sutherland en í þessum fyrsta þætti neyðist hann til að koma úr felum þegar þjóðaröryggi- inu er enn og aftur ógnað. Fyrir utan David Palmer, Tony Almeida, Michelle Dessler and Chloe O'Brian trúa allir því að Jack Bauer sé dauður. Hann er þó sprelllifandi, heitir Frank Flynn og býr fyrir utan L.A. ásamt Diane Huxley og syni hennar, Derek. David Palmer heimsækir bróðir sinn, Wayne, en er drepinn af leigumorðingjum á leiðinni. CTU reynir að safna saman upplýsingum um bílsprengjuna sem drap Michelle á meðan Chloe er elt af óþekktri manneskju en sem hún kemst undan en setur sig í samband við Jack eftir eftirförina.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Margrætt e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

**12.10** Silfur Egils **13.40** Sögur af Megasi e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur af Megasi e. **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

**0.00** Messufall e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Tímans nýu bendíngar **11.00** Guðsþjónusta í Seltjarnaneskirkju

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Börn eru besta fólk **13.45** Fiðla Mozarts **14.15** Söngvamál **14.55** Kvæðamaður **16.00** Fréttir **16.10** Endurómur úr Evrópu

**18.26** Seiður og hél **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Þjóðbrók **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Slæðingur **22.30** Grúsk **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland **17.00** Handboltarásin

**18.00** Kvöldfréttir **18.40** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.25** Meinhornið

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **19.10** *Fréttir*

KOMPÁS

## NFS

**10.00** Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Fréttaljós

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir**
▶ **19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið um víðan völl og ekkert er þættinum óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS: Sigmundur Ernir Rúnarsson, Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**20.00** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**22.35** **Veðurfréttir og íþróttir**

**23.05** Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin í h

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.45** Ski Jumping: World Cup Zakopane **14.30** Bobsleigh: World Cup Altenberg **15.30** Athletics: IAAF Indoor Meeting Karlsruhe **17.00** Football: African Cup of Nations Egypt **19.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** Bowls: World Indoor Championships Norfolk **21.30** Olympic Games: Mission to Torino **22.00** Football: African Cup of Nations Egypt **23.00** News: Eurosportnews report **23.15** Football: African Cup of Nations Egypt **0.15** News: Eurosportnews report

**BBC PRIME**

**12.00** Secrets of Lost Empires **13.00** Classic EastEnders **13.30** Classic EastEnders **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** EastEnders Omnibus **15.30** EastEnders Omnibus **16.00** Cavegirl **16.30** Cavegirl **17.00** Born to Be Wild **18.00** Popcorn **19.00** Rick Stein's Food Heroes **19.30** Changing Rooms **20.00** A Place in France **21.00** Alien Empire **21.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.00** SAS Desert – Are You Tough Enough? **23.00** Spooks **0.00** Around the World in 80 Treasures **1.00** Battlefield Britain **2.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Hurricane Floyd **13.00** Megastructures **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** Hostile Waters **17.00** Submarine Disasters **18.00** Hunter Hunted **19.00** Maneater – Killer Tigers of India **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Most Amazing Moments **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Seconds from Disaster

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Austin Stevens **13.00** NYPD Animal Squad **14.00** Maneaters **14.30** Predator's Prey **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Animals A-Z **16.30** Vets in the Wild **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Lions **19.00** Life of Mammals **20.00** Animal Cops Houston **21.00** Animal Precinct **22.00** Venom ER **23.00** NYPD Animal Squad **0.00** Life of Mammals **1.00** Lions **2.00** Venom ER

**DISCOVERY**

**12.00** Ultimates **13.00** Birth of a Sports Car **14.00** Mythbusters **15.00** Brainiac **16.00** Firehouse USA **17.00** Ten Ways **18.00** American Hotrod **19.00** American Chopper **20.00** Mythbusters **21.00** Deadliest Season in the World **22.00** Deadliest Season in the World **23.00** Building the Winter Games **0.00** A Haunting **1.00** Zero Hour **2.00** Mythbusters

**VH1**

**12.00** VH1 Weekly Album Chart **13.00** Fabulous Life of **14.00** Cribs **14.30** Cribs **15.00** Fabulous Life of **15.30** Cribs **16.00** Fabulous Life of **17.00** Hip Hop Honours 2005 **19.00** Top 20 **21.00** Top 20 **23.00** VH1 Weekly Album Chart **0.00** VH1 Hits





**Fáðu sent lykilorð svo að þú getir nýtt þér vottun VISA (Verified by VISA)**

Ef þú verslar á Netinu getur þú búist við að verða beðin/n um lykilorð til að staðfesta að þú sért réttur eigandi að VISA-korti þínu. Notkun á vottun VISA er einföld og ókeypis. VISA veitir þjónustuna til að auka öryggi í verslun á Netinu. Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um vottun VISA á heimasíðunni **http://www.visa.is** og þú færð lykilorðið sent heim.

VISA

Öryggi og þægindi!

**VISA Ísland** - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 Fax 525 2020 visa@visa.is www.visa.is



## HRÓSIÐ

*...fær færeyska söngkonan Eyvör Pálsdóttir fyrir að sópa að sér dönskum tónlistarverðlaunum. Hún er tilnefnd til 6 verðlauna fyrir plötuna Eyvör.*

## HIN HLIÐIN ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON UMSJÓNARMAÐUR GAME TÍVÍ

# *Palli sveppur stenst tímans tönn*




**Hvað er að frétta?** Allt í toppmálum, nýr þáttur á nýrri stöð.

**Augnlitur?** Blár.

**Starf?** Sjónvarpsmaður.

**Fjölskylduhagir?** Ég er með konu og fjögur börn.

**Hvaðan ertu?** Ég er einkennileg blanda sem á ættir að rekja til Hafnarfjarðar og Akraness.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei, það get ég ekki sagt. Svartir kettir og stigar eru í topplagi mín vegna.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** Maður verður að segja bara Game Tíví.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur?** Helvítis morgunþátturinn.

**Uppáhaldsmatur?** Maður er í heilsuátaki þannig að maður verður að segja eitthvað með miklu salati.

**Fallegasti staður?** Við sumarbústað fjölskyldunnar í Grímsnesinu.

**Hvað er skemmtilegast?** Að liggja í leti og spila tölvuleiki.

**Hvað er leiðinlegast?** Flugvellir.

**Helsti veikleiki?** Skipulagsleysi.

**Helsti kostur?** Kann að njóta lífsins.

**Helsta afrek?** Að standa að því að koma drengnum mínum í heiminn.

**Mestu vonbrigði?** Ég dvel svo stutt við vonbrigði að ég á eiginlega erfitt með að festa mig niður á nokkuð sérstakt.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Pétur Jóhann.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óstundvísi.

**Uppáhaldskvikmynd?** Nýtt líf, það er gaman að henni.

**Uppáhaldsbók?** Það er bók sem ég las ungur og ég hef lesið aftur fyrir strákana, Palli sveppur eða Páll Vilhjálmsson. Hún stenst tímans tönn.

**Hvað er mikilvægast?** Að vera í góðri stemningu og halda góðri heilsu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hin stórskemmtilega vefsíða Reynis Traustasonar, www.mannlif.is, hefur vakið mikla athygli og nýtur nokkurra vinsælda. Þar reifar ritstjórinn nokkrar samsæriskenningar og sögusagnir. Það er þó gott að Reynir skuli líka sjá að sér og skemmtilega færslu má finna á heimasíðunni þegar hann greinir frá sögusögn sem flaug ansi hratt um Reykjavík. Kolbrún Bergþórsdóttir sást nefnilega með Jóni Baldvini Hannibalssyni á Borginni og sagt var að líklega væru þau að ræða framhald bókarinnar Tilhugalíf sem sló svo eftirminnilega í gegn fyrir nokkrum árum. Þar skráði Kolbrún niður litríka ævi stjórnmálamannsins. Reynir virtist hafa gleymt að Kolbrún er einnig blaðamaður á Blaðinu því skömmu seinna er þetta leiðrétt. Á forsíðu dagblaðsins er nefnilega Bryndís Schram, eiginkona Jóns Baldvins. -fgg



Tímaritið GQ birtir í febrúarhefti sínu lista yfir 200 alþjóðlega áhrifamenn sem blaðið telur hafa mesta vigt í Bretlandi. GQ birtir listann árlega og það vekur athygli að Jón Ásgeir Jóhannesson kemur nú nýr inn á listann og haslar sér völl í sæti númer 166. Hann er þar með kominn upp fyrir knattspyrnukappann Thierry Henry sem verður að láta sér lynda 172. sæti. GQ segir Jón ásgeir vera forstjóra Baugs og eiganda stórra tískuverslanakeðja í Bretlandi. Langt fyrir ofan Jón Ásgeir á listanum eru svo ekki ómerkari menn en David Beckham í því fjórtánda og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, trónir svo á toppnum þótt hann standi Beckham langt að baki í sparkfimi og geti vart talist jafnoki Jóns Ásgeirs þegar kemur að stjórnsýslu.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

KÁRI OG VALA: GÆTA SYSTKINA SINNA Í KOSNINGABARÁTTUNNI

# Ekki hrædd við að axla ábyrgð

Sveitastjórnarkosningarnar eru í vor og stjórnmálaflokkar eru í óða önn að raða frambjóðendum niður á lista sína. Prófkjör eru að verða órjúfanlegur hluti af starfi stjórnmálaflokkanna og frambjóðendur þeysast um borg og bý við að kynna málefni sín fyrir kjósendum. Margir þeirra hafa fengið til liðs við sig kosningastjóra til að stýra baráttunni á bak við tjöldin.

Frambjóðendurnir Dagur B. Eggertsson og Oddný Sturludóttir leituðu ekki langt yfir skammt heldur fengu systkini sín til liðs við sig, þau Kára Sturluson og Valgerði B. Eggersdóttur. Kári hefur verið öflugur við að flytja stórstjörnur úr tónlistarlífinu til landsins og sá meðal annars um Duran Duran tónleikana sem voru meðal fjölsóttustu tónleika síðasta sumars. Valgerður hefur á hinn boginn verið öflug í stjórnmálalífi Háskóla Íslands en er nú skiptinemi í Lundi þar sem hún dvelur ásamt kærasta sínum, Grétari Halldóri Gunnarssyni, við nám í lögfræði.

Þau voru bæði á fullu þegar Fréttablaðið náði í skottið á þeim en gáfu sér tíma fyrir spjall. Valgerður segir að hún sé ein af þeim fyrstu sem Dagur bróðir hennar leiti til. „Það er mjög þægilegt að vinna með einhverjum sem þekkir mann alveg,“ segir hún og hafa þau systkini verið mjög náin í gegnum tíðina. „Hann sinnti mér mjög vel þegar ég var lítil og leyfði mér að slæpast með sér og vinum sínum,“ segir hún en sambandið hafi síðan þroskast frá „stóra bróður og litlu systur“ yfir í jafningjasamband. „Það hefur alltaf farið vel á með okkur og ég minnist þess ekki að við höfum nokkurn tímann rifist,“ útskýrir Vala og bætir jafnframt við að Dagur hafi ætíð borið allar sínar ákvarðanir undir sig.



**KOSNINGASTJÓRARNIR** Þau Vala og Kári stjórna kosningabaráttu systkina sinna af mikilli festu og vilja koma þeim til valda í Ráðhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Kári er ekki þekktur fyrir stjórnmálaafskipti en ástæðuna fyrir aðkomu hans að þessu sinni er mjög einföld. „Hún er systir mín og ég get ekki sagt nei við hana,“ útskýrir hann og hlær en segist jafnframt hafa tröllatrú á henni sem stjórnmálamanni. Kári segir að samband þeirra systkina hafi verið gott í seinni tíð en á árum áður hafi stundum soðið upp úr enda hafi honum þótt gaman að stríða litlu systur. „Ég man eftir því að einu sinni pirraði ég Oddnýju svo mikið að hún henti sjónvarpsfjarstýringunni í andlitið á mér,“ segir Kári og skellir uppúr. Hann segir að þau systkinin hafi aldrei getað setið með hendur í skauti og framkvæmdagleðin verið ríkjandi á heimilinu. „Við höfum aldrei verið hrædd við að axla ábyrgð,“ segir hann.

freyrgigja@frettabladid.is




# Ísland áberandi í Cannes

Tónlistarkaupstefnunni MIDEM í Cannes er nýlokið. Er hún ein sú stærsta innan tónlistargeirans og á að baki fjörutíu ára sögu. Íslenskt tónlistarlíf var fyrirferðarmikið á frönsku ríveríunni því á íslenska sýningarsvæðinu, sem bar hið skemmtilega heiti „Hear Iceland“, voru fimmtán íslensk fyrirtæki og fjögur félagasamtök, alls um 23 fulltrúar.

Hápunktinum var náð þegar hið virta fagtímarit Music Week barst í hús. Þar var að finna fjögurra síðna umfjöllun um íslenskt tónlistarlíf. Hr. Örlygur og Samtónn stóðu að henni og með fylgdi 22 laga diskur með hljómsveitum sem hafa komið fram á Airwaves undanfarin ár. Tímaritinu var dreift á sýningarsvæði Íslendinganna sem og á svæði tímaritsins. Music Week er gefið út í ellefu þúsund eintökum og var flogið með sérstakt upplag á hátíðina. Anna Hildur Hildibrandsdóttir var á hátíðinni, sem lauk á miðvikudag, og sagði að blaðamenn blaðsins hefðu verið á Airwaves undanfarin þrjú ár. „Við höfum reynt að fá fjölmiðla til að koma inn í þetta fyrr til að kynna íslenska tónlist og Airwaves-hátíðina,“ segir Anna Hildur. Var útgáfufyrirtækið One Little Indian einnig með bækling til dreifingar á hátíðinni þannig að íslensk tónlist fékk mikla kynningu.



**HJÁLMAR Á AIRWAVES** Hátíðin fær mikla og góða umfjöllun í hinu virta blaði Music Week auk þess sem ítarlegar greinar eru um hinar og þessar stefnur í íslensku tónlistarlífi.
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Umfjöllunin í Music Week er ekki eingöngu bundin við Airwaves-hátíðina og var meðal annars að finna smá klausu um Nylon-flokkinn sem hingað til hefur ekki þótt passa á hátíðina. „Þetta átti að vera breitt yfirlit yfir það sem er í gangi í íslensku tónlistarlífi,“ útskýrir Anna Hildur. Hún segir viðbrögðin hafa verið góð, nokkrir tölvupóstar hafi borist en umfjöllunin hafi þó verið hugsuð sem langtímakynning sem eigi að nýtast í framtíðinni.

- fgg

OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR




# STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL

## NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma uppáhalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlið í dagskrárvísi vistast hann á 80 GB hörðum diski. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.




### UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökuykilinn með einum smelli - engar spólur, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.




### HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þarftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á “pásu” og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!




### TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

### HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR


VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR


# Glæpur og refsing

Ég hef heyrt að Havaí sé paradís fyrir sjóbrettaáhugafólk og að Ítalía dragi margan túristann í skíðaferðir. Ef þú vilt góða nautasteik þá er upplagt að skella sér til Argentínu og kaffiunnendum er bent á Brasilíu og Kólumbíu. Á Indlandi er víst alveg geggjað að finna innri frið og ef þú ert fantur og fúlmenni þá er greinilega æðislegt að vera á Íslandi.

**ÞAÐ** er auðvitað æðislegt að búa við allan þennan skilning sem dómskerfið myndi sýna mér ef ég einhverntíma skyldi stíga af beinu brautinni. Ég gæti hugsanlega komist upp með allskyns óþverra í mörg ár áður en ég yrði gómaður, og þegar ég næðist, og ef ég næðist, þá er ég nokkuð öruggur um að dómarinn myndi sýna þessu „fyrsta“ broti mínu skilning og gæfi mér séns til að breyta lífi mínu til hins betra, án tillits til þeirra lífa sem ég hefði hugsanlega skaðað til frambúðar á þessu litla flippi mínu.

**MÉR** verður oft flökurt þegar ég les dómana sem upp eru kveðnir yfir glæpamönnum hér á landi og ég efast reglulega um rökin á bakvið þá. Ég las til dæmis í vikunni um dóm yfir manni sem hafði áreitt tíu ára stúlku kynferðislega. Ef ég man þetta rétt þá var tveggja mánaða fangelsisdómur sem hann fékk mildaður niður í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Fréttinni fylgdi að stúlkan hefði hlotið verulegan andlegan skaða af. Foreldrarnir sofa þá væntalega rótt núna, vitandi að gerandinn mun hugsa sinn gang því hugsanlega gæti hann mögulega, samt nokkuð ólíklega, þurft að sæta refsingu fyrir að hafa skaðað litlu dóttur þeirra.

**ÉG** geri mér fulla grein fyrir því hversu gífurlega erfitt verk það er að vera dómari. Ég tek það tilbaka. Ég geri mér ekki fulla grein fyrir því, ég get bara ímyndað mér að það sé rosalega erfitt. Allir hafa sína eigin sýn á atburðarásina og oft eru einu rökin orð gegn orði. En dómarar eru skipaðir til þess að taka afstöðu til sektar eða sakleysis og út frá því að dæma viðeigandi refsingu. VIÐEIGANDI REFSINGU!

**„SKO,** hann gerði þetta nú líklega bölvaður melurinn, það bendir allt til þess. Nema framburður mömmu hans, hún heldur því statt og stöðugt fram að hann mundi aldrei gera svona lagað. Hvað segið þið um að við dæmum hann bara sekan en höfum það skilorðsbundið. Þannig höldum við öllum góðum. Déskoti erum við sleipir, maður, hann Salómon hefði ekki getað leyst þetta betur.“ ■


www.icelandexpress.is




TÍU ÁFANGASTAÐIR




Iceland Express er á fljúgandi ferð og í vor fjölgar áfangastöðunum erlendis í átta. Og sóknin heldur áfram, því í maílok hefjum við beint flug á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Alls verða áfangastaðir Iceland Express þá orðnir tíu og því enn fleiri sem eiga kost á að ferðast milli landa á þægilegan og ódýran máta.

Ferðablað Iceland Express fylgir Fréttablaðinu í dag. Kynntu þér nýja og spennandi áfangastaði Iceland Express og hagkvæmar pakkaferðir Express Ferða.

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*
*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?



TILBOÐ:
15% AFSLÁTTUR
Á HORIZION/3000

Opið í dag frá kl. 13–18!

AEG PAKKINN
– heimilistæki á sérstöku tilboðsverði þegar keypt er HTH-innrétting.

RADIONAUST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu